allt
ÍRIS DÖGG PÉTURSDÓTTIR
*Þægileg, flott og litrík föt*
• tíska • heimili
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



CLINT EASTWOOD
*Verkalýðsforingi ráðleggur staðgenglum að draga sig út úr Eastwood-myndinni*
FÓLK 46 ▶






FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

4. ágúst 2005 - 207. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## FIMMTUDAGUR

### Með náttúru í blóði og sál

Steingrímur J. Sigfússon er fimmtugur í dag og heldur upp á afmælið með stórhátíð í Þistilfirði. Hann er nýkominn heim úr göngu þvert yfir landið.



TÍMAMÓT 26

### Þingkona leikstýrir

Stuðsöngleikurinn Kabarett verður frumsýndur í kvöld í Íslensku óperunni. Farnar eru nýjar leiðir við uppfærsluna og kafað er djúpt ofan í verkið, að sögn Kolbrúnar Halldórsdóttur leikstjóra.



LEIKHÚS 34

### Gunnar hetja Framara

Fram er komið í úrslit VISA-bikars karla eftir dramatískan sigur á FH í Laugardalnum í gærkvöldi. Úrslitin réðust ekki fyrr en í vítaspyrnukeppni þar sem hetjan var markvörðurinn Gunnar Sigurðsson, en hann varði lokaspyrnuna frá Ásgeiri Gunnari Ásgeirssyni hjá FH.



ÍÞRÓTTIR 28

## VEÐRIÐ Í DAG




**BEST SYÐRA** Þar verður sól og blíða í skjóli ef fer sem horfir. Súld eða dálítil rigning með köflum norðan og austan til. Hiti 8-18 stig, hlýjast til landsins sunnan til.

VEÐUR 4




# Bankar geta aukið útlán sín um eina billjón króna

**Íslenskir bankar geta aukið útlán um allt að þúsund milljarða, eða eina billjón króna. Seðlabankinn býst við áframhaldandi stöðugleika þrátt fyrir sterkari lánastöðu bankanna.**

**VIÐSKIPTI** Eftir skiptingu Burðaráss milli Landsbankans og Straums eykst svigrúm Landsbankans til útlána verulega. Góð uppgjör KB banka og Íslandsbanka skapa einnig hagstæð skilyrði fyrir útlánaaukningu. Viðmælendur Fréttablaðsins telja að bankarnir þrír hafi á skömmum tíma skapað möguleika fyrir aukin útlán fyrir allt að þúsund milljarða króna eða eina billjón.

Við sameiningu Landsbankans og Straums jókst eigið fé bankans um 37 milljarða og verður 96 milljarðar. Þó hefur bankinn einnig tekið við eignarhlut í öðrum fyrirtækjum, sem kann að hafa áhrif á aukna útlánagetu, svo sem eignarhlut í sænska fjárfestingarbankanum Carnegie og öðrum fyrirtækjum. Ýmsir þættir ráða því hversu mikið útlánageta bankanna getur aukist, svo sem áhættusækni útlánanna og samsetning eignaaukningarinnar sem til verður.

„Svigrúm bankanna til eignaaukningar eykst vissulega en ég býst ekki við útlánasprengingu hérlendis umfram það sem þegar er orðið,“ segir Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands. Hann segir þó ástæðulaust að ætla að bankarnir slaki á kröfum sínum um gæði útlána þrátt fyrir þær breytingar sem nú hafa orðið.

„Þeir hafa getuna en spurningin er til hvers vilji þeirra stendur. Starfsemi íslensku bankanna er orðin mjög fjölþætt og þar af leiðandi hafa þeir marga möguleika hérlendis og erlendis. Þær breytingar sem nú hafa orðið eru mjög ánægjuleg styrking á fjármálakerfinu. Ég mæli með því að bankarnir haldi áfram sterkri eiginfjárstöðu og tek undir það sem fram hefur komið hjá Björgólfi Guðmundssyni um nauðsyn þess að bankarnir séu sem traustastir á komandi árum,“ segir Tryggvi. **- hb**



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Björgólfur Thor sagði markmið sameiningarinnar hafa verið að mynda stærri og öflugri fjármálafyrirtæki.



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**QUEEN ELIZABETH II** Þetta fræga skemmtiferðaskip lagði að bryggju í Reykjavík klukkan 7 í gærmorgun og var brottför ellefu tímum seinna. Skipið er 70.237 tonn og rúmar 1.791 gest auk 921 í áhöfn. Um borð er fjöldi veitingastaða, kvikmyndahús, tvær sundlaugar, snyrtistofur, hárgreiðslustofur og margt fleira. Heimahöfn skipsins er Southampton í Englandi en það fór jómfrúarferðina 1969.

Misheppnað rán:

# Stálu eftirprentunum

**OSLÓ, AP** Tveir grímuklæddir þjófar héldu væntanlega að þeim hefði tekist vel upp eftir að þeir höfðu þrjár myndir norska listmálarans Edvard Munch með sér af hóteli í Osló í gær.

Lögreglan segir að það eina sem þjófarnir hafi haft upp úr krafsinu hafi verið þrjár verðlausar eftirprentanir.

Hotel Continental á stórt safn listaverka, þar á meðal Munch-myndirnar þrjár sem þjófarnir töldu sig vera að stela, en eftir að tveimur verka hans, Ópinu og Madonnu, var stolið frá safni í Osló í fyrra var ákveðið að hafa einungis eftirprentanir á veggjum uppi.

Töluvert hefur verið um að verkum Munch hafi verið stolið. Einni útgáfu af Ópinu var til að mynda stolið árið 1994, en fannst þremur mánuðum síðar. ■

Íslendingar eignast vöruhús við Strikið:

# Baugur leiðir kaup á Illum

**VIÐSKIPTI** Íslendingar eiga nú bæði stærstu og þekktustu vöruhúsin í miðborg Kaupmannahafnar.

Í gær voru undirritaðir samningar um kaup I-Holding, sem er í eigu Baugs, Straums og Birgis Þórs Bieltvedt, á áttatíu prósenta hlut í vöruhúsinu Illum. Þessir aðilar eiga fyrir Magasin du Nord, sem átti um tuttugu prósent í Illum fyrir. Illum, sem stendur við Strikið í Kaupmannahöfn, er ásamt Magasin du Nord þekktasta vöruhús í Danmörku. Straumur lánar einnig til kaupanna.

Stjórnendur Illum stýra áfram starfseminni og fagnar Patricia Burnett, forstjóri Illum, nýju fjárfestunum. „Við teljum gott fyrir Illum að fá að félaginu fjárfesta með þekkingu á rekstri sem þessum.“

Skarphéðinn Berg Steinarsson segir að áfram verði unnið eftir þeirri stefnu sem núverandi stjórnendur hafi fylgt. „Við vonumst til þess að við getum lagt þeirri stefnu eitthvað til.“ Illum á verðmæta fasteign við Strikið sem fylgir með í kaupunum. Skarphéðinn segir Baug sjá mikil tækifæri bæði á fasteignamarkaði í Danmörku og í smásöluverslun. Illum, sem var stofnað árið 1891, hefur upp á síðkastið sérhæft sig í vörumerkjum sem þekkt eru fyrir gæði, auk þess að leggja áherslu á norræna hönnun.

**- hh** / Sjá síðu 24





## SPURNING DAGSINS

*Vilhjálmur, hvernig hljómar „Laugardagskvöld með Vilhjálmi Þ.“?*

„Laugardagskvöld með Vilhjálmi Þ. í Ráðhúsinu eftir næstu borgarstjórnarkosningar hljómar vel.“

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson er oddviti sjálfstæðismanna í borgarstjórn. Samkvæmt könnun Gallup telja fleiri að Gísli Marteinn Baldursson sé líklegri til að leiða flokkinn til sigurs í kosningum en Vilhjálmur.

Annasamt hjá geimförunum á geimferjunni Discovery:

# Viðgerð á hitahlíf tókst vel

**HOUSTON, AP** Stephen Robinson, geimfara um borð í bandarísku geimferjunni Discovery, tókst í geimgöngu í gær að losa tvö stykki úr einangruninni sem stóð út úr hitahlíf Discovery. Hann þurfti ekki að nota til þess sögina sem sérstaklega hafði verið búin til í geimstöðinni, heldur dugði að toga varlega.

Viðgerðarleiðangurinn heppnaðist því vel en hann tók um sex klukkustundir. Reiknað hafði verið með að það tæki Robinson um klukkustund að losa stykkin af geimferjunni, en það tók einungis nokkrar sekúndur að losa hvort stykki fyrir sig. „OK, Andy, ég er í óbyggðunum miklu,“ sagði Robinson við ferðafélaga sinn, Andy Thomas, þegar hann fór út úr geimferjunni þar sem hún sveif fyrir ofan Ástralíu.

Tækifærið var notað til að kanna hitateppi, undir glugga flugstjórnanda, sem rifnaði þegar flauginni var skotið frá jörðu. Verið er að skoða hvort það krefjist einnig viðgerða, þar sem það gæti rifnað af flauginni þegar hún kemur aftur inn í lofthjúp jarðar. ■



**VEL HEPPNUÐ VIÐGERÐ** Einn geimfara Discovery sést hér við viðgerð undir geimferjunni, en honum tókst að fjarlægja einangrunina sem óttast var að gæti valdið hættu við lendingu.

Árni Johnsen:

## Biður Hreim afsökunar

**ÞJÓÐHÁTÍÐ** Árni Johnsen, kynnir á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum, hefur beðið Hreim Örn Heimissonar söngvara afsökunar á atviki sem átti sér stað við lok Brekkusöngs á Þjóðhátíð. Hreimur hefur sakað Árna um að hafa slegið sig.

Árni segir að hann hafi í ógáti rekist utan í Hreim þegar báðir reyndu að grípa til hljóðnema sem stóð á sviðinu. Kveðst Árni harma að atvikið hafi komið upp. „Þjóðhátíðarkynni er ljúft að biðja Hreim afsökunar á þessum óvænta árekstri og reyndar gerði hann það einnig á Brekkusviðinu,“ segir í yfirlýsingu frá Árna. - ht

Heilasködduð kona:

## Eignast heilbrigða dóttur

**VIRGINÍA, AP** Heilasködduð kona í Bandaríkjunum eignaðist dóttur á þriðjudag eftir sjö mánaða meðgöngu. Konunni hafði verið haldið á lífi með öndunarvél í þrjá mánuði, til að ófætt barnið fengi að þroskast áður en það fæddist. Dóttirin, sem hefur hlotið nafnið Susan Anne Catherine Torres, var tekin með keisaraskurði og að sögn föðurbróður hennar gekk fæðingin vel. Susan Anne var tæpar fjórar merkur og rúmir 34 sentimetrar og er sögð heilsast vel.

Móðirin fékk heilablóðfall eftir sautján vikna meðgöngu og úrskurðuðu læknar hana þá heiladauða. ■



**LÖGREGLAN** Mikið álag er á lögreglunni í Lundúnum þessa dagana.

Lögreglan í London:

## Verkefnin of mörg

**LONDON, AP** Eftirlitsmaður lögreglunnar í London segir að verkefni lögreglunnar í borginni séu orðin of viðamikil, eftir hryðjuverkaárásina fyrir tæpum mánuði síðan.

Fjöldi lögreglumanna hefur unnið lengri vinnudaga og fengið færri frídaga en vanalegt er, þúsundir lögreglumanna hafa verið staðsettir á lestarstöðum og hafa því ekki getað sinnt reglubundnum verkefnum. Þá hefur tilkynningum fjölgað um varhugaverða pakka og töskur sem lögreglan þarf að rannsaka vegna ótta um að þar leynist sprengjur. Eftirlitsmaður lögreglunnar segir tímabært að kanna hvort almennir borgarar geti sinnt einhverjum af þessum störfum lögreglu. ■

# Bið eftir tengingu fyrir Enska boltann

**Um þrjú þúsund manns eru á biðlista eftir ADSL-tengingu hjá Símanum nú þegar hálfur mánuður er í að keppnistímabilið hefjist í ensku knattspyrnunni. Þeir sem ætla að gerast áskrifendur gegnum ADSL verða að kaupa þjónustu Símans.**

**NEYTENDUR** Margir hafa skráð sig undanfarna daga fyrir ADSL-tengingu hjá Símanum vegna ensku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu og eru nú um þrjú þúsund manns á biðlista. Allt að mánaðarbiðtími er eftir tengingunni en aðeins hálfur mánuður er þangað til leiktímabilið hefst.

„Við ætlum að gera okkar besta til að tengja alla áhorfendur enska boltans áður en tímabilið hefst,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans. „Við erum búin að bæta við starfsfólki í uppsetningum.“ Hún segir ekki alla á biðlistanum vera að bíða eftir boltanum, en vissi ekki nákvæmlega hve hátt hlutfall þeirra væri. „Þetta er skilgreindur hópur hjá okkur sem búið er að setja í forgang. Ef einhverjir fá ekki tengingu tímanlega verður sérstaklega tekið á því.“

Þeir sem ekki hafa breiðband verða að kaupa ADSL-þjónustu Símans til að gerast áskrifendur að enska boltanum og þurfa að skipta yfir til Símans hafi þeir áður verið með ADSL hjá öðrum fyrirtækjum. „Margir hafa kvartað undan þessu hjá okkur,“ segir Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna. „Er ekki þarna komin skýring á því af hverju Síminn vildi gerast hluthafi í Skjá einum?“ spyr Jóhannes og bætir við að Síminn hafi þarna með fyrirtækjakaupum náð einokunarstöðu á þessari þjónustu. „Þeir sem eru áhorfendur enska boltans hugsa sig ekki tvisvar um áður en þeir fara yfir til Símans.“ Jóhannes segir samtökin telja þetta mjög hæpið út frá samkeppnissjónarmiðum.

„Skjár einn kaus að dreifa enska boltanum um ADSL-kerfi og breiðband Símans,“ segir Eva Magnúsdóttir, upplýsingafulltrúi Símans.

„Því er ekkert óeðlilegt við það að hann sé eingöngu á kerfum Símans. Kerfið er jú með mjög mikla útbreiðslu.“

Eva vill sérstaklega minna áhugamenn um enska boltann á breiðbandið þar sem mun fljótlegra sé að virkja það. Um 40.000 heimili á höfuðborgarsvæðinu hafa nú aðgang að því.

grs@frettabladid.is




**ELDHEITIR KNATTSPYRNUÁHUGAMENN** Einhverjir áhugamenn um enska boltann eru nú á nálum vegna óvissu um hvort þeir sjái fyrstu leikina.



**SVALA** Skútan Svala kemur í kjölfari Ársæls til Hafnarfjarðarhafnar í kvöld eftir að hafa rekið mannlausa sextán sjómílur.

Skúta mannlaus á reki:

## Ársæll með Svölu í togi

**BJÖRGUN** Skútan Svala, sem fjórmenningar í sjávarháska urðu að skilja eftir á reki um 150 sjómílur suðaustur af landinu í fyrrinótt, er fundin.

Skipstjórinn á fiskiskipinu Ársæli frá Hafnarfirði sá skútuna í radar um hálf tvö í gærdag og ákvað að taka hana í tog en Ársæll var að koma frá Færeyjum.

Að sögn Jóns Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Landsbjargar, var ekki að sjá að skútan hefði orðið fyrir tjóni frá því hún var skilin eftir en hana hafði rekið um sextán sjómílur frá því hún var yfirgefin.

Ársæll er væntanlegur í Hafnarfjarðarhöfn með Svölu í eftirdragi í kvöld. - jse

Sjaldgæft orð í notkun:

## Billjón er þúsund milljarðar

**VIÐSKIPTI** Mikill vöxtur íslenskra fjármálafyrirtækja hefur skapað grundvöll fyrir notkun orða sem verið hafa heldur sjaldgæf í íslensku máli fram að þessu. Möguleikar bankanna til útlána eru nú meiri en nokkurn tímann áður og er svo komið að einstakir bankar og skyld fyrirtæki munu hafa burði til að lána um þúsund milljarða íslenskra króna. Þúsund milljónir eru eins og kunnugt er einn milljarður en þúsund milljarðar eru ein billjón samkvæmt orðabók Menningarsjóðs. - hb




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Á leið á stærstu kvikmyndahátíð Norður-Ameríku:

# Strákarnir okkar á hátíð í Toronto

**MENNING** Íslenska kvikmyndin Strákarnir okkar, sem Róbert Douglas leikstýrir, hefur verið valin til sýninga á kvikmyndahátíðinni í Toronto í Kanada sem fer fram 8.-17. september næstkomandi. Hátíðin er einhver sú stærsta í Norður-Ameríku.

Kvikmyndin Strákarnir okkar var tekin upp í Reykjavík og nágrenni síðasta sumar og verður hún frumsýnd hér á landi hinn 1. september. Hún fjallar með gamansömum hætti um Óttar Þór, sem er aðalleikmaður KR í knattspyrnu þegar hann kemur út úr skápnum á miðju leiktímabili í veröld þar sem allt snýst um karlmennsku og testosterón.

Til að finna sjálfan sig gengur hann til liðs við áhugamannafélag samkynhneigðra knattspyrnumanna. Helstu leikararnir í myndinni eru Björn Hlynur Halldórsson, Helgi Björnsson, Sigurður Skúlason og Björk Jakobsdóttir. - grs




**Á LEIÐ TIL TORONTO** Úr myndinni Strákarnir okkar.

# Tilvalið þegar rignir!



**Markísa**
Breidd 3x2 m, blá/hvít
3899113
**15.900**

**Markísa**
Breidd 3x2 m, græn/hvít
3899115
**15.900**

**Markísa**
Breidd 3x2,5 m, græn/hvít
3899116
**19.900**

**Markísa**
Breidd 3x2,5 m, grá/hvít
3899117
**19.900**



**3.990** ~~5.990~~

**Innimálning, Jotun, 10 ltr.**
Hefðbundin plastmálning á loft og veggi, gljástig 3.
7119855



**Innimálning, Jotun, 10 ltr.**
Hefðbundin plastmálning með miklum gljáa, gljástig 20.
7119888
Verð áður 8.995
**5.995**



**6.995** ~~9.490~~

**Stigi/trappa**
4,10 m sem stigi
5078730



**8.495**



**Háþrýstidæla**
**Sistema**, 1,3 KW, 100 bör
5254229



**Blöndunartæki**
**Kludi**
8004030
Verð áður 8.929
**5.290**



**19.900** ~~29.900~~

**Blöndunartæki, KLUDI**
Fyrir handlaug, með lyftitappa
8004160

# Ekkert mál



**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 03.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,26 | 63,56 |
| Sterlingspund | GBP | 112,64 | 113,18 |
| Evra | EUR | 77,86 | 78,3 |
| Dönsk króna | DKK | 10,433 | 10,495 |
| Norsk króna | NOK | 9,917 | 10,975 |
| Sænsk króna | SEK | 8,307 | 8,355 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5681 | 0,5715 |
| SDR | XDR | 92,65 | 93,21 |

*Gengisvísitala krónunnar*

108,6261

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Átök hófust eftir dauða uppreisnarleiðtoga í Súdan:

# Blóðugar óeirðir

**SÚDAN** Óeirðir hafa breiðst út í Khartoum, höfuðborg Súdan, eftir að varaforseti landsins, John Garang, lést þegar þyrla hans hrapaði á mánudaginn. Fréttavefur BBC segir að 84 hafi látist og yfir 800 hafi særst í átökunum, sem eru þau mestu í landinu um árabil.

Yfirvöld víða um heim hafa varað fólk við að ferðast til landsins.

Garang hafði árum saman verið uppreisnarleiðtogi, en fyrir þremur vikum hafði hann skrifað undir friðarsamkomulag, sem batt enda á yfir tuttugu ára átök milli sunnan- og norðanmanna, og tekið við varaforsetaembættinu. Stjórnvöld í Súdan hafa skipað rannsóknarnefnd sem á að rannsaka þyrluhrapið og eiga fulltrúar fyrrum uppreisnarmanna að eiga fulltrúa.

Arftakar Garang í hreyfingu hans hafa ásamt stjórnvöldum reynt að róa menn niður og vilja halda friðarferlinu áfram.

Einnig hafa verið átök í borginni Jiba í suðurhluta landsins.

- grs



**ÓEIRÐIR Í SÚDAN** Átök hafa brotist út þar eftir að fyrrum uppreisnarleiðtogi lést af slysförum.

Líkfundur í Þýskalandi:

## Leitað að fleiri börnum

**BERLIN, AP** Þýska lögreglan, sem nú rannsakar mál konu sem grunuð er um að drepa níu börn sín við fæðingu, notaði hunda í gær til að leita að fleiri líkum við þau hús sem vitað er að konan bjó í. Líkin níu fundist í garði foreldra konunnar í þorpinu Brieskow-Finkenherd, við landamæri Póllands.

Auk þess að leita eftir fleiri líkum voru gerðar rannsóknir á þeim líkum sem þegar hafa fundist til að ákvarða hvernig börnin dóu og hver faðir þeirra væri. Þá er einnig verið að rannsaka hvernig konunni tókst að leyna þungununum og hvarfi barnanna í þetta langan tíma, en börnin fæddust á árunum 1988 til 1999. ■



**SKAFTÁ** Nú hefur komið í ljós að hlaupið kom úr vestari katlinum.

Skaftárhlaup:

## Kom úr vestari katlinum

**HAMFARIR** Enn rénar í Skaftárhlaupi en það náði hámarki sínu í fyrradag þegar rennsli árinnar komst í 720 rúmmetra á sekúndu. Vatnamælingum hefur verið hætt uppi við Sveinstind en rennsli Skaftár þar sem hún rennur við Kirkjubæjarklaustur mældist 113 rúmmetrar á sekúndu í gær.

Sverrir Óskar Elefsen segir að Ómar Ragnarson hafi flogið yfir Vatnajökul í gær og komist að því að hlaupið kæmi úr vestari katli, en þá hafði ekki tekist að fljúga yfir jökulinn frá því hlaup hófst um síðustu helgi.

- jse

# Þrumur og eldingar ollu líklega flugslysi

**Vonskuveður er talið hafa orðið til þess að farþegaþota Air France rann út af flugbraut í Toronto í Kanada í fyrrakvöld. Farþegar og áhöfn komust naumlega frá borði en meira en þrjú hundruð manns voru um borð.**

**TORONTO, AP** Mikill regnstormur með þrumum og eldingum er talinn hafa orðið til þess að farþegaþota Air France rann út af flugbraut í Toronto í Kanada í fyrrakvöld. 309 farþegum og áhöfn tókst naumlega að komast frá borði áður en mikill eldur blossaði upp í þotunni.

Fagnaðarlæti brutust út í þotunni eftir að hún lenti á Pearson-flugvellinum í Toronto enda hafði þotan þurft að hringsóla yfir vellinum vegna erfiðra veðurskilyrða. Rafmagn fór einnig af farþegarýminu skömmu fyrir lendingu og sátu farþegar því í niðamyrkri. Fögnuðurinn breyttist hins vegar fljótt í skelfingu þegar vélin rann út af flugbrautinni og hafnaði í skógi vöxnu gili nærri fjölfarinni hraðbraut með þeim afleiðingum að hún brotnaði í tvennt.

Farþegar kváðust afskaplega þakklátir fyrir að allir skyldu hafa sloppið lifandi frá brotlendingunni en einungis hlutust minniháttar meiðsl af því þegar farþegarnir stukku niður úr dyrum vélarinnar og renndu sér niður neyðarrennur. Flugvélin var rýmd á innan við tveimur mínútum.

„Við reyndum að brölta upp hæð í nágrenninu en það gekk erfiðlega þar sem hún var þakin leðju og við þurftum að hugsa um börnin okkar,“ sagði Gwen Dunlop, einn farþega flugvélarinnar. Annar farþegi lýsti því hvernig farþegar klifruðu hver um annan þveran í örvæntingu til þess að reyna að komast út úr vélinni.

Skiptar skoðanir voru um frammistöðu áhafnar vélarinnar. Yfirmaður slökkviliðs flugvallarins sagði rýmingu flugvélarinnar hafa gengið fljótt og vel fyrir sig og greinilegt að þar hefði vel þjálfað fólk verið að störfum. Sumir farþeganna gagnrýndu þó frammistöðu flugþjóna og sögðu þá ekki hafa brugðist nógu fljótt og vel við.

Heimilt var að lenda á flugvellinum í fyrrakvöld en gefið var merki um að mögulegt væri að eldingu slægi niður. Þotan hafði að sögn embættismanna á flugvellinum nógu mikið eldsneyti um borð til þess að fljúga til Montreal eða annars flugvallar þar sem veður var skárra. Undir flugstjóra væri komið hvernig brugðist væri við slíkum merkjum.

helgat@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ/AP/MYND

**FLUGSLYS** Kraftaverk þykir að rúmlega þrjú hundruð manns sem voru um borð í farþegaþotu Air France skuli hafa komist lífs af þegar þotan rann út af flugbraut og eldur blossaði upp í henni.



**HVAÐ ER HANN HÁR?** Halldór Ásgrímsson fær heiðurinn af því að kynna hæðina af tröppum stjórnarráðsins í dag.

Hæð hæsta tindsins:

## Kynnt með sérstakri viðhöfn

**LANDMÆLINGAR** Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra kynnir niðurstöðuna úr mælingu á hæð Hvannadalshnúks frammi fyrir þjóð sinni af tröppum stjórnarráðsins klukkan 16.15 í dag.

Magnús Guðmundsson, forstjóri Landmælinga Íslands, mætir sérstaklega þangað stuttu fyrr til að kynna niðurstöðuna fyrir Halldóri og Sigríði Önnu Þórðardóttur umhverfisráðherra, sem gerði sér ferð til mælingamannanna á föstudaginn til að ljúka verki þeirra.

- grs

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**TÖLUVERT UM UMFERÐARÓHÖPP** Tíu umferðaróhöpp urðu í Reykjavík í gærmorgun en enginn slasaðist. Á Selfossi varð einn útafakstur á Biskupstungnabraut á þriðjudag og annar í gær í Þjórsárdal þegar dekk sprakk á stórum bíl en engin slys urðu á fólki. Báðir bílarnir eru nær ónýtir. Einnig var bílvelta á þriðjudag við Flókalund í Vatnsfirði. Ökumaður slapp með skrekkinn en bíllinn er ónýtur.

**HRAÐAKSTUR** Átta voru teknir fyrir of hraðan akstur við Borgarnes og hafa lögreglumenn stöðvað fleiri víða um landið.




!

90,9

MARGRÆTT
Með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 9.

GOTT FÓLK McCANN


## VEÐRIÐ Í DAG

**FRAMSÓKNARVIST ER LAUSNIN**
Nú er að rofa vel til með sunnan- og síðar vestanverðu landinu. Þetta gerist allt í áföngum og það ætti að geta orðið fínasta sumarveður fram á laugardagskvöld en þá kemur lægð upp að suðvestanverðu landinu með vind, vatn og leiðindi. Þeir sem eiga frí ættu því að nýta þessa daga syðra sem mest þeir mega. Nyrðra fer kólnandi auk skúraleiðinga og því lítið spennandi veður þar. Er ekki tilvalið að þeir sameinist í Framsóknarvist?



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur




**Á morgun**




Dálítill vindur norðaustan til, annars hægari.

**Laugardagur**




Hægt vaxandi suðaustan átt suðvestan til og þykknar upp.

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 20°C | heiðskírt | París | 22°C | heiðskírt | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Ósló | 21°C | heiðskírt | Berlín | 22°C | heiðskírt | Milano | 28°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 17°C | alskýjað | Frankfurt | 22°C | heiðskírt | New York | 34°C heiðskírt |
| Helsinki | 20°C | hálfskýjað | Madrid | 34°C | heiðskírt | San Francisco | 20°C heiðskírt |
| London | 24°C | hálfskýjað | Barcelona | 29°C | heiðskírt | Orlando/Florida | 35°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.



# ÚTSÖLULOK
## Götumarkaður

# Síðustu dagarnir!

**fimmtudag, föstudag, laugardag og sunnudag**

**Opið til 21 í kvöld**

Kringlan
MEÐ ALLT Á EINUM STAÐ

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

| | Mán. til mið. | Fimmtudagur | Föstudagur | Laugardagur | Sunnudagur |
|---|---|---|---|---|---|
| Verslanir | 10.00 til 18.30 | 10.00 til 21.00 | 10.00 til 19.00 | 10.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |
| Ævintýraland | 12.00 til 18.30 | 12.00 til 19.00 | 12.00 til 19.00 | 11.00 til 18.00 | 13.00 til 17.00 |

**Veitingastaðir** og **Kringlubíó** eru með opið lengur á kvöldin.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS KRI 28806 8/2005



## KJÖRKASSINN

*Var rétt staðið að lóðaúthlutuninni í Kópavogi í síðustu viku?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 28% |
| Nei | 72% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ætlarðu að fá þér áskrift að enska boltanum hjá Skjá einum?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Helmut Kohl fyrrum kanslari Þýskalands mætti fyrir rétt:

# Ber ábyrgð á vopnaviðskiptum

**AUSBURG, AP** Helmut Kohl, fyrrum kanslari Þýskaland, bar í gær vitni í máli gegn Holger Pfahls, fyrrum aðstoðarvarnamálaráðherra Þýskalands. Pfahls er sakaður um að hafa á árinu 1991 þegið samsvarandi rúmum 150 milljónum króna í mútur fyrir vopnaviðskipti við Sádi-Arabíu, vegna sölu þýskra herbíla.

Kohl sagðist bera ábyrgð á ákvörðun um sölu bílanna en sagði viðskiptin hluta af samkomulagi við James Baker, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um þátttöku Þjóðverja í Flóabardaga. Saksóknari hefur sagt að ef Kohl gangist við ábyrgð á viðskiptunum verði mútukæran felld niður. ■



**HELMUT KOHL FYRIR RÉTTI** Fyrrum kanslari Þýskalands bar vitni í gær í máli gegn fyrrum aðstoðarvarnamálaráðherra sínum, sem sakaður er um að hafa þegið mútur til að greiða fyrir vopnaviðskiptum við Sádi-Arabíu.

Kjarnorkuáætlun :

# Viðræður í þrot

**PEKING, AP** Talsmaður bandarísku sendinefndarinnar sem átt hefur í viðræðum við Norður-Kóreu um kjarnorkuáætlun Kóreumanna sagði í gær að bandarískir embættismenn hefðu gert allt sem þeir gætu til að sannfæra yfirvöld í Norður-Kóreu um að afvopnast.

Ekkert hefði þó komið fram í viðræðunum, sem eiga sér nú stað í Kína, sem gæfi það til kynna að samningar væru að nást.

„Við höfum gert allt sem við getum. Við höfum talað við alla sem við getum talað við,“ sagði Christopher Hill, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, í lok níunda dags viðræðna í gær. ■


www.icelandair.is/london

London



Flug og gisting í tvær nætur

Verð frá 34.990 kr.

Verð á mann í tvíbýli á Ramada Jarvis Marylebone
8.-10. okt., 11.-13. nóv., 2.-4. des., 4.-6. feb. og 11.-13. mars.
Innifalið: Flug, gisting, morgunverður, flugvallarskattar og þjónustugjöld.

Hafið samband við söluskrifstofur Icelandair eða við Fjarsölu Icelandair í síma 50 50 100 (svarað mánud. - föstud. kl. 9-17, laugard. kl. 9-17 og á sunnudögum kl. 10-16).

Nú getur þú notað **10.000 Vildarpunkta** sem **5.500 kr.** greiðslu upp í fargjaldið.

VR orlofsávísun Munið ferðaávísunina

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 08/2005

út í heim

ICELANDAIR
www.icelandair.is




**NÝ BYGGÐ Í LANDI KÓPAVOGS** Fyrirhuguð byggð í Þingum við Elliðavatn.

# Bæjarfulltrúi vill skýrari reglur um úthlutun

**Bæjarfulltrúi í Kópavogi vill sjá sanngjarnari og gagnsærri úthlutunarreglur. Núverandi reglur snúast fyrst og fremst um skilyrði sem þarf að uppfylla en segja ekki til um hvernig eigi að velja milli umsækjenda.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Engar skýrar reglur eru til hjá Kópavogsbæ um það hvernig einstakir umsækjendur um byggingarétt eru bornir saman. Reglur bæjarins, sem finna má á www.kopavogur.is eru fyrst og fremst skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla. Þó segir í þeim að draga eigi á milli jafnhæfra umsækjenda en ekki kom til þess þegar úthlutað var á dögunum.

„Það kemur mér á óvart að í öllum tvö hundruð tilvikum skuli einn umsækjandi standa upp úr,“ segir Hafsteinn Karlsson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í Kópavogi. „Þegar svo margir sækja um hljóta einhver tilvik að koma upp þar sem tveir umsækjendur eru jafnhæfir til að fá sömu lóð.“ Um 2.100 sóttu um og flestir þeirra uppfylltu öll skilyrði.

Umsóknirnar hafa ekki verið formlega samþykktar á bæjarstjórnarfundi, en hann verður haldinn síðar í þessum mánuð. Hafsteinn býst ekki við því að breytingar verði gerðar á úthlutuninni.

„En ég á alveg von á því að úthlutunarreglurnar verði ræddar og að menn óski eftir því að þær verði sanngjarnari og gagnsærri.“ Hann segir þó að erfitt sé að finna fullkomlega sanngjarna aðferð við úthlutun.

Erfitt reyndist að fá upplýsingar um það hvernig bæjarráð valdi milli umsækjenda. Flosi Eiríksson, bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar í ráðinu, segir fundina trúnaðarmál, en hann sagði menn hafa reynt að velja af sanngirni og með reglurnar til hliðsjónar. Hann sagðist ekkert hafa við úthlutunarreglurnar að athuga en bætti því þó við að hann væri almennt þeirrar skoðunar að reglur væru því betri sem þær væru ítarlegri.

Að sögn Gunnars I. Birgissonar bæjarstjóra eru engar sérstakar vinnureglur innan bæjarráðsins umfram úthlutunarreglurnar.

„Þetta er ekki öfundsvert hlutverk sem við erum í.“ Hann sagði að oft hefði verið erfitt að velja einn umsækjanda úr þegar margir hefðu sótt um sömu lóð, en tekið væri tillit til margra þátta.

Gunnar kveðst sáttur við reglurnar eins og þær eru og segir þær hafa verið notaðar árum saman við úthlutanir.

grs@frettabladid.is


ÚTSALA!

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

60%
AFSLÁTTUR!

PETER KAISER · ecco · ara · LLOYD · ZINDA

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16


Hundrað björgunarsveitarmenn leituðu ferðamanns:

# Fannst heill á húfi

**LEIT** Umfangsmikil leit var gerð að spænskum ferðamanni í fyrrinótt og í gær en talið var að hann væri á göngu frá Hrafntinnuskeri yfir í skálann við Álftavatn. Hundrað björgunarsveitarmenn leituðu mannsins, sem er rúmlega fertugur Spánverji, aðfaranótt miðvikudags og þyrla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um áttaleytið í gærmorgun. Um hádegisbilið var leitin afturkölluð þegar lögreglan komst að því að hann hafði gist á Kirkjubæjarklaustri um nóttina.

Maðurinn afpantaði ekki gistinguna við Álftavatn og því hafði skálavörður í Álftavatni samband við lögreglu þegar hann skilaði sér ekki.

„Það var mjög leiðinlegt veður, votviðrasamt og kalt, ekkert ósvipað og þegar ísraelskur ferðamaður varð úti í fyrra. Þegar svona aðstæður koma upp tökum við þess vegna enga áhættu,“ segir Jón Gunnarsson, framkvæmdastjóri Landsbjargar.

Maðurinn var þokkalega búinn en hafði snúið við á Hrafntinnuskeri vegna slæms veðurs. -rsg




**LEITIN AÐ FERÐAMANNINUM** Spánverjinn hafði pantað gistingu í skálanum við Álftavatn á þriðjudag og ætlaði að vera í Emstrum aðfaranótt fimmtudags.

Ósáttir við varðhald:

# Vilja milljónir í bætur

**STOKKHÓLMUR, AP** Tveir menn sem voru í haldi í nokkra mánuði í Svíþjóð vegna tengsla við hryðjuverkasamtök hafa ákveðið að krefjast tæplega 27 milljóna í bætur frá sænska ríkinu vegna varðhaldsins.

Shaho Shahab frá Írak og Bilal Ramadan frá Líbanon voru handteknir 19. apríl, ásamt tveimur öðrum Írökum, vegna gruns um að þeir væru að safna peningum fyrir hryðjuverkasamtök í Írak. Shahab og Ramadan var síðar sleppt, en hinir mennirnir tveir voru dæmdir í maí, meðal annars fyrir að senda peninga til Abu Musab al-Zaqawi. Ramadan sagði í samtali við Expressen að lífi hans og Shababs hefði verið lagt í rúst, þar sem hundruð greina á vefnum tengdu nöfn þeirra við hryðjuverk. ■

# Útsala

# 40-60% afsláttur

**40% afsláttur**

## Cruiser
Fjöldi gíra: 18
Tegund gíra: Shimano Grip shift
Bremsur: Alloy Silver handbremsa
að framan og aftan



**TILBOÐ**
**10.199 kr**
Verð áður 16.999,-

**40% afsláttur** af öllum Prostyle hjólum

**40% afsláttur**

## Charleston
**borð, bekkur og 2 stólar**
Vandað garðhúsgagnasett úr
gegnheilum harðviði
á ótrúlegu verði



**TILBOÐ**
**10.796 kr**
Verð áður 17.994,-

**40% afsláttur** af öllum pallahúsgögnum

**60% afsláttur**

TEPRO

## Grill
- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður I-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hita-dreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr viði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



**TILBOÐ**
**7.999 kr**
Verð áður 19.999,-

**40-60% afsláttur** af öllum grillum og grill aukahlutum

**40% afsláttur**

## Útilegustóll
m/glasahaldara



**TILBOÐ**
**599 kr**
Verð áður 999,-

**40% afsláttur** af öllum útilegu vörum

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA






Lífvarðasveit forsetans í Máritaníu hrifsar til sín völdin:

# Forseta steypt af stóli

**MÁRITANÍA, AP** Lífvarðasveit forsetans í Máritaníu tók völdin í gær, en forsetinn, Maaoya Sid'Ahmed Taya, var í Sádi-Arabíu við jarðarför Fahds konungs. Tilkynnt var að herstjórnin myndi stjórna landinu í allt að tvö ár, meðan það þróaðist til lýðræðis. Með því að steypa forsetanum af stóli segir herstjórnin að verið sé að binda enda á alræðisvald forsetans. Taya var í gær í Niamey, höfuðborg Níger, og neitaði að ræða við fréttamenn.

Valdaránið hófst með því að lífvarðasveitin tók völdin í ríkisútvarpi Máritaníu, auk sjónvarpsstöðva í höfuðborginni Nouakchot, og lokaði fyrir útsendingar. Auk þess héldu hermenn sveitarinnar yfirmönnum hersins föngnum. Þungvopnaðir hermenn gættu ráðuneyta og forsetahallarinnar í höfuðborginni. Helstu götum og leiðum úr borginni var lokað.



**MAAOYA SID'AHMED TAYA** Forseti Máritaníu var að snúa heim frá Sádi-Arabíu, þar sem hann var viðstaddur jarðarför Fahds konungs, þegar lífvarðasveit hans steypti honum af stóli.

Taya hefur verið forseti í 20 ár og á þeim tíma hafa nokkrar tilraunir til valdaráns verið gerðar. Vegna einnar slíkrar tilraunar var barist á götum höfuðborgarinnar í nokkra daga árið 2003. ■

# Áróður og eftirlit skila árangri

**Engin banaslys né alvarleg slys urðu í umferðinni um verslunarmannahelgina og eru talsmenn Umferðarstofu og Ríkislögreglustjóra ánægðir með umferðina. Þó var talsvert um ofsa- og ölvunarakstur.**

**UMFERÐ** „Á heildina litið erum við mjög ánægð með það að þetta skuli hafa verið stórslysalaus helgi. En þó að vel hafi gengið núna megum við ekki sofna á verðinum því það er óhætt að segja að í þessum tilfellum þar sem menn voru teknir fyrir ofsa- og ölvunarakstur hafi lítið þurft að bregða út af til að þar yrðu stórslys," segir Einar Magnús Magnússon, upplýsingafulltrúi Umferðarstofu.

Frá fimmtudegi til aðfaranætur þriðjudags voru 56 teknir fyrir ölvunarakstur og 513 fyrir of hraðan akstur, að sögn Hjálmars Björgvinssonar, aðalvarðstjóra hjá Ríkislögreglustjóra. Hann segir að þær tölur séu svipaðar og frá árinu á undan. Ekki er ljóst hversu margir verða sviptir ökuleyfi en það veltur í sumum tilvikum á því hversu marga punkta ökumenn hafa.

Hjálmar telur að margir samverkandi þættir hafi stuðlað að stórslysalausri helgi og Einar tekur undir það. „Stærsta hlutverkið eiga ökumenn sjálfir, þeir eru yfirleitt til fyrirmyndar. En það sem spilar stóran þátt í þessu er aukið eftirlit lögreglu, umfjöllun fréttastofa fjölmiðlanna og almennur áróður. Þetta skilar sér allt," segir Einar.



**EINAR MAGNÚS MAGNÚSSON, UPPLÝSINGAFULLTRÚI UMFERÐARSTOFU** Einar segir að tölur yfir banaslys séu vandmeðfarnar því aðeins þurfi einn ölvaðan ökumann til að valda dauða margra og orsaka þannig fjölgun dauðsfalla í umferðinni frá ári til árs.

**FJÖLDI UMFERÐARSLYSA UM VERSLUNARMANNAHELGINA**

| | |
|---|---|
| **2000:** | Tvö banaslys, þrjú alvarleg slys. Tveir deyja, þrír alvarlega slasaðir. |
| **2001:** | Ekkert banaslys, þrjú alvarleg slys. Fjórir alvarlega slasaðir. |
| **2002:** | Eitt banaslys, eitt alvarlegt slys. Einn deyr, einn alvarlega slasaður. |
| **2003:** | Ekkert banaslys, þrjú alvarleg. Þrír alvarlega slasaðir. |
| **2004:** | Ekkert banaslys og þrjú alvarleg. Fjórir slasast alvarlega. |
| **2005:** | Hvorki banaslys né alvarlegt slys. |

Hjálmar segir að umferðareftirlit lögreglu hafi ekki verið meira um verslunarmannahelgina en undanfarin ár, en telur að umferðarátak sem samgönguráðuneytið og undirstofnanir þess, Vegagerðin, ríkislögreglustjóri og Umferðarstofa, hófu í lok júní skili árangri. „Svo er það tilfinning okkar að umferðin hafi dreifst meira þessa verslunarmannahelgi, fólk fór úr bænum á fimmtudeginum og stór hluti fór til baka á sunnudeginum. Ökumenn eru farnir að átta sig á aðstæðum og við viljum koma á framfæri þakklæti til þeirra," segir Hjálmar. rsg@frettabladid.is

Söfnuninni Haltur leiðir blindan lýkur í dag:

# Félagarnir gengnir upp að hnjám

**ÁTAK** Göngugarparnir Bjarki Birgisson og Guðbrandur Einarsson, sem lögðu gangandi af stað hringveginn 20. júní síðastliðinn, loka hringnum við Rauðavatn klukkan hálf fjögur í dag.

Aldrei þessu vant fá þeir félagar svo bílfar niður í miðbæ Reykjavíkur en taka þar fram gönguskóna aftur þegar þeir ganga eftir Fríkirkjuvegi og inn á Ingólfstorg, þar sem hringferðinni lýkur formlega klukkan fimm.

Fréttablaðið náði tali af Bjarka þar sem hann var að koma að Kjalarnesi. „Ég er genginn upp að hnjám en ég er þó ekki genginn af göflunum," sagði hann móður en kátur.

Þetta gönguátak þeirra tvímenninga gengur undir nafninu „Haltur leiðir blindan" en við Kjalarnesið í gær voru um fjörutíu metrar á milli þeirra og því spurði blaðamaður Bjarka, sem haltrar, hvort hann ætti ekki að leiða Guðbrand, sem er mjög sjónskertur. „Jú reyndar, við vorum hlið við hlið í upphafi göngu en við verðum líka að fá smá pásu hvor frá öðrum," sagði Bjarki kankvís en sagði samkomulagið með besta móti.



**Á LEIÐ Í BÆINN** Þeir Bjarki og Guðbrandur koma til Reykjavíkur í dag og ljúka þar með hringferðinni sem þeir lögðu upp í fyrir 45 dögum. Þeir fá þó ekki strax að slappa af eftir komuna því hátíðarhöld verða þeim til heiðurs á Ingólfstorgi klukkan fimm í dag.

- jse



MAGNAÐ TÍVOLÍ TILBOÐ

**50 miða afsláttarkort kr. 4.000 – 20% afsláttur.**
Alla daga til loka Tívolísins.

**Magnaður miðvikudagur 10. ágúst.**
Armbönd: Fyrir þá sem eru 140 cm og hærri **kr. 4.000** – áður kr. 5.000. Lægri en 140 cm **kr. 2.000** – áður kr. 2.500.

# Útsölulok

## GÖTUMARKAÐUR

## ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR

**fimmtudag til sunnudags**




Verslanir opnar 11-19 virka daga, 11-18 laugardaga og 13-18 sunnudaga / smaralind.is / 528 8000.




Íbúar í Réttarholtshverfi safna yfir 500 undirskriftum:

# Mótmæla lokun bankaútibús

**NEYTENDAMÁL** Yfir 500 undirskriftum hefur verið safnað í mótmælaskyni við fyrirhugaða lokun útibús Íslandsbanka við Réttarholtsveg í Reykjavík. Fyrir undirskriftasöfnuninni stóðu þeir Jón R. Sveinsson og Kristinn Breiðfjörð, íbúar í nágrenni við útibúið og viðskiptavinir bankans.

„Bankinn á á hættu að missa fjölda viðskiptavina ef af lokuninni verður,“ segir Jón. „Áður var stefna bankans að koma til fólksins en nú virðist sem stefnan sé að fjarlægjast það,“ segir hann.

Kristinn bendir á ummæli kynningarfulltrúa Íslandsbanka sem birtust í fjölmiðlum af öðru tilefni. „Þar kom fram að forsvarsmönnum Íslandsbanka væri umhugað um að þarfir viðskiptavina bankans væru settar í forgang. Lokun útibúa er ekki í beinu samræmi við þá stefnu,“ segir Kristinn.

Undirskriftalistarnir voru afhentir fulltrúa Íslandsbanka í síðustu viku. „Við munum taka athugasemdir viðskiptavina okkar til skoðunar og verður það gert á næstunni,“ segir Haukur Oddsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Íslandsbanka. - sda


**JÓN R. SVEINSSON OG KRISTINN BREIÐFJÖRÐ** Söfnuðu yfir 500 undirskriftum til þess að mótmæla fyrirhugaðri lokun útibús Íslandsbanka á Réttarholtsvegi í Reykjavík.

# Ósáttir farþegar skrifa og hringja

**Íbúar í Breiðholti og Árbæ virðast manna ósáttastir við nýtt leiðakerfi Strætó bs. ef marka má fjölda kvartana og fyrirspurna sem berast til þjónustuvers. Framkvæmdastjórinn segir fjölmörg erindi hafa borist eftir að breytingarnar tóku gildi.**

**SAMGÖNGUR** Flestar fyrirspurnir og kvartanir um verri þjónustu Strætó bs. eftir að nýtt leiðakerfi tók gildi berast úr Árbæ og Breiðholti, að sögn Þórhildar Jónsdóttur í þjónustuveri. Notendur strætisvagna í Árbæ segjast vera allt að klukkutíma í og úr vinnu eftir að nýja kerfið var tekið í notkun. Í Breiðholti er mest kvartað undan því að vögnum hafi verið fækkað og þeir aki ekki eins mikið inni í hverfin nú og meðan fyrra kerfi var við lýði.


**HVERFISRÁÐ** Formaður hverfisráðs í Árbæ, Dagur B. Eggertsson, kveðst engar kvartanir hafa fengið.

Þórhildur segir að þeir sem hafi hringt og verið í vandræðum með að komast leiðar sinnar hafi fengið leiðbeiningar. Þeim sem hafi hringt inn með beinar kvartanir hafi verið vísað á skiptiborð Strætó bs. Hún segir greinilegt að þörf hafi verið á að kynna fólki betur breytingu á tíðni ferða á stofnleiðum á álagstímum, en nú er ekið á tuttugu mínútna fresti í stað tíu mínútna, eins og boðað hafði verið í leiðabók.


**ÁSGEIR EIRÍKSSON** Framkvæmdastjóri Strætó bs. kveðst hafa tekið við 150-250 erindum vegna breytinga leiðakerfisins á höfuðborgarsvæðinu.

Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó bs., kveðst ekki hafa nákvæma tölu yfir erindi sem borist hafi vegna breytinga á leiðakerfi strætisvagnanna. Hann segist giska á að þau séu á bilinu 150-250. Um það bil helmingur sé kvartanir, en einnig fyrirspurnir og svo ánægjuyfirlýsingar með nýja kerfið. Fólk hafi oftast samband í gegnum tölvupóst, en einnig sé talsvert hringt.

„Þessi erindi verða tekin saman og unnið úr þeim,“ segir Ásgeir. „Stjórn fyrirtækisins verður svo upplýst um innihald þeirra. Í ljósi þess hve mikla grundvallarbreytingu er um að ræða kemur þessi fjöldi erinda ekki stórkostlega á óvart.“

Varðandi fram komna óánægju íbúa í Árbæ segir Ásgeir að þar sé nú boðið upp á hraðleið niður í bæ. Ekki sé víst að fólk hafi almennt kynnt sér möguleika nýja kerfisins.

Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi er formaður hverfisráðs Árbæjar. Hann kvaðst ekki hafa fengið kvartanir vegna breytinga á leiðakerfinu.

jss@frettabladid.is


**STRÆTÓRAUNIR** Íbúar í Árbæjarhverfi sem þurfa að nota strætisvagna segjast vera miklu lengur að komast milli staða eftir að nýtt leiðakerfi tók gildi.

Ítrekað farið í leyfisleysi um Fáskrúðsfjarðargöng:

# Lokað á sjúkraflutninga um göngin

**SJÚKRAFLUTNINGAR** Þar sem ökumenn hafa ítrekað farið í leyfisleysi í gegnum Fáskrúðsfjarðargöng og valdið þar spjöllum hafa starfsmenn Ístaks neyðst til að afturkalla leyfi sjúkraflutningamanna á Suðurfjörðum Austfjarða til að nýta göngin í bráðatilfellum. Einar Rafn Haraldsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, segir að sjúkraflutningamenn hafi undanfarna mánuði haft lykil að lás á keðju sem þeir hafi getað opnað í neyðartilfellum og sparað með því um 25 mínútna aksturstíma þegar mikið hefur legið við. „Óprútnir aðilar hafa ítrekað klippt á keðjuna og ekið í óleyfi inn í göngin, valdið þar skemmdum og stolið frá verktakanum. Því geta sjúkraflutningamenn ekki notað göngin á meðan starfsmenn Ístaks eru í sumarleyfum fram til 9. ágúst,“ segir Einar Rafn.

Almennri umferð verður hleypt á Fáskrúðsfjarðargöng 9. september en samkvæmt verksamningi áttu verklok að vera 3. október. - kk

MYND/HÝV



**GANGAMUNNINN** Sjúkraflutningamenn geta ekki notað Fáskrúðsfjarðargöng næstu daga þar sem verktakinn hefur neyðst til að loka á alla umferð um göngin vegna skemmda sem unnar hafa verið í göngunum.


Nettó Nettó Nettó
njóttu þess að versla í Nettó
899 kr.kg.
Gourmet ungnautahakk
verð áður 1.338 kr.kg.
30% afsl.
SS Grand Orange helgarsteik
kraftmikil kjötsúpa
GOÐI -alltaf góður
399 kr.kg.
Goða súpukjötsveisla
verð áður 499 kr.kg.
35% afsl.
Holta kjúklingaáleggin
sparar 420 kr.kg.
979 kr.kg.
Borgarnes pestó lambagrillsneiðar
verð áður 1.399 kr.kg.
sparar 899 kr.kg.
1.999 kr.kg.
SS púrtvínslegið lambafille
verð áður 2.898 kr.kg.
40% afsl.
Íslandsfugls læri m. legg magnp.
35% afsl.
Eldfugls hjúpaðir bitar
99 kr.
Pepsi Max 2 ltr.
580 kr.kg.
SS Mexíkópylsur
pylsu-dagar!
479 kr.kg.
Holta kjúklingapylsur
399 kr.kg.
BK Medesterpylsa
50% afsláttur
524 kr.kg.
BK morgunverðarpylsur
allt í matinn á einum stað
www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 4. til 7. ágúst (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi
netto




Sautján þúsund löggæslumenn grípa til aðgerða:

# Mótmælendur stöðvaðir

**ÍSRAEL, AP** Mikil mótmæli hafa verið við Gaza-svæðið í gær og í fyrradag þar sem Ísraelar mótmæla þeirri ákvörðun stjórnvalda að rýma svæðið. Talið er að um tíu þúsund manns hafi mótmælt, en um sautján þúsund löggæslumenn komu í veg fyrir að þeir kæmust inn á svæðið.

Öðrum Ísraelum en þeim sem enn búa á svæðinu var bannað að fara á Gaza-svæðið til að koma í veg fyrir að róttækir gyðingar reyndu að spilla fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um brottflutning. ■



MYND/AP

**FARIÐ MEÐ BÆN** Andstæðingur brottflutningsins les hér upp úr bænabók meðan mótmælin standa yfir.

DNA-rannsóknir sýndu fram á sakleysi:

# Saklaus í fangelsi í 26 ár

**BANDARÍKIN, AP** Luiz Diaz, Bandaríkjamanni af kúbönskum uppruna, var í gær sleppt úr fangelsi eftir 26 ára dvöl þar. Diaz hafði verið dæmdur fyrir fjölda nauðgana en nýjar DNA-rannsóknir sýndu að hann var saklaus. Þrjátíu vinir og ættingjar stóðu upp og klöppuðu eftir að dómarinn lýsti Diaz frjálsan mann.

Diaz er giftur og á þrjú börn. Hann var sakfelldur árið 1980 og dæmdur í lífstíðarfangelsi. Hann hafði verið sakaður um 25 nauðganir sem áttu að hafa átt sér stað á þriggja ára tímabili.

Dómurinn var á sínum tíma byggður á því að átta fórnarlambanna töldu sig bera kennsl á Diaz, en tvö þeirra breyttu framburði sínum þrettán árum síðar. Samtök lögfræðinga í Bandaríkjunum sem sérhæfa sig í því að fá saklausa fanga lausa með DNA-rannsóknum höfðu unnið í máli hans.

Fyrrum dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, Janet Reno, var saksóknari þegar Diaz var dæmdur á sínum tíma. Hún hefur ekki svarað símtölum blaðamanna.

- grs



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**FRJÁLS EFTIR 26 ÁR** „Sigur" var það sem Luis Diaz sagði við blaðamenn þegar hann gekk frjáls maður úr réttarsal.

Bandarísk könnun:

## Hafa áhyggjur af ímyndinni

**BANDARÍKIN, REUTERS** Meirihluti Bandaríkjamanna virðist hafa áhyggjur af utanríkisstefnunni og vaxandi hatri í múslimaríkjum gagnvart Bandaríkjamönnum. Þá segja 63 prósent þeirra að stjórnvöld hafi verið of fljót á sér að efna til innrásar í Írak. Þetta kemur fram í könnun samtakanna Public Agenda sem starfa með tímaritinu Foreign Affairs.

Ein af niðurstöðum könnunarinnar er að það virðist ekki vera rétt að Bandaríkjamenn viti ekki og sé sama um það hvað umheiminum finnist um Bandaríkin. Þvert á móti virðist þeir meðvitaðir um það og hafi áhyggjur af þróuninni. ■

### ÞÝSKALAND

**ÞUNGUR RÓÐUR SCHRÖDERS** Samkvæmt skoðanakönnun sem birtist í Þýskalandi í gær hefur stuðningur við flokk Gerhards Schröder, kanslara Þýskalands, dalað nokkuð og fengi flokkurinn 26 prósent atkvæða. Kristnir demókratar, helsti stjórnarandstöðuflokkurinn, fengi samkvæmt sömu könnun 45 prósent atkvæða. Þingkosningar fara fram eftir einn og hálfan mánuð.

### SAUDI-ARABÍA

**SVERJA ABDULLAH KONUNGI HOLLUSTU SÍNA** Helstu klerkar, ætthöfðingjar og aðrir valdamenn í Sádi-Arabíu komu til höfuðborgarinnar Riyadh í gær til að votta Abdullah konungi hollustu sína. Rétt fyrir athöfnina hitti Abdullah Karl Bretaprins og síðar um daginn hitti hann Dick Cheney, varaforseta Bandaríkjanna. Abdullah, sem er 81 árs, er sjötti konungur ríkisins.



# ÚTSALA

# 20-70%

afsláttur

## Ótrúlegt úrval af raftækjum
## Komdu strax...

RAFTÆKJAVERZLUN ÍSLANDS HF

- ANNO 1929 -

**Opið** virka daga kl. 9-18
Laugardaga kl. 11-16

Skútuvogur 1 • Sími 568 8660 • ri@ri.is

**Gerðu betri kaup**

KORTER.IS

„ORÐRÉTT“

*„Ég met það auðvitað mikils að Reykvíkingar skuli hafa trú á mér, sérstaklega þar sem ég er ekki búinn að lýsa yfir framboði í eitt né neitt.“*

GÍSLI MARTEINN BALDURSSON
BORGARFULLTRÚI Í FRÉTTABLAÐINU.

*„Stórkostlegt! Það eru sem sagt mjaðmirnar á mér sem grennast á meðan gengin eru þessi skref frá áttundu sætaröð.“*

HILDUR E. ÞORVALDSDÓTTIR,
ÓÁNÆGÐUR FLUGFARÞEGI, Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær
# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Lína kemur heim í dag*



Nú eru það bara síðustu skrefin. Í dag lýkur þessari löngu göngu okkar halta og blinda. Við erum sammála um að tilfinningin sé góð enda hefur ferðin að allra mati tekist mjög vel.

Við gengum Hvalfjörðinn í gær og hann er mun fallegri en þegar maður þurfti að keyra hann áður en göngin komu. Síðan fór Tómas trússbílstjórinn okkar að veiða í Hvammsvík og veiddi ekkert ef frá er talinn þýskur ferðamaður, sem var að vísu kvenmaður. Hann sleppti henni þó aftur eins og góðir veiðimenn gera við hrygnurnar. Tómas er alger snillingur og hefur gengið hluta af leiðinni og leyst Bjarka af á hverjum degi. Síðan hefur þessi elska verið duglegur að gefa okkur að borða líka.

Það hefur gengið furðanlega vel að halda húmornum uppi á ferðalagi okkar. Lína langsokkur er einnig hress og kát og hefur verið nokkuð stillt undanfarið. Hún biður að heilsa öllum og vonast til að sjá sem flesta þegar við komum á Ingólfstorg á morgun. Lína fer eins og við hinir heim til sín í dag en hún á heima á Sjónarhóli.

Við leggjum af stað á hádegi frá Esjunni og ætlum að ljúka hringnum klukkan þrjú við Rauðavatn. Við verðum á Ingólfstorgi um fimmleytið þar sem einhverjir framámenn flytja ávörp og eitthvað verður um söng og hopp og hí.

Við vonum að sem flestir láti sjá sig í dag.

**Með kærri kveðju, Bjarki og Guðbrandur**

**SJÓNARHÓLL**
**GAY PRIDE HÁTÍÐIN**



**HJÖRDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR**
Kynningarstjóri Reykjavíkurmaraþons.

### *Frábær stemning*

Árleg fagnaðarhöld samkynhneigðra, Gay Pride hátíðin, verða nú um helgina. Hátíðin hefur fyrir löngu skipað sér sess meðal stærstu menningarviðburða hvers árs hér á landi og þúsundir leggja leið sína í miðbæinn til að fylgjast með skrúðgöngunni. „Mér finnst þetta frábær hátíð,“ segir Hjördís Guðmundsdóttir, kynningarstjóri Reykjavíkurmaraþons. „Ég ætla að sjá skrúðgönguna í ár. Ég reyni alltaf að fara ef ég er í bænum en var reyndar úti á landi í fyrra og missti af hátíðinni.“ Hjördís segir lífið í bænum og stemninguna það sem standi upp úr í kringum hátíðina. „Það myndast alveg frábær stemning og ég vona að það komi jafn margir í bæinn 20. ágúst þegar maraþonhlaupið er, ekki endilega bara til að hlaupa heldur líka til að ná upp góðu andrúmslofti.“ Hjördís kveðst þó ekki aðeins fara á hátíðina til að skemmta sér heldur vilji hún líka sýna stuðning sinn við samkynhneigða í verki.

# A-dúr er eins hvort sem er hjá Brimkló eða Beethoven

**Í síðustu viku undirritaði Ólafur Þór Kristjánsson þjónustusamning við Kópavogsbæ, sem greiðir þrjú stöðugildi við nýjan tónlistarskóla sem Ólafur hefur stofnað ásamt Ásgeiri Ásgeirssyni. Skólinn ber heitið Tónsalir og er um margt nýstárlegur enda er hugmyndasmiði hans ekki fisjað saman.**

Ólafur hefur marga fjöruna sopið í tónlistinni en hann hefur verið bassaleikari í fjölmörgum hljómsveitum og nægir þar að nefna Sóldögg, Galileó og hljómsveit Páls Rósinkrans. Hann er einnig lærður kokkur. „Ég varð þó fljótlega að leggja pönnuna á hilluna þar sem fiski- og ölgersofnæmi voru mér til trafala á þeim vettvangi en ég er nú eiginlega bara þakklátur fyrir að svo fór, núna þegar ég lít til baka,“ segir Ólafur.

En hvernig datt honum í hug að stofna tónlistarskóla? „Ég var að keyra Ragnar fósturson minn í tónlistarskóla í Reykjavík, því allir tónlistarskólar voru troðfullir í Kópavogi, þegar hugmyndin að Tónsölum kviknaði,“ útskýrir hann.



**ÓLAFUR ÞÓR KRISTJÁNSSON** Bassaleikarinn hugljúfi lagði pönnuna á hilluna vegna ofnæmis en dreif sig í viðskiptafræði og hefur nú komið nýstárlegum tónlistarskóla á koppinn í Kópavogi.

FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Það getur tekið tíma og þrek að koma hugarfóstri sínu á legg en Ólafur vissi á hvað hann stefndi og hvað þyrfti til svo þangað yrði komist. „Ég var náttúrlega með þennan tónlistarlega bakgrunn en allt hitt vantaði svo ég fór í viðskiptafræði í háskólanum með það fyrir augum að læra að stofnsetja og reka svona batterí. En svo er ég mjög þakklátur fyrir að Kópavogsbær skyldi hafa kjark og metnað til að gera mér kleift að koma þessu á koppinn.“

Markmið Ólafs með skólanum er þó ekki einungis að verða við eftirspurninni eftir tónlistarkennslu í Kópavogi heldur ætlar hann að brydda upp á nýjungum við kennsluna.

„Þessi skóli byggir á svokallaðri hrynforskrift þar sem áherslan er aðallega lögð á hrynjandi. Það felur í sér að laða kennsluefnið að nemandanum og því sem hann hefur áhuga á þannig að ég sem kennari leita á náðir Iron Maiden-laganna ef áhugasvið nemandans krefst þess. Það er hægt að fara svo margar leiðir við tónlistarkennslu enda er a-dúrinn eins hjá Brimkló og Beethoven,“ segir Ólafur og brosir við.

Eflaust vildu margir vera fluga á vegg þegar áhugasvið nemanda krefst þess að þessi hugprúði bassaleikari bregði fyrir sig þungarokki eða pönki.

**jse@frettabladid.is**


Bókin sem allir eru að lesa

4 vikur á toppnum




„Hröð, fyndin og átakanleg“
- The New York Times Book Review

„Ótrúleg sýn, bæði grátleg og fyndin, á líf súpermömmunnar.“
- The New York Times

„Ímyndið ykkur Kate Reddy sem Bridget Jones, eldri, þroskaðri, gift, útivinnandi móðir tveggja stúlkna ... bráðskemmtilegt.“
- Entertainment Weekly

Bók sem allar mæður í hjáverkum verða að lesa!

1. sæti
Kiljur
Penninn Eymundsson og Bókabúðir MM
20. júlí–26. júlí.

VAKA-HELGAFELL
edda.is

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA




**FLAGGHÚSIÐ** Mikið verk er fyrir höndum við að koma einu elsta húsi Grindavíkur í upprunalegt horf.

Flagghús gengur í endurnýjun lífdaga:

## Markar upphaf Grindavíkur sem bæjarfélags

Eitt elsta hús Grindavíkur, Flagghúsið, hefur verið að hruni komið síðustu ár. Erling Einarsson í EP verk hf. hefur ákveðið að koma húsinu í upprunalegt horf en talið er að það hafi verið byggt árið 1917.

„Það á eftir að finna því hlutverk,“ segir Erling, sem erfði Flagghúsið eftir foreldra sína. Hann segir nauðsynlegt að varðveita gömul hús sem séu án efa menningarverðmæti.

„Þetta er upphaf Grindavíkur sem bæjarfélags. Þetta er hús númer eitt og öll húsnúmer liggja út frá þessum punkti. Það markar bæði upphaf verslunar og þéttbýlismyndunar í Grindavík og er það eina sem eftir er af gömlu verslunarhúsunum,“ segir Erling, sem telur þó enga von til þess að verkið muni borga sig.

Flagghúsið fékk viðurnefni sitt af því að það þjónaði sjófarendum á Járngerðarstaðasundi. Þaðan voru sjófarendum gefnar leiðbeiningar úr landi um veðurhorfur og lendingaraðstæður en sundið var erfitt, jafnvel vönum mönnum, og landtaka oft erfið og illfær. Mikil stöng var sett á norðurgafl Flagghússins þar sem hífður var upp einn belgur ef vá var í vændum og tveir þýddu aðgát á sundi og brim í lendingu.

**- sgi**

Niðjar Flateyinga á Skjálfanda:

# Björguðu bryggjunni með samhentu átaki

„Bryggjan var orðin ansi illa farin og við óttuðumst að hún færi í næsta brimi,“ segir Örlygur Hnefill Jónsson lögmaður, einn þeirra sem tóku þátt í að gera upp bryggjuna í Flatey á Skjálfanda á dögunum. „Það var myndarlegur hópur sem tók sig saman um framkvæmdina. Öll eigum við ættir að rekja til Flateyjar og sum okkar eiga hús þar.“



**ÖRLYGUR HNEFILL JÓNSSON**

Fjórtán íbúðarhús eru í Flatey, auk skólabyggingar, kirkju og samkomuhúss. Byggð lagðist af í eynni árið 1967 en margir sem eiga ættir að rekja þangað dvelja þar yfir sumarið. Bryggjan í Flatey var reist árið 1930 og lengd árið 1947, en hefur ekki verið haldið við um nokkurt skeið. Lengi var flugvöllur í Flatey en hann skemmdist árið 1975 þegar Hvassafellið strandaði á eynni. Bryggjan er því eina aðkoman fyrir stærri báta með ferðamenn.

Til að gera bryggjuna upp þurfti að flytja um fimmtíu tonn af efni til eyjarinnar auk tækja og tóla. „Það lögðust allir á eitt og þessu var lokið á innan við viku,“ segir Örlygur Hnefill. „Þetta hefði ekki verið hægt nema með mikilli samstöðu og það væri óskandi að fólk sýndi hana oftar. Þá væri þjóðfélagið betra.“ -bs



**FRÁ BRYGGJUSMÍÐINNI** Bryggjunni hefur ekki verið haldið við lengi og var óttast að fyrr en síðar yrði hún briminu að bráð.



**FLUGTAK** Það er engu líkara en að srílankski krikketleikarinn Pradeep Jayaprakash sé að hefja sig til flugs.



MYND/PÁLL ÖNUNDARSON

**MIKIL GLEÐI** Hinn innri maður kemur í ljós í mýrarknattspyrnu.

Mýrarboltamót á Ísafirði:

## Í fótbolta í drullu og for

Drulluskítugt, blautt og forugt fólk eltir fótboltatuðru í mýrarsvaði á Ísafirði helgina 12. til 14. ágúst þegar mýrarboltamót í knattspyrnu verður haldið í annað sinn. Það var haldið í fyrsta sinn í fyrra af nokkrum knattspyrnuáhugamönnum á Ísafirði en tveir eldhugar voru þá nýlega komnir heim af heimsmeistaramóti í mýrarbolta í Finnlandi.

Rúnar Óli Karlsson, einn skipuleggjenda, segir að mótið stíli inn á knattspyrnuáhugamenn enda meira grín en alvara á ferðum. Rúnar býst við um fimmtán liðum í keppnina. Kvenþjóðin lætur ekki sitt eftir liggja og hafa kvennalið þegar skráð sig til leiks. Rúnar segir svipaðar reglur gilda um mýrarbolta og venjulegan fótbolta en þó séu reglurnar sveigjanlegri. „Maður kemst einhvern veginn í snertingu við sinn innri mann,“ segir Rúnar, sem hlakkar mikið til að velta sér upp úr drullunni.

Hægt er skoða myndir frá keppninni í fyrra á www.myrarbolti.com - sgi

Strípalingur jarðsunginn:

## Sviptur Adamsklæðunum

Það er óhætt að segja að réttindabarátta Bandaríkjamannsins Roberts Norton nái út fyrir gröf og dauða. Árum saman barðist hann fyrir því að ganga um nakinn á almannafæri, sem hann taldi vera stjórnarskrárbundinn rétt. Á fjörutíu ára tímabili var hann dreginn um tuttugu sinnum fyrir rétt fyrir að sinna garðverkum heima hjá sér á Adamsklæðunum einum saman.

Norton, sem lést fyrir skemmstu 82 ára að aldri, verður lagður til hinstu hvílu í dag kappklæddur þrátt fyrir óskir sínar um annað. „Hann verður ekki grafinn nakinn,“ segir séra Jack Norton, bróðir Roberts.

Ættingjar Nortons segja hann ekki hafa verið með réttu ráði síðan hann barðist í seinni heimsstyrjöld. Duane, bróðir Roberts, lýsir honum sem náttúruunnanda sem taldi sig komast nær náttúrunni með nekt sinni.

Robert Norton verður jarðsunginn í gráum buxum og skyrtu í stíl. ■


TOSHIBA



**Toshiba Satellite M40X-105**

**Örgjörvi:** Intel Celeron M 1.5GHz
**Minni:** 256MB DDR minni (Mest 1.25GB)
**Diskur:** 40GB
**Skjár:** 15.4" WXGA (1280x800)
**Skjástýring:** Intel GMA 900
**Geisladrif:** CDRW/DVD Combo

*SD minniskortalesari*
*10/100 netspjald og V.90 mótald*
*VGA & sjónvarpstengi*
*3x USB 2.0, FireWire*
*Þyngd 2,95 kg*
*Rafhlaða allt að 3,4 klst.*

**Hugbúnaður:** Windows XP Home, Internet Security (90 daga), MS One Note 2003, MS Works

**89.700,-**

**FYLGIHLUTAPAKKI !**

**Þér býðst fylgihlutapakki að andvirði 16.000 kr.** á aðeins 3.000 kr. með kaupum á fartölvu hjá Pennanum.

**Pakkinn inniheldur:** Fartölvustand, úlnliðspúða, fartölvulás, músamottu og handritahaldara ásamt fartölvubakpoka.

-80%

# 2 klárar í skólann



**Toshiba Satellite M40-133**

**Intel® Centrino™ tækni**
**Örgjörvi:** Intel Pentium M 1.6GHz 2MB
**Minni:** 512MB DDR minni (Mest 2GB)
**Diskur:** 60GB
**Skjár:** 15.4" WXGA (1280x800)
**Skjástýring:** ATI X300 64MB
**Geisladrif:** DVD geislaskrifari

*Media Bay kortalesari*
*Þráðlaus netstýring 54Mbps*
*10/100 netspjald og V.90 mótald*
*VGA & sjónvarpstengi*
*3x USB 2.0, FireWire*
*Þyngd 2,78 kg*
*Rafhlaða allt að 3,7 klst.*

**Hugbúnaður:** Windows XP Home, Internet Security (90 daga), MS One Note 2003

**144.700,-**

**KB Námsmenn sem kaupa fartölvu í Pennanum fá glæsilegan kaupauka* að verðmæti 20.000 kr.**

**Skrifborðsstóll** að andvirði 10.550 kr.
**Vönduð fartölvutaska** að andvirði 6.990 kr.
**Kortalesari** að andvirði 2.290 kr.
* Gildir á meðan birgðir endast

**KB Námsmenn** geta fengið allt að **300.000 kr.** tölvukaupalán til allt að þriggja ára á mjög hagstæðum kjörum. Nánari upplýsingar á **kbnamsmenn.is**.

KB Námsmenn KB BANKI Penninn

**Penninn Hallarmúla 2** s. 540 2065 **Penninn Hafnarstræti 91-93** Akureyri s. 461 5050

## SVONA ERUM VIÐ

Verg landsframleiðsla




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** VERG ÞJÓÐARFRAMLEIÐSLA

## *Verðmæti alls sem við framleiðum*

Hagfræðingum sem og öðrum er tamt að tala um verga þjóðarframleiðslu eða verga landsframleiðslu og kemur þetta oft fyrir í fjölmiðlum þegar verið er að fjalla um efnahagsmál.

**Hvað er verg þjóðarframleiðsla?**
Verg þjóðarframleiðsla er notað yfir verðmæti allra vara og þjónustu sem íslenska þjóðin framleiðir á ársgrundvelli. Er þá eingöngu verið að tala um íslenska þegna en ekki til að mynda þær þúsundir erlendra ríkisborgara sem hér starfa lengur eða skemur og njóta hér tekna sem að einhverju eða öllu leyti fara út fyrir landsteinana. Að sama skapi teljast með þær tekjur sem íslensk fyrirtæki afla á erlendri grund.

**Hvað er verg landsframleiðsla?**
Sami hlutur og þjóðarframleiðsla nema að þegar reiknuð er verg landsframleiðsla er talinn saman afrakstur allra þeirra sem hér starfa hvort sem um Íslendinga eða útlendinga er að ræða. Vegna þess hve Íslendingar skulda mikið erlendis hefur verg þjóðarframleiðsla verið lægri en verg landsframleiðsla á landinu.

**Hvaða munur er á vergri þjóðarframleiðslu og hreinni?**
Hann felst í afskriftum en verg þjóðarframleiðsla á við um brúttó þjóðarframleiðslu. Til að fá tölur yfir hreina þjóðarframleiðslu verður að draga afskriftir af eignum í landinu frá vergri þjóðarframleiðslu og er hún því ávallt minni fyrir vikið.



## SPURT & SVARAÐ

MÓTTAKA FLÓTTAMANNA

### *Fólki bjargað úr lífshættu*

Þrjátíu flóttamenn frá Kólumbíu og Kosovo eru á leið til Reykjavíkur en vonast er til að fólkið komi áður en grunnskólar hefjast upp úr miðjum ágúst. Árni Gunnarsson er formaður flóttamannaráðs.

**Af hverju kemur fólkið til Reykjavíkur?** Vegna þess að Reykjavík hefur ekki enn tekið á móti flóttamönnum og borgaryfirvöld hafa sýnt því áhuga. Búseta í Reykjavík hefur bæði í för með sér kosti og galla, oft myndast persónulegri tengsl úti á landi en Reykjavíkurborg hefur upp á mjög hæft starfsfólk að bjóða fyrir þennan hóp flóttamanna sem samanstendur að mestu af einstæðum mæðrum.



**ÁRNI GUNNARSSON** Formaður flóttamannaráðs.

**Hvernig er fólkið valið?** Við fáum forvalslista frá Sameinuðu þjóðunum með fjölskyldum sem við tölum við. Við tökum mið af nokkrum þáttum en fyrst og fremst reynum við að taka það fólk sem er í mestri neyð og það fólk sem passar inn í íslenskt samfélag. Umburðarlyndi gagnvart einstæðum mæðrum er til dæmis meira hér en víða annars staðar.

**Hvernig aðstæður býr fólkið við í dag?** Það býr við ömurlegar aðstæður. Hluti af fólkinu sætir hótunum og er jafnvel í lífshættu. Ungar einstæðar mæður eiga mjög erfitt uppdráttar í löndum eins og Kólumbíu.

# Bretar óttast fleiri hryðjuverk

**Fjórar vikur eru í dag liðnar frá því að hryðjuverkaárásir urðu 52 að bana í neðanjarðarlestum og strætisvagni í Lundúnum. Réttum tveimur vikum síðar var gerð tilraun til svipaðra árása en þá varð engum meint af. Óttast er að fleiri árásir verði gerðar á borgina og er viðbúnaður lögreglu mikill.**

Mikið álag hefur verið á breskum lögregluþjónum síðustu vikur í kjölfar tveggja sprengjuárása á Lundúnir í síðasta mánuði. Fyrri árásin átti sér stað fyrir réttum fjórum vikum, fimmtudaginn 7. júlí, og varð hún 52 að bana. Tilraun var gerð til sambærilegrar árásar nákvæmlega tveimur vikum síðar, fimmtudaginn 21. júlí, en hún mistókst og engin slys urðu á fólki.

Lögregla og leyniþjónusta óttast frekari árásir og löggæsla er gríðarleg í Lundúnum, einkum í neðanjarðarlestum.

**Mannskæð árás**
Rúmlega fimmtíu létust og sjö hundruð særðust þegar sprengjur sprungu í þremur neðanjarðarlestum og strætisvagni í miðborg Lundúna hinn 7. júlí. Tilræðin áttu sér stað snemma morguns á fjölförnum leiðum og greip mikil skelfing um sig.

Sprengjur sprungu nær samtímis í neðanjarðarlestum við Liverpool Street og Edgware Road lestarstöðvarnar og í lest á ferð milli King's Cross og Russell Square stöðvanna. Um klukkustund síðar sprakk einnig sprengja í strætisvagni við Tavistock-torg.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HRYÐJUVERK Í LUNDÚNUM** Tugir manna létust af völdum hryðjuverka í Lundúnum fyrir réttum fjórum vikum, hinn 7. júlí. Lögregluyfirvöld óttast að fleiri árásir verði gerðar á borgina.



**FRÉTTASKÝRING**
ÁRÁSIRNAR Á LUNDÚNIR

**HELGA TRYGGVADÓTTIR**
BLAÐAMAÐUR

**Bretar af erlendu bergi brotnir**
Árásarmennirnir voru fjórir og létust allir í sprengingunum. Mennirnir voru allir breskir ríkisborgarar, þrír af pakistönskum uppruna en sá fjórði fluttist ungur að aldri til Englands frá Jamaíku. Mennirnir höfðu allir búið um langt árabil í Bretlandi, og tveir voru fæddir þar og uppaldir.

Vitað er að tveir mannnanna, Mohammad Sidique Khan og Shezad Tanweer, höfðu sótt trúarskóla í Pakistan. Grunur leikur á því að sá þriðji, Hasib Hussain, hafi einnig dvalið í Pakistan um tíma og komist þar í kynni við öfgasinnaða múslima.

**Sprengjurnar sem ekki sprungu**
Réttum tveimur vikum síðar, fimmtudaginn 21. júlí, gerðu fjórir menn tilraun til að gera sambærilega árás í samgöngukerfi Lundúna. Aftur beindust árásirnar að þremur neðanjarðarlestum og einum strætisvagni en sprengjurnar sem mennirnir komu fyrir sprungu aðeins að hluta og varð engum meint af.

Sprengibúnaður fannst í lestum á Oval og Warren Street lestarstöðunum og einnig um borð í strætisvagni í Hackney. Þá fannst sprengibúnaður í lest skammt frá Shepherd's Bush lestarstöðinni. Talið er að einn maður til viðbótar hafi hætt við þátttöku en sprengiefni fannst í yfirgefnum bakpoka í runna tveimur dögum síðar.

**Fjöldi manns handtekinn**
Breska lögreglan hefur handtekið 37 vegna misheppnuðu sprengjutilræðanna 21. júlí og eru sextán enn í haldi. Þar á meðal eru þrír mannanna fjögurra sem grunaðir eru um tilræðin. Beðið er eftir að Ítalir framselji þann fjórða, Osmain Hussain, en hann var handtekinn í Róm skömmu fyrir helgina.

Fregnir herma þó að framsal Hussains geti tafist, jafnvel um nokkrar vikur, vegna rannsóknar ítalskra yfirvalda á máli hans. Breska dagblaðið The Times segir rannsóknina meðal annars lúta að meintum tengslum bróður Hussains, sem búsettur er í Róm, við peningaþvætti á vegum hryðjuverkasamtakanna al-Kaída.

Rannsókn breskra yfirvalda beinist ekki síst að því að kanna tengsl milli hópanna tveggja sem stóðu að árásunum 7. og 21. júlí. Einnig er verið að kanna tengsl hópanna við al-Kaída.

**Óttast þriðju árásina**
Lögregla og leyniþjónusta telja nær öruggt að þriðja atlagan að samgöngukerfi Lundúna verði reynd, að því er segir í The Times. Viðvaranir hafi borist um að þriðja árásin sé í undirbúningi og að honum standi þriðji hópurinn, líklega breskir múslimar ættaðir frá Pakistan. Tengsl þeirra við skipuleggjendur árásanna 7. júlí eru talin líkleg.

Vísbendingar komu fram um að hópurinn ætlaði að láta til skarar skríða síðastliðinn fimmtudag og voru þá meira en sex þúsund lögregluþjónar á götum úti. Þúsundir lögregluþjóna eru á vakt dag hvern í borginni með tilheyrandi kostnaði.

**Samskipti við múslima erfið**
Tíðni glæpa gegn múslimum hefur aukist gífurlega í Lundúnum síðan árásirnar voru gerðar. Múslimar verða fyrir líkamsárásum en einnig hefur verið tilkynnt um fjölda skemmdarverka á moskum.

Innanríkisráðherra Breta hélt fund á þriðjudag með fulltrúum múslima í Bretlandi um áhrif árásanna. Múslimar eru einnig óánægðir með áreiti sem þeir hafa orðið fyrir á almannafæri vegna rannsóknar málsins.

Þá skaut lögregla brasilískan mann til bana er hann virti ekki fyrirmæli um að stöðva för sína inn á lestarstöð. Síðar kom í ljós að hann tengdist hryðjuverkunum ekki. ■

www.isisport.is www.sjonarholl.is www.isisport.is

## Haltur leiðir blindan – hringnum lokað

### Fimmtudaginn 4. ágúst kl. 16.30

ganga Guðbrandur Einarsson og Bjarki Birgisson lokaáfanga Íslandsgöngunnar fyrir Börn með sérþarfir frá **Hljómskálanum (horni Sóleyjargötu og Skothúsvegar)**, meðfram Tjörninni og að Ingólfstorgi í Reykjavík.

### Kl. 17.00 á Ingólfstorgi

lýkur göngunni formlega með teygjuæfingum, ávörpum og söng.
Blikandi stjörnur, sönghópur á vegum Hins hússins kemur fram.

Guðbrandur og Bjarki hafa með göngu sinni unnið **líkamlegt, andlegt og félagslegt þrekvirki.**

Sýnum að framtak þeirra sé metið að verðleikum með því að fylgja þeim síðasta spölinn og taka þátt í lokaathöfninni á Ingólfstorgi.

Sjónarhóll – ráðgjafarmiðstöð fyrir foreldra barna með sérþarfir.
Háaleitisbraut 13, 108 Reykjavík
Sími: 5351900
Netfang: *sjonarholl@sjonarholl.net*


COLLAGENIST
INTENSE FILL
HÁMARKSVIRKNI
FYLLTU HRUKKURNAR STRAX
NÝTT: „ÁHRIF KOLLAGENS ÁN SKURÐAÐGERÐAR“
Örsmáar einingar úr sjávarkollageni, sem eru líkastar agnarsmáum „svömpum“ þenjast út og sjá húðinni strax fyrir ótrúlegum lyftandi áhrifum.
Collastim, sem er einstök tækninýjung, örvar myndun kollagens og endurmótar þræðina svo stuðningsnet þeirra verður sterkt og reglulegt*. Fjaðurmagn húðarinnar eykst dag frá degi.
Hrukkur virðast fylltar innan frá. Húðin er þéttari, líkt og „endurofin“ frá grunni, geislandi og ungleg.
*Prófanir in vitro.
HELENA RUBINSTEIN
COLLAGENIST INTENSE FILL
Extreme Replumping Treatment - SPF 15
Soin Repulpant Extrême - IP 15
Helena Rubinstein dagar
í snyrtivörudeild Hagkaupa Kringlunni
dagana 4.-10. ágúst
Gjöfin þín* með hverju keyptu kremi
Snyrtibudda sem inniheldur:
• Collagenist næturkerm 15 ml
• Augnkrem 3 ml
• Varakrem 3 ml
• Serum 3 ml
Verðgildi gjafarinnar er 5.100 kr.
* gildir meðan birgðir endast.
www.helenarubinstein.com
HR HELENA RUBINSTEIN
Gildir til 10. ágúst eða á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla
Fæst í snyrtivöruverslun Hagkaupa Kringlunni.

## ÚTGJÖLDIN > ELDSNEYTISVERÐ

Eldsneytisverð hjá Olíufélaginu árið 2005 miðað við fulla þjónustu




# neytendur

*hagur heimilanna*

VINSÆLAR ERLENDAR KILJUR Í VERSLUNUM HÉRLENDIS:

# *Allt að 300 prósenta verðmunur*

Mikill verðmunur er á vinsælum kiljum milli Bóksölu stúdenta annars vegar og Pennans Eymundssonar hins vegar samkvæmt úttekt Fréttablaðsins og er mestur munurinn nálægt 300 prósentum. Kannað var verð á tíu vinsælustu kiljunum samkvæmt nýjasta lista New York Times og reyndist Bóksala stúdenta undantekningarlaust með mun lægra verð og munaði þar miklu eins og sést á meðfylgjandi töflu.

Hins vegar er úrvalið mun meira hjá Pennanum Eymundsson en af tíu vinsælustu bókunum vestanhafs fengust sex þar og aðrar tvær voru rétt ókomnar. Aðeins fjórar bókanna voru til sölu hjá Bóksölu stúdenta en fyrirtækið hóf fyrst sölu á vinsælum erlendum kiljum í vor sem leið. - aöe



**SÖLULISTI NEW YORK TIMES - KILJUR**

| | | Bóksala stúdenta | Penninn Eymundsson |
|---|---|---|---|
| Patricia Cornwell | Trace | 690 | 1.395 |
| Sandra Brown | White Hot | - | 1.395 |
| Khaled Hosseini | Kite Runner | 990 | - |
| Ian Caldwell | Rule of Four | 790 | 1.395 |
| Nora Roberts | Night Tales | - | - |
| Nora Roberts | Black Rose | - | 1.395 |
| Barbara Delinsky | Summer I Dared | - | - |
| Janet Evanovich | Ten Big Ones | - | 1.295 |
| Dan Brown | Angels & Demons | 490 | 1.595 |
| Kay Hooper | Hunting Fear | - | - |

Könnunin fór fram eftir hádegi í gær í Pennanum Eymundsson í Austurstræti og Bóksölu stúdenta við Hringbraut.



## » Eldsneytisverð

## Frekari hækkanir eldsneytisverðs ekki útilokaðar

„Það er engin leið að meta eldsneytisverð fram í tímann á þessari stundu en markaðurinn er afskaplega viðkvæmur,“ segir Stefán Karl Segatta, framkvæmdastjóri innkaupasviðs Skeljungs.

Olíufélögin hækkuðu verð sín á þriðjudaginn var og er nú algengt verð á 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu 111,6 krónur á hvern lítra á höfuðborgarsvæðinu.

Hækkanirnar í þetta skiptið komu í kjölfar hækkana á heimsmarkaðsverði en viðmælendur blaðsins telja ómögulegt að meta hvort verð hækki meira en orðið er eða hvort lækkanir séu í sjónmáli.

Stefán segir það skýrast af óvissuástandi erlendis. „Fræðingar margir hafa spáð lækkunum í haust en aðrir hafa komið til og vísað þeim á bug og telja frekari hækkanir ekki ólíklegar. Þetta snýst fyrst og fremst um skerta getu olíuhreinsistöðva þessa dagana en ekki að það vanti beinlínis olíu. Það hafa orðið óhöpp á nokkrum stöðum undanfarið auk þess sem fellibylir settu strik í reikninginn í Karíbahafi en þar eru margir olíuborpallar.“

Magnús Ásgeirsson, framkvæmdastjóri eldsneytisinnkaupa hjá Olíufélaginu, segist sjálfur ekki trúa því að hækkanir hérlendis verði meiri en orðið er. „Kannski verða frekari sveiflur fram ágústmánuð en sé litið lengra fram á haustið hef ég enga trú á því.“ - aöe




# Varist eftirlíkingar

**Tilkynning í tölvupósti frá greiðslufyrirtækinu PayPal gaf blaðamanni Neytendasíðu til kynna að tæpar 20 þúsund krónur hefðu verið skuldfærðar á kreditkort hans vegna kaupa á sundlaug. Fyrir utan að vera gjafverð fyrir sundlaug vakti tilkynningin furðu og nokkurn óhug.**

**NEYTENDUR** Blaðamaður Neytendasíðunnar rak upp stór augu fyrir tveimur vikum þegar skeyti á póstfangi hans frá virtu greiðslufyrirtæki á netinu gaf til kynna að greiddir hefðu verið rúmir þrjú hundruð dollarar af kortareikningi viðkomandi, um 19 þúsund krónur, inn á reikning fyrirtækis að nafni North Pools í Bandaríkjunum en umrætt fyrirtæki selur sundlaugar.

Þar sem ekki er gert ráð fyrir sundlaug í 40 fermetra húsnæði undirritaðs auk þess sem engin viðskipti höfðu átt sér stað um netið um hríð vakti skeytið furðu og nokkurn óhug.

Það sem gerði málið alvarlegt var að skeytið var sent frá greiðslumiðluninni PayPal, sem er stærsti miðlari greiðslu frá kaupendum til seljenda á netinu. PayPal er þekkt fyrir áreiðanleika og öryggi en gallinn er sá að hafi kaup einu sinni verið gerð gegnum fyrirtækið eru persónulegar upplýsingar og kortanúmer geymd á miðli fyrirtækisins og því ekki útilokað að óprúttnir geti nýtt sér slíkt fái þeir á annað borð aðgang. Með tilliti til þess að svikahrappar komust yfir tugþúsundir persónuupplýsinga og kortanúmera hjá Visa og Mastercard fyrir ekki svo löngu er nauðsynlegt að allir þeir sem verslað hafa gegnum netið séu á varðbergi.

Tilgangur falsvefsíðunnar er að fá fólk til að gefa upp lykilorð sín á PayPal en með þau undir höndum hafa svikahrapparnir tímabundið óheftan aðgang að persónulegum upplýsingum og kreditkortanúmerum. Þær upplýsingar er annað hvort hægt að selja áfram eða nota þangað til umræddur einstaklingur verður þess var. Svari fólk slíkum pósti eða fylgi þeim tenglum sem bent er á að fylgja er hættan á því talsverð.

Slíkum pósti skyldi því aldrei svarað enda er það regla hjá öllum slíkum virtum fyrirtækjum að senda ekki út slík skeyti. Leiki einhver vafi á skal undantekningarlaust hafa samband við kortafyrirtækin og ganga úr skugga um að engar óeðlilegar færslur hafi átt sér stað. Sé um slíkar færslur að ræða skal loka kortinu og fylla út kæru sem kortafyrirtækin rannsaka í kjölfarið. Réttur kortaeiganda er tryggður og skiptir þá engu máli hvort búið er að greiða reikning þar sem óeðlilegar færslur koma fyrir.

albert@frettabladid.is







Tattú pennarnir vinsælu komnir aftur í verslanir!

Nú er ekkert mál að gera flott húðflúr á líkamann sem hægt er að þvo af aftur.

Hálsband og 12 munstur fylgja með í pakkanum.

Sölustaðir: sjá www.amos.is

Heildsöludreifing: Kúndalíní ehf. S: 694-8737


Góð helgi byrjar í Bónus
Tilboðin gilda til 7. ágúst eða á meðan birgðir endast
GRÍSARIFJUR 670 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 838kr.
GRÍSARIFJUR 670 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 838kr.
GRÍSAAHNAKKI 1199 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 1499kr.
20% afsláttur við kassann
GRÍSAGÚLLAS 1279 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 1599kr.
GRÍSASNITSEL 1279 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 1599kr.
30% afsláttur við kassann
ÍSLANDS GRÍSASTEIK 978 kg KR. 30% afsláttur við kassann Merkt verð 1398kr.
Bónus býður betur!
GRÍSAHAKK 559 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 699kr.
ÍS SVÍNAKÓTELETTUR 1119 kg KR. 20% afsláttur við kassann Merkt verð 1398kr.
20% afsláttur við kassann
VILLIKRYDDUÐ HELGARSTEIK 1199 kg KR.
PESTO ROSSO KRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
VILLIBRÁÐARKRYDDAÐAR FRAMPARTSSNEIÐAR
Lambasneiðar
Lambarifjur
KF LAMBARIFJUR 269 kg KR. 10% afsláttur við kassann Merkt verð 299kr.
PESTO/VILLBRÁÐAR 699 kg KR. 40% afsláttur við kassann Merkt verð 1169kr.
MEYRT OG LJÚFFENGT
Nautafille
MEYRT OG GOTT NAUTAFILLE
1998 kg KR.
40% afsláttur við kassann
6 Í BRAUÐRISTINA 259 KR.
HÁLFT KÍLÓ!
Rúgbrauð
79 500g KR.
SÍTRÓNULEGIN
Langa
SÍTRÓNU LANGA 719 kg KR. 40% afsláttur við kassann Merkt verð 1198kr.
40% afsláttur við kassann
ENSKAR PÖNNUKÖKUR
6 skonsur
Sveitabjúgu
Í POTTI
Grandsalat
130 GRAND í potti KR.
98 350g KR.
KOFAREYKT BJÚGU 299 kg KR.
NÝJAR OG FERSKAR 129 kg KR.
Plómur
-og hversdagurinn líka...

# Fartölvuveisla hjá EJS



Fiton/SIA




Latitude 110L er alvöru fartölva á verði sem hefur ekki sést áður. Hún uppfyllir allar kröfur en er laus við íburð og óþarfa. Þetta er skemmtileg og vönduð tölva sem kemur á óvart.

## Dell Latitude 110L

- Intel® Celeron M350 örgjörvi, 1.30GHz/1MB, 400MHz FSB og Intel® PRO þráðlaust netkort 2200 802.11b/g
- 256MB 333MHz vinnsluminni (allt að 2GB)
- 15" XGA skjár (1024x768) Intel 910GML skjástýring
- 40GB harður diskur og DVD/CD-RW geisladrif
- 8 Cell 65WHr Li-Ion rafhlaða
- Lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 2ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **84.900,-**

**Verð á mánuði 2.792,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

## Dell Latitude D510

- Intel® Celeron® M 350 örgjörvi 1.30GHz/1MB, 400MHz FSB, Intel® PRO þráðlaust netkort 2200 802.11b/g og innbyggt Bluetooth
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (allt að 2GB)
- 15" XGA skjár (1024x768), Intel 955GM skjástýring
- 40GB harður diskur og DVD/CD-RW geisladrif
- 6 Cell 65WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **119.900,-**

**Verð á mánuði 3.942,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

## Dell Latitude D510

- Intel® Pentium® M 730 örgjörvi 1.60GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PRO þráðlaust netkort 2200 802.11b/g og innbyggt Bluetooth
- 512MB 400MHz DDR2 vinnsluminni (allt að 2GB)
- 15" XGA skjár (1024x768), Intel 955GM skjástýring
- 60GB diskur og DVD/+RW geisladrif (skrifar DVD)
- 6 Cell 65WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge
- Íslenskt lyklaborð og snertimús (TouchPad)
- Microsoft Windows XP Professional
- 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS

Tilboðsverð **139.900,-**

**Verð á mánuði 4.600,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.



Dell Latitude D510 sameinar mikil afköst og hagstætt verð. Rúmgóður diskur og snöggur geislaskrifari tryggja að afrek þín falla ekki í gleymsku. Hún er búinn góðum örgjörva, skjá og rafhlöðu og stekkur beint inn á þráðlaus net svo þú sért frjáls ferða þinna.



**Hugbúnaðartilboð með tölvu**

PC-cillin 2005 vírusvörn **2.990,-**

MS Office 2003 námsmannaútgáfa **14.900,-**

**Dell tölvur fást hjá EJS og eftirtöldum aðilum:**

TÖLVU- OG RAFEINDAÞJÓNUSTA SUÐURLANDS / Selfossi / 480 3300 • TÖLVUN / Vestmannaeyjum / 481 1122 • TÖLVUÞJÓNUSTAN Á AKRANESI / Akranesi / 430 7000 • TÖLVUSMIÐJAN / Neskaupstað / 470 2230 / Egilsstöðum / 470 2220 • TÖLVUÞJÓNUSTA VESTURLANDS / Borgarnesi / 437 2260 • MAREIND / Grundarfirði / 438 6611 • NETOS / Ísafirði / 456 8440 • BVT / Vík / 487 1510 • R. SIGMUNDSSON / Reykjavík / 520 0000 • BÓKAVERSLUN ÞÓRARINS STEFÁNSSONAR / Húsavík / 464 1234

# Það nýjasta frá Dell á frábæru verði



## Dell Latitude D810

| |
|---|
| Intel® Pentium® M 730 örgjörvi 1.60GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PROWireless 2200 Mini-PCI kort 802.11b/g og innbyggt Bluetooth |
| 512MB 533MHz vinnsluminni (allt að 2GB) |
| 15,4" WSXGA skjár (1680 x 1050) |
| ATI Mobility RADEON X300 64MB DDR skjákort |
| 60GB diskur, DVD/+RW geisladrif (brennir DVD) |
| 9 Cell 80WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge |
| Ísl. lyklaborð & DualPoint snerti- og pinnamús |
| Microsoft Windows XP Professional |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

Tilboðsverð **159.900,-**

**Verð á mánuði 5.258,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

## Dell Latitude D810

| |
|---|
| Intel® Pentium® M 740 örgjörvi 1.73GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PROWireless 2200 Mini-PCI kort 802.11b/g og innbyggt Bluetooth |
| 1024MB 533MHz vinnsluminni (allt að 2GB) |
| 15,4" WSXGA skjár (1680 x 1050) |
| ATI Mobility RADEON X600 128MB DDR skjákort |
| 60GB diskur, DVD/+RW geisladrif (brennir DVD) |
| 9 Cell 80WHr Li-Ion rafhlaða með Express Charge |
| Ísl. lyklaborð & DualPoint snerti- og pinnamús |
| Microsoft Windows XP Professional |
| 3ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

Tilboðsverð **194.900,-**

**Verð á mánuði 6.409,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Latitude D810 er byggð á Intel Centrino tækninni og er ein öflugasta fartölva sem völ er á. Þú þarft aldrei að slá af kröfum um vinnsluhraða, stöðugleika og tengimöguleika þó tölvan sé létt og meðfærileg. Hún kemur einfaldlega í staðinn fyrir borðtölvuna – en er bara miklu fallegri!





Dell Inspiron 9300 er rosaleg fartölva. Undir óvenjulegu útlitinu er nýjasti og öflugasti vélbúnaður sem völ er á: Hörku örgjörvi, þráðlaust netkort, BlueTooth og nýjasta leikjaskjákortið frá NVIDIA. Skjárinn er 17 tommur og einstaklega skarpur. Ef hann væri stærri væri þetta ekki fartölva lengur!

## Dell Inspiron 9300

| |
|---|
| Intel® Pentium® M 750 örgjörvi 1.86GHz/2MB, 533MHz FSB, Intel® PRO 2200 þráðlaust netkort 802.11b/g og TrueMobile 350 Bluetooth |
| 1024MB 333MHz DDR2 vinnsluminni (allt að 2GB) |
| 17" WXGA skjár (1440x900) |
| 256MB NVIDIA GeForce 6800 Go PCIx skjákort |
| 80GB diskur og DVD/RW geisladrif (skrifar DVD) |
| 6 Cell 58WHr Li-Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð) |
| Lyklaborð og snertimús (TouchPad) |
| Microsoft Windows XP Professional |
| 2ja ára ábyrgð á verkstæði EJS |

Tilboðsverð **249.900,-**

**Verð á mánuði 8.217,-**
m.v. tölvukaupalán KB banka í 36 mán.

Frekari upplýsingar um fartölvutilboð og fylgihluti færðu á www.ejs.is/fartolvur eða í síma 563 3000

**Það er til lausn á öllu**

www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Stjórnendur í fjármálageiranum eru áberandi meðal hinna tekjuhæstu.

## Skattskrár og ofurlaun

Skattskrárnar sem nú hafa verið lagðar fram samkvæmt venju á þessum árstíma og upplýsingar tímaritsins Frjálsrar verslunar sem koma fram í sérútgáfu þess um tekjur 2.400 Íslendinga leiða ýmislegt í ljós nú sem endranær. Það sem menn kannski staldra helst við nú eru ofurtekjur tiltölulega lítils hóps manna sem flestir tilheyra fjármálageiranum. Þetta er sá hópur sem margir segja að „eigi“ Ísland, ef svo má að orði komast, og hefur ekki verið svo ýkja mörg ár á sjónarsviðinu. Sumir þeirra hafa ekki unnið hörðum höndum í mörg ár fyrir eignum sínum, heldur hafa þær orðið til við margs konar tilfærslu og sölu og kaup á eignum hérlendis og líka erlendis, að ekki sé talað um afkomutengingu launa og ýmiss konar kaupauka, sem venjulegir launþegar eiga ekki kost á. Ljósi punkturinn er þó að núorðið greiða þessir menn verulega skatta af tekjum

*Hér áður voru skipstjórar, útgerðarmenn og fiskverkendur úti á landi mjög áberandi þegar sagt var frá hæstu gjaldendum í einstökum skattaumdæmum. Þeir eru að vísu ekki alveg dottnir út af skránni úti á landi, en læknar eru þar mjög áberandi og koma í stað lyfsalanna sem áður voru þar jafnan í efstu sætum.*

sínum til samfélagsins, en áður var töluverður misbrestur á því að umsvifamiklir einstaklingar gerðu það og hreyktu þeir sér jafnvel af því.

Þótt fjármálamenn séu áberandi í röðum þeirra sem hæsta skatta greiða er það ekki nema toppurinn af ísjakanum í þeim geira sem hefur há laun, því fæstir starfsmenn banka og annarra fjármálafyrirtækja eru hátekjufólk, að ekki sé talað um ofurtekjur. Það er þá spurningin hvernig hinn almenni launþegi í þessum geira geti fengið notið þess mikla og góða árangurs sem þessi fyrirtæki hafa verið að sýna að undanförnu. Sum þessara fyrirtækja hafa að vísu greitt starfsmönnum sínum sérstakan bónus þegar vel hefur gengið, en góðærið hjá þeim hefur ekki haft mikil áhrif á kjarsasamninga. Viðskiptavinir bankanna eru hinn hópurinn sem ætti að njóta velgengninnar og þá helst í hærri innlánsvöxtum, lægri útlánsvöxtum og lægri þjónustugjöldum.

Sú tíð er liðin þegar Þorvaldur í Síld og fisk var skattakóngur Íslands og taldi ekki eftir sér að greiða til samfélagsins það sem honum bar. Hann var líka einn af þeim mönnum sem höfðu unnið hörðum höndum fyrir eignum sínum, en ekki orðið auðugir með einhvers konar tölvuleikjum.

Hér áður voru skipstjórar, útgerðarmenn og fiskverkendur úti á landi mjög áberandi þegar sagt var frá hæstu gjaldendum í einstökum skattaumdæmum. Þeir eru að vísu ekki alveg dottnir út af skránni úti á landi, en læknar eru þar mjög áberandi og koma í stað lyfsalanna sem áður voru þar jafnan í efstu sætum. Norðurland vestra sker sig úr varðandi læknana, en þar raða þeir sér í flest efstu sætin. Læknar þar eru líklega ekki tekjuhærri en víða annars staðar á landinu, en skýringin er sú að á þessu svæði eru tekjur einna lægstar á landinu, og því verða læknarnir svo áberandi. Það er svo spurning hvernig á því stendur að fjöldi heimilislækna úti á landi er með meira en eina milljón á mánuði í laun. Þeir reka ekki sérfræðingastofur eins og margir starfsfélagar þeirra á höfuðborgarsvæðinu, en eru á löngum vöktum og bakvöktum og bera því mikið úr býtum. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### R-listinn á Gunnarsstaði

Sagan um framtíð R-listans virðist engan endi ætla að taka. Fyrirhuguðum fundi viðræðunefndar R-listans sem halda átti í þessari viku var frestað fram yfir helgi, að sögn vegna sumarleyfa einstakra aðila í viðræðunefndinni. Ekki mun það vera síður vegna fimmtugsafmælis Steingríms J. Sigfússonar sem haldið er hátíðlegt á Gunnarsstöðum í dag en hópur manna í viðræðunefndinni mun ætla að fagna með formanni Vinstri grænna fyrir austan.



### Könnun gefur byr undir báða vængi

Innan R-listans verða sífellt háværari raddir um að koma þurfi listanum saman sem fyrst því frumkvæði sjálfstæðismanna sé orðið of mikið í baráttunni um borgina. Önnur könnunin í röð sýni meirihluta sjálfstæðismanna í borginni og bregðast verði við. Einkum munu það vera raddir innan Samfylkingarinnar sem leggja á það áherslu að R-listinn sameinist og nota kannanirnar tvær sem helstu rökin fyrir því að R-listinn verði að tilkynna um framboð sem fyrst.



### Stefnir á efsta sætið

Gísli Marteinn Baldursson var gestur í hádegisútvarpinu á Talstöðinni í gær. Hann ræddi vítt og breitt um borgarmálin og fylgiskönnun Gallup sem sýndi hann sem líklegasta aðilann til að velta R-listanum úr sessi í næstu borgarstjórnarkosningum. Gísli Marteinn hefur enn ekki tilkynnt um hvaða sæti hann stefni á en tók það fram í viðtalinu að allt púðrið mætti ekki fara úr kosningabaráttu flokksins, sem gæti gerst ef þeir tilkynntu um framboð of snemma. Þótti mörgum Gísli Marteinn gefa sterklega til kynna að hann ætlaði sér efsta sætið í prófkjörinu í haust.

hjalmar@frettabladid.is

# Fílar, timbur, tónlist

Í DAG
SKRIFAR UM FÍLA Í AFRÍKU OG ASÍU.



ÞORVALDUR GYLFASON

Fíllinn hefur gegnt mikilvægu hlutverki í efnahagslífi og menningu Indlands, Taílands og nokkurra annarra Asíulanda frá fyrstu tíð líkt og hesturinn hér heima og víðar, nema fíllinn er fjölhæfari. Hesturinn er ekki lengur farartæki og dráttardýr í fyrsta lagi eins og hann var hér öldum saman, heldur ferðafélagi og leggur nú skerf sinn til efnahagslífs og landbúnaðar mestmegnis gegnum ferðaútveg heima og erlendis. Fíllinn er þó sem jafnan fyrr þarfasti þjónninn í sunnan- og austanverðri Asíu: hann kemur ennþá að góðu gagni m.a. í þungaflutningum, iðnaði og þjónustu og er góður félagi í leik og starfi. Skógarhögg og timburflutningar þarna austur frá væru miklu torveldari, ef fílsins nyti ekki við. Fílar vinna vel saman og láta vel að stjórn og taka sjálfstæðar ákvarðanir, ef á þarf að halda ñ þegar einn trjádrumbur skagar t.d. langt fram úr öðrum í timburhrauki, þá jafna fílarnir misfellurnar að eigin frumkvæði, án þess að verkstjórar þurfi að reka þá til þess. Fílar eru einnig þýðir og góðir ferðafélagar. Fíllinn er ekki eingöngu dreifbýlisdýr í Asíu, heldur sést hann einnig oft á götum borga Indlands og Taílands og nálægra landa, þótt hestar séu löngu horfnir af götum Reykjavíkur og nágrennis. Indverjar fara helzt ekki í skrúðgöngur, nema þeir hafi fílana sína með sér í skrautklæðum.

*Fíllinn er þó sem jafnan fyrr þarfasti þjónninn í sunnan- og austanverðri Asíu: hann kemur ennþá að góðu gagni m.a. í þungaflutningum, iðnaði og þjónustu og er góður félagi í leik og starfi.*

Þegar Rama IV konungur Taílands kom til Bandaríkjanna að heimsækja Abraham Lincoln í Hvíta húsið í kringum 1860, stóð borgarastríðið fyrir dyrum, og Lincoln forseti hafði þungar áhyggjur af horfum lands síns. Rama bauðst þá til að senda forsetanum fíla, þrautreyndar stríðsvélar, ég man ekki lengur hversu marga, og lét það fylgja með, að svo væri fílnum fyrir að þakka, að Taílendingar hefðu aldrei tapað stríði og þá ekki heldur sjálfstæði sínu. Af einhverjum ástæðum varð samt ekkert úr því, að fílarnir næmu land í Bandaríkjunum. Borgarastríðið stóð í fjögur ár (1861-1865) og kostaði 620.000 mannslíf, tæp 2% þjóðarinnar týndu lífi, og fjórar milljónir þræla voru í stríðslok leystar úr ánauð.

Framlag indverska fílsins til atvinnulífs og menningar Suðaustur-Asíulanda vekur áleitna spurningu um Afríku: hvers vegna hafa Afríkuþjóðirnar ekki tekið fílinn í þjónustu sína eins og tíðkast í Asíu? Afríkumenn segja sjálfir, að Afríkufíllinn sé í eðli sínu ótemja og það sé því tómt mál að tala um að reyna að hafa eitthvert umtalsvert gagn af honum annað en að selja ferðamönnum aðgang að þjóðgörðum o.þ.h. En þetta getur samt varla verið rétt. Ein frægasta stríðsför allra tíma var ferð Hannibals hershöfðingja frá Karþagó norður eftir Spáni og Frakklandi og síðan suður yfir Alpana árin 218-217 fyrir Kristsburð með 50.000 manna lið og 40 fíla. Það voru þaultamdir Afríkufílar. Með þeirra hjálp tókst Hannibal að leggja undir sig alla Norður-Ítalíu, en þó ekki til langframa. Sagan af herför Hannibals virðist taka af öll tvímæli um það, að Afríkufíllinn er nothæfur í mannlegu félagi. Afríkufíllinn vegur að jafnaði sjö til átta tonn, indverski fíllinn fimm til sex. Reyndar kemur það fyrir, að Afríkufíllinn sé notaður sem dráttardýr, en það er tiltölulega sjaldgæft. Landkönnuðirnir Livingstone og Stanley ferðuðust ekki um álfuna á fílum, heldur fótgangandi ñ eða réttara sagt á börum.

Fíllinn á nú í vök að verjast um alla Afríku. Árið 1977 taldi fílastofninn þar 1,3 milljónir dýra. Tuttugu árum síðar hafði stofninn minnkað niður í 600.000 dýr. Þessi fækkun stafar m.a. af rányrkju, sem illa hefur tekizt að hemja, og einnig af árekstrum milli manna og fíla. Fílar eiga það til að eyðileggja uppskeru bænda, hungrið knýr þá til spellvirkjanna, og bændur grípa þá til vopna gegn fílunum, enda eru fílarnir óvarin sameign eins og þorskurinn. Indverski fíllinn er einnig í hættu, þótt undarlegt megi virðast, þar eð hann er öðrum þræði húsdýr. Fílastofninn í Taílandi taldi t.d. um 100.000 dýr fyrir hundrað árum, en hann er nú aðeins um 2.500 dýr. Skógeyðingin þar í landi hefur dregið mjög úr eftirsókn eftir fílum til timburflutninga, en þeir hafa þá sumir fært sig yfir í aðra atvinnuvegi, einkum ferðaþjónustu o.fl. eins og íslenzki hesturinn. Taílenzka fílahljómsveitin hefur t.d. gefið út tvo geisladiska. Fílarnir leika einkum þjóðlega tónlist á blásturs- og ásláttarhljóðfæri og einnig hrafl úr ýmsum öðrum verkum, t.d. sveitasinfóníu Beethovens. Sumir þeirra fást einnig við að mála. ■


Verslaðu við traustan aðila!

Pallhýsi

Tilbúin til afhendingar strax!



Nú er ekki eftir neinu að bíða!
Eigum nokkur pallhýsi tilbúin til afhendingar strax.

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16

SEGLAGERÐIN ÆGIR

EYJARSLÓÐ 7 • SÍMI 511 2200 • www.seglagerdin.is






LESTU GREININA Á VISIR.IS
OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


SPARI DAGAR
2005
3.–20. ágúst
...í fjórum verslunum
og hjá umboðsmönnum
Pioneer
PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ
Tilboðsverð:
Kr. 39.900
SHARP
SHARP HT-CN400DVH
HEIMABÍÓ
Tilboðsverð:
Kr. 23.900
SHARP
SHARP XL-MP10H
HLJÓMTÆKJASTÆÐA
Tilboðsverð:
Kr. 9.900
Pioneer
PIONEER DV-370
DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 9.900
LOEWE.
LOEWE SJÓNVÖRP
AVENTOS 29"
Var á kr.144.900
Nú: kr. 89.900
AVENTOS 32"
Var á kr.189.900
Nú: kr. 124.900
NEMOS 29"
Tilboð: Kr. 99.900
15-40%
afsláttur
SAMSUNG
Tilboðsverð:
Kr. 16.900
SAMSUNG DVDV5450
VIDEO OG DVD SPILARI
Tilboðsverð:
Kr. 74.900
SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP
OLYMPUS
OLYMPUS C760
STAFRÆN MYNDAVÉL
3.2 milljón punkta
Tilboðsverð:
Kr. 24.900
SAMSUNG
Tilboðsverð:
Kr. 129.900
SAMSUNG LE26A41B
26" LCD
VEGGSJÓNVARP
AEG
Tilboðsverð:
Kr.159.000
NÝJA ÍSLENSKA ÞVOTTAVÉLIN
OG ÞURRKARINN
AEG VEGGOFN
AEG HELLUR
OG HÁFUR
Tilboðsverð:
Kr. 89.000
AIRFORCE F3
VEGGHÁFUR
ÚR STÁLI
AEG B3051-4M
VEGGOFN
ÚR STÁLI
AEG 6000K-MN
HELLUBORÐ MEÐ
TÖKKUM, STÁL
Emile Henry
30%
AFSLÁTTUR
TEFAL
25%
AFSLÁTTUR
Solis
OF SWITZERLAND
Tilboðsverð:
Kr. 59.990
SOLIS VERÐLAUNAKAFFIVÉL
Tilboðsverð:
Kr.8.490
AEG ÖRBYLGJUOFN
AEG
Tilboðsverð:
Kr.8.990
AEG Turbo T2 rauð/svört
RYKSUGA 1600 W
Tilboðsverð:
Kr. 69.900
AEG LAVAMAT 52820
1200/1000/600 sn.6 kg.
www.ormsson.is
ORMSSON
LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
• Öll tækin í eldhúsið og þvottahúsið
SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-2800
• Hljómtækin, sjónvörpin og allar hinar græjurnar
SMÁRALIND
Sími 530-2900
• Allt úrvalið í Ormsson Smáralind
RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000
• Allt úrvalið í Radíónaust
Opið í Lágmúla 8 og Síðumúla 9 virka daga frá kl. 9-18, laugard.frá kl. 11-15. Opið í Smáralind virka daga frá kl. 11-19 , laugard.frá kl. 11-18, sunnud.frá kl. 13-18
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.397,72 **+0,23%**

**Fjöldi viðskipta:** 457
**Velta:** 3.936 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Actavis** | +1,43% | **Jarðboranir** | -2,33% |
| **Og Vodafone** | +1,41% | **Icelandic Group** | -0,93% |
| **Marel** | +1,02% | **Kögun** | -0,85% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,50 +1,43% ... Bakkavör 39,10 +0,51%... Burðarás 17,00 +0,00%... FL Group 14,60 +0,69% ... Flaga 4,77 +0,63% ...HB Grandi 8,45 +0,00% ... Íslandsbanki 14,40 -0,35% ... Jarðboranir 21,00 -2,33% ... KB banki 557,00 +0,00% ... Kögun 58,00 -0,85% ... Landsbankinn 20,80 +0,97% ... Marel 59,50 +1,02% ... SÍF 4,74 -0,84 ...Straumur 13,15 -0,75% ... Össur 87,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*

### Óbreytt atburðarás

Burðarás var í hópi fjárfesta sem misstu af kaupum Símans þar sem tilboð fyrirtækisins var 6,7 milljörðum króna undir hæsta tilboði. Þegar Björgólfur Thor Björgólfsson, stjórnarformaður Burðaráss, var spurður á Hótel Nordica, þegar uppstokkun Burðaráss var kynnt í fyrradag, hvort atburðarásin hefði orðið önnur ef félagið hefði keypt Símann svaraði hann neitandi. Burðarás hefði verið sameinaður Landsbankanum og Straumi Fjárfestingarbanka þótt Síminn bættist í safnið. Enda kom einnig fram að staða Burðaráss væri þannig að sækja þyrfti um fjárfestingarbankaleyfi til Fjármálaeftirlitsins að öllu óbreyttu nema ef til kæmi sameining við félag sem þegar hefði slíkt leyfi - eins og raunin varð.



### Fallbyssurnar sex

Friðrik Jóhannsson söðlar um á næstunni þegar hann hættir sem framkvæmdastjóri Burðaráss og tekur væntanlega við stjórnarformennsku í TM Software. Hann tók við framkvæmdastjórastöðunni árið 1997 þegar Burðarás varð sjálfstæð eining innan Eimskips. Annar einstaklingur varð framkvæmdastjóri í Eimskipi á sama tíma: Erlendur Hjaltason sem stýrði utanlandssviði. Nú stýrir Erlendur einmitt Exista, sem var í hópi þeirra fjárfesta sem buðu hæsta verð í Símann og hafði betur en Friðrik í þeirri baráttu. En fleiri fallbyssur í íslensku atvinnulífi voru í framkvæmdastjórn Eimskips á þessum tíma. Þórður Magnússon, nú í Eyri, stýrði fjármálasviði, Þorkell Sigurlaugsson, nú í Háskólanum í Reykjavík, stýrði þróunarsviði, Þórður Sverrisson, nú í Nýherja, var á flutningasviði og Hjörleifur Jakobsson, nú í Olíufélaginu, sá um innanlandssvið.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**Burðarás** hefur aukið hlut sinn í sænska fyrirtækinu **Cherryföretag** og á nú 26,9 prósent í félaginu. Áður átti **Burðarás** 25,8 prósent í **Cherryföretag.**

Dótturfélag **Actavis, Amide Pharmaceuticals**, hefur gengið frá kaupum á þremur samheitalyfjum frá **Sandoz**.

Hlutabréf lækkuðu í helstu kauphöllum **Evrópu** í gær fyrir utan kauphöllina í **Lundúnum**. Þar hækkaði FTSE 100 um 0,09 prósent.

Írska lággjaldaflugfélagið **Ryanair** varð fyrsta flugfélag sinnar tegundar til að fljúga með rúmar þrjár milljónir farþega í einum mánuði.



**STJÓRNENDUR BAUGS** Baugur og Pálmi Haraldsson kaupa Woodward, sem veltir um 20 milljörðum króna.

## Woodward selt Baugi og Talden

**Í takt við upphafleg áform kaupenda Big Food Group.**

Baugur og Talden Holding, sem er í eigu Pálma Haraldssonar, hafa keypt Woodward, sem var hluti af Big Food Group. Kaupin eru gerð í samvinnu við stjórnendur Woodward og velta félagsins er 180 milljónir punda, rúmir tuttugu milljarðar króna. Woodward sérhæfir sig í matvælum fyrir veitingahús, krár, hótel og skóla á Bretlandi.

Lloyds TSB bankinn fjármagnar kaupin en Baugur og Talden voru meðal hluthafa í Big Food Group, sem Woodward tilheyrði áður.

Sala Woodward er í takt við áform Baugs og fleiri kaupenda Big Food Group um að selja eignir félagsins að hluta.

**- dh**

# Landsbankinn ekki yfirtökuskyldur

**Virkur atkvæðisréttur Landsbankans í Marel er 39,4% samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti en 40,7% samkvæmt lögum um hlutafélög. Fyrri löggjöfin gengur þeirri seinni framar í þessum efnum en yfirtökuskylda myndast við fjörutíu prósent.**

Yfirtökuskylda Landsbankans í Marel hefur að öllum líkindum ekki myndast þótt atkvæðisréttur bankans, sem fær hlutabréf í Marel við uppstokkun Burðaráss, sé kominn yfir 40 prósent á hluthafafundi samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga. Í lögum um hlutafélög segir að eigin bréf beri ekki atkvæði.

Samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti er atkvæðisréttur reiknaður af öllu útistandandi hlutafé – líka eigin bréfum – og því er atkvæðisréttur Landsbankans í raun og veru um 39,4 prósent þótt hann fari yfir 40 prósent á hluthafafundi. Lög um verðbréfaviðskipti fjalla um yfirtökur og ganga því framar lögum um hlutafélög.

Það kemur til kasta yfirtökunefndar að meta hvort yfirtökuskylda hafi myndast í Marel en nefndin skoðar slík mál að eigin frumkvæði. Viðar Már Matthíasson, formaður nefndarinnar, gerir ráð fyrir því að nefndin meti það hvort yfirtökuskylda hafi myndast við þær breytingar sem verði á eignarhaldi í nokkrum félögum vegna sameiningar Burðaráss við Landsbankann og Straum.

Skylda til yfirtöku stofnist meðal annars ef atkvæðaréttur aðila í félagi nær 40 prósentum eða atkvæðisréttur nær því marki á grundvelli samninga við aðra hluthafa.

Við sameiningu Burðaráss annars vegar við Landsbankann og hins vegar við Straum Fjárfestingarbanka áttu sér stað hlutabréfaviðskipti í þremur félögum sem gætu valdið því að yfirtökuskylda hafi myndast. Um er að ræða Icelandic Group, Íslandsbanka og Marel.

Burðarás er stærsti hluthafinn í Icelandic Group með fimmtungshlut. Eftir kaupin á Straumur um þriðjungshlut í félaginu. Landsbanki Íslands er næst stærstur í Icelandic Group með um nítján prósent en hann mun eiga níu prósent í Straumi eftir samruna Burðaráss við félögin tvö.

Rúmlega 7,7 prósenta hlutur Burðaráss í Íslandsbanka færist til Straums, sem er stærsti hluthafi bankans. Eftir viðskiptin verður eignarhlutur Straums í Íslandsbanka kominn yfir 28 prósent.

**eggert@frettabladid.is**



**HÖFUÐSTÖÐVAR MARELS** Landsbankinn á rétt undir fjörutíu prósentum í Marel eftir að Burðarási var skipt upp. Félagið er líklega ekki yfirtökuskylt þótt atkvæðisréttur sé kominn yfir 40 prósent.

**Tíu stærstu hluthafar í Marel hinn 02.08.2005**

| | |
|---|---|
| Burðarás hf. | 36,35 |
| Eyrir fjárfestingafélag ehf. | 16,07 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 8,63 |
| Landsbanki Íslands hf. | 3,10 |
| Marel hf. | 2,77 |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,00 |
| Ingunn Sigurðardóttir | 1,98 |
| Súsanna Sigurðardóttir | 1,98 |
| Helga Sigurðardóttir | 1,98 |
| Egill Vilhjálmur Sigurðsson | 1,58 |

**Tíu stærstu hluthafar í Marel eftir skipti Burðaráss**

| | |
|---|---|
| Landsbanki Íslands hf. | 39,44* |
| Eyrir fjárfestingafélag ehf. | 16,07 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 8,63 |
| Marel hf. | 2,77 |
| Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 2,00 |
| Ingunn Sigurðardóttir | 1,98 |
| Súsanna Sigurðardóttir | 1,98 |
| Helga Sigurðardóttir | 1,98 |
| Egill Vilhjálmur Sigurðsson | 1,58 |
| Lífeyrissjóðurinn Lífiðn | 1,12 |

* Virkur atkvæðisréttur er 39,4 prósent samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti en 40,7 prósent samkvæmt lögum um hlutafélög. Allar tölur eru í prósentum.




# Annað þekkt vöruhús í eigu Íslendinga

**Sömu aðilar og keyptu Magasin du Nord hafa nú keypt vöruhúsið Illum við Strikið í Kaupmannahöfn. Baugur, Straumur og Birgir Þór Bielvedt eiga nú tvö þekktustu og elstu vöruhús Danmerkur.**

Fjárfestar undir forystu Baugs hafa keypt vöruhúsið Illum í miðborg Kaupmannahafnar. I-Holding kaupir 80 prósenta hlut í vöruhúsinu. Þetta eru sömu aðilar og eiga Magasin du Nord, en Magasin du Nord átti fyrir 20 prósent í Illum. Íslensku fjárfestarnir eiga nú bæði stóru vöruhúsin í miðborg Kaupmannahafnar.

Seljandi er fjárfestingabankinn Merrill Lynch, sem hefur unnið með núverandi stjórnendum Illum að því að koma rekstrinum á réttan kjöl. Patricia Burnett, forstjóri Illum, mun ásamt öðrum stjórnendum áfram stýra vöruhúsinu. Hún segir að vel hafi tekist að snúa við rekstri félagsins og nú sé rétti tímapunkturinn að fá inn fjárfesta sem hafi þekkingu og reynslu af smásöluverslun. „Við erum mjög ánægð að fá fjárfesta sem þekkja slíkan rekstur jafn vel og Baugur. Þeir skilja þennan rekstur og þann hraða sem hann krefst.“

Skarphéðinn Berg Steinarsson, framkvæmdastjóri norrænna fjárfestinga Baugs, segir kaupin hafa verið í undirbúningi síðan í vor. Hann segir Illum og Magasin ólík vöruhús. Í Illum sé skandinavísk hönnun og hágæðamerki áberandi og vel hafi gengið að marka Illum þann sess sem vöruhúsið hafði áður. „Stjórnendur Illum hafa náð góðum árangri í rekstrinum og við viljum halda áfram að vinna eftir þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð hjá stjórnendum vöruhússins.“ Hann segir eignarhaldið á Magasin ekki stýra þessari ákvörðun. „Fjárfesting í Illum er sjálfstæð ákvörðun og við höfum mikla trú á þeirri stefnu sem hefur verið mörkuð.“ Hann segir Baug hafa mikla trú á bæði smásölumarkaði og fasteignamarkaði á Norðurlöndunum. Með í þessum kaupum líkt og í kaupunum á Magasin du Nord fylgir verðmæt fasteign í miðborg Kaupmannahafnar.

Sömu eignarhlutföll eru milli fjárfestanna og við kaupin á Magasin. Baugur kaupir 42 prósent, Birgir Þór Bielvedt fjórðung og Straumur fjárfestingarbanki þriðjung. Straumur lánar einnig til kaupanna.

Kaupverðið er ekki gefið upp, en áætluð velta fyrir yfirstandandi reikningsár er rúmir sjö milljarðar íslenskra króna.

**haflidi@frettabladid.is**




**ÍSLENDINGAR EIGNAST ILLUM** Eigendur Magasin du Nord hafa keypt vöruhúsið Illum, sem er hitt þekkta vöruhúsið í miðborg Kaupmannhafnar. Stjórnendur Illum munu áfram marka stefnu þess.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.44 | 13.34 | 22.21 |
| AKUREYRI | 4.13 | 13.18 | 22.21 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

allt

**heimili o.fl.**
Skúra, skrúbba og bóna
BLS 6



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is

*Góðan dag!*
**Í dag er fimmtudagur 4. ágúst, 216. dagur ársins 2005.**

**KRÍLIN**




## Smáauglýsingar

**Flokkar**
Bílar & farartæki
Keypt & selt
Þjónusta
Heilsa
Skólar & námskeið
Heimilið
Tómstundir & ferðir
Húsnæði
Atvinna
Tilkynningar

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR



Íris Dögg fílar sig vel í gráu hettupeysunni og Levi's gallabuxunum.

# Þægileg, flott og litrík föt

***Íris Dögg Pétursdóttir, annar helmingur tvíeykisins Bananas í Kvöldþættinum á Sirkus og blaðamaður á Séð & Heyrt, gengur yfirleitt í mjög litríkum fötum og verslunin Spúútnik er í algjöru uppáhaldi.***

„Uppáhaldsflíkin mín er gráa hettupeysan mín. Ég er alltaf í henni – þó að hún sé of lítil á mig. Ég keypti peysuna í Spúútnik eins og svo margt annað sem má finna í fataskápnum, eða réttara sagt á herbergisgólfinu þar sem ég virðist ekki geta gengið frá fötunum mínum," segir Íris Dögg og hlær yfir óreiðunni í fatahrúgunni.

„Þessi gráa peysa er mér algjörlega lífsnauðsynleg ásamt flottu Levi's gallabuxunum mínum. Ég er alls ekki mikil glamúr gella og vil helst vera mest í þægilegum en flottum, litríkum fötum."

Þegar kemur að verslunum þá er Íris Dögg alveg með á hreinu hvaða fataverslun er ómissandi í Reykjavík. „Spúútnik er í algjöru uppáhaldi hjá þessum klikkaða bana sem ég er og eyði ég miklu af frítíma mínum og peningum í þeirri verslun enda óendanlega mikið til af litríkum og skemmtilegum fötum og skóm í Spúútnik. Ég er hræðileg eyðslukló og get ekki hamið mig þegar kemur að fötum en ég finn mér alls konar ástæður til að réttlæta ofureyðsluna," segir Íris Dögg og er örugglega ekki ein um það á landinu.

## Ég skal mála allan heiminn...

MARGIR NOTA SUMARFRÍIÐ TIL AÐ MÁLA OG DYTTA AÐ HEIMA HJÁ SÉR EÐA Í SUMARBÚSTAÐNUM. HÉR ERU ÖRFÁ RÁÐ TIL AÐ EINFALDA HLUTI.

Þegar pípa er máluð upp við vegg er gott að dýfa teppabút í málningu, smeygja honum bak við pípuna og draga hann fram og aftur.



Oft tekur tíma að mála hillur af því að önnur hliðin þarf að þorna áður en byrjað er hinum megin og á köntunum. Hægt er að reka tvo nagla í hvorn hilluenda og láta þá hvíla á kubbum. Þegar efri hliðin hefur verið máluð er tekið í naglana, hillunni snúið við og lokið við hana. Stiga sem eru í stöðugri notkun er erfitt að lakka og ein leiðin er að lakka annað hvert þrep og láta þá sem ganga um hann taka stærri skref en venjulega. Auðveldara er hins vegar að lakka 2/3 af hverju þrepi og láta það þorna - fyrst frá hægri til vinstri og síðan frá hægri. Stiginn verður auðveldari í notkun og miðhlutinn sem mest mæðir á fær tvöfalda lökkun.

## LIGGUR Í LOFTINU
*í tísku*

**Söngkonan** Jenny Frost úr stelpnasveitinni Atomic Kitten hefur nýlokið við að sitja fyrir í auglýsingaherferð fyrir Kotex. Á myndunum er söngkonan í svörtum undirfötum sem hönnuð voru af Julien MacDonald, í svörtum háum hælum og situr fyrir með hlébarða. Öll línan var hönnuð af Julien MacDonald sem valdi Jenny til að sitja fyrir.



**Athafnakonan** Jennifer Lopez hefur valið borgina Chicago sem stað fyrir fyrstu litlu JLo tískuverslunina í Bandaríkjunum. Fyrsta JLo stórverslunin opnaði í Moskvu í Rússlandi á síðasta ári. Verslunin í Chicago verður opnuð í september og hægt verður að kaupa föt, skartgripi, snyrtivörur og ilmvötn í versluninni. Lopez byrjaði að hanna föt árið 2001 og hefur getið sér gott orð í tískuheiminum líkt og í tónlistar- og kvikmyndaheiminum.

**Sjónvarpsstöðin** Style Network í Bandaríkjunum hefur fengið tískuhönnuðinn Isaac Mizrahi til liðs við sig til að sjá um lífsstílsspjallþátt sem mun heita Isaac. Þátturinn verður sýndur seinna í ár og verður tekinn upp í New York frammi fyrir áhorfendum. Isaac mun tala um ýmislegt, eins og fegurð, stíl, poppmenningu, heimilið, garðinn, tísku, megrun, kaffi, gæludýr og ást.

**Vinsæli** franski hönnuðurinn Mikael Kra hefur fengið konur úr Kalahari eyðimörkinni til liðs við sig til að skapa hátísku. Hann vill breyta hinni fornu list að búa til skartgripi úr strútseggjum í hátísku sem hæfir best klæddu konum heims. Mikael frumsýndi skartgripalínuna, sem hann kallar Pearls of Kalahari, um síðustu helgi en hann er búinn að vinna að þessari línu síðustu þrjú árin. Mikael hefur meðal annars hannað kórónu fyrir Michael Jackson og skartgripi fyrir Yves Saint-Laurent, Louis Feraud og Pierre Balmain.

*tiska@frettabladid.is*

**ENGRI LÍK!**
**Ný kynslóð af Super CCD**



- Miklu minni líkur á hreyfðum myndum.
- Ótrúleg flassdrægni.
- Margfalt lengri rafhlöðu ending, allt að 500 skot!
- Eldsnögg að kveikja - 1,3 sek og tökutöf 0,01 sek.

Finepix F10 hefur tekið næsta skref í stafrænni ljósmyndun.
Með ljósnæmi allt að ISO 1600 í fullri upplausn!

**Finepix F10**
6.3M Super CCD
3X linsuaðdráttur
2.5 tommu skjár
ISO allt að 1600
Verð kr. 49.900



LJÓSMYNDAVÖRUR
FUJIFILM
www.ljosmyndavorur.is
Ljósmyndavörur Skipholti 31, Reykjavík, s: 568 0450 og Kaupvangsstræti 1, Akureyri, s: 461 2850 | Myndsmiðjan Egilsstöðum

**Maskari** Er maskarinn þinn að verða búinn eða er hann farinn að þorna upp? Fylltu vaskinn af mjög heitu vatni og settu maskarann ofan í. Leyfðu honum að fljóta um í nokkrar mínútur. Hitinn smýgur í gegnum umbúðirnar og augnháraliturinn verður rakur og mjúkur.




Bitte Kai Rand er danskt vörumerki. Fatnaðurinn er kvenlegur og segir Guðbjörg að hér sé um að ræða fatnað sem henti konum vel, sem vilja hvorki ganga í unglingafötum né kerlingafötum.

# Kvenlegur glæsileiki í anda Gretu Garbo

***Í versluninni Bitte Kai Rand er seld falleg dönsk hönnun. Haustlínan er kvenleg og glæsileg í anda kvikmyndastjarna fortíðarinnar.***

Við Skólavörðustíg 8 í Reykjavík stendur verslunin Bitte Kai Rand. Þar er seldur fallegur og kvenlegur fatnaður undir vörumerki Bitte Kai Rand sem er dönsk hönnun. Guðbjörg Sigurðardóttir, eigandi verslunarinnar, segir að fötin eigi það sameiginlegt að vera praktísk og þægileg. „Þetta eru föt fyrir konur sem vilja vera smart í tauinu en vilja samt ekki vera í þvingandi eða óþægilegum fatnaði.“ Verslunin hefur starfað í eitt ár og segir Guðbjörg að vel hafi gengið. „Það er góður markaður fyrir föt af þessu tagi enda eru þetta hvorki unglingaföt né kerlingaföt. Það var eitthvað sem vantaði í flóruna, „segir Guðbjörg og bætir því við að úrvalið sé alltaf að aukast, hún eigi til dæmis von á glæsilegu skóúrvali með haustinu. Nýjar vörur streymi inn og haustlínan sé spennandi. „Þetta eru mjög falleg föt og sniðin eru góð. Haustlínan einkennist af kvenlegum og glæsilegum stíl sem þó er laus við allt óþarfa skraut. Einfaldleikinn ræður ríkjum og andi Gretu Garbo og annarra kvikmyndastjarna svífur yfir vötnum,“ segir Guðbjörg.



Falleg kápa úr ull og kasmír, 39.000 kr.



Svartur ullarjakki, 24.900 kr.



Bleikar buxur úr þykku hörefni, 15.900 kr.



Smart leðurbelti, 2.900 kr.



Svört kápa úr gervirúskinni sem þolir bleytu vel, 39.000 kr.

Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-
VERÐLÆKKUN
HREYSTI

EFNALAUGIN BJÖRG
EFNALAUG ÞVOTTAHÚS
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 553 1380

Sólgleraugu á tilboði!
Sólgleraugu með styrkleika aðeins 9.900,-
Linsutilboð aðeins 3.500,-
3-ja mán. skammtur linsuvökvi linsubox
sjón gleraugnaverslun
Laugavegi 62 sími 511 6699
Garðatorgi sími 511 6696
www.sjon.is sjon@sjon.is

Tískuverslunin Smart
Ármúla 15
Erum að opna nýja búð
Hafnarstræti 106
600 Akureyri
Góð opnunartilboð

Íslensk hönnun
Mikið úrval af barnahúfum
HÚFUR SEM HLÆJA
Laugavegi 70
www.hsh.efh.is

falleg föt
...fyrir frumlegar konur
Útsala
40-80% verðlækkun
Fataprýði
GLÆSIBÆ
☎ 553-2347

Útsalan í fullum gangi
Mikill afsláttur
AXIOM
CARO
Ásnum - Hraunbæ 119 - Sími 567 7776
Opið virka daga kl. 11:00-18:00
Vajolet

HÁRSNYRTIVÖRUR FAGMANNSINS
osmo essence
FÁST Í LYF OG HEILSU OG LYFJAVAL Dreifing: essei ehf

FLEX boutique
NÝ SENDING
Kjólar – Toppar
Jakkar – Skór
Bankastræti 11 • 551-3930

Glæsilegt úrval skartgripa
LÁRA GULLSMIÐUR
SKÓLAVÖRÐUSTÍG 10
sími 561 1300



Gisele var aldeilis hress á frídegi verslunarmanna þegar hún kynnti nýja brjóstahaldarann.

## Nýr brjóstahaldari frá Victoria's Secret

NÝI BRJÓSTAHALDARINN ER AFAR LÉTTUR OG ALLIR SAUMAR VEL FALDIR.

Ofurfyrirsætan Gisele Bundchen svipti hulunni af nýjum brjóstahaldara frá Victoria´s Secret í vikunni. Brjóstahaldarinn heitir IPEX demi og var hannaður af vísindamönnum, fyrirsætum og hönnuðum alls staðar að. Brjóstahaldarinn saman stendur af þremur lögum af svömpum og eru allir saumar vel faldir þannig að þeir sjást ekki framan á brjóstahaldaranum. Brjóstahaldarinn hylur því brjóstin mjög vel, felur stinnar geirvörtur og er ekki með stóra púða. Ekki skemmir svo fyrir að brjóstahaldarinn er afar léttur og þægilegur. Hægt er að lesa meira um IPEX demi brjóstahaldarann á victoriassecret.com og kostar hann um fimmtíu dollara, eða rúmlega þrjú þúsund krónur. Einnig er hægt að versla hjá Victoria´s Secret í gegnum íslensku vefsíðuna shopusa.is.





IPEX demi brjóstahaldarinn er til í mörgum stærðum og fallegum litum.



## Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

# Svörtu blæjurnar gera innrás

Fyrir marga er samansemmerki milli rólegheita og ágústmánuðar í París. Víst er að útsölum er lokið og margir borgarbúa í fríi annað hvort á frönsku ríveríunni eða enn lengra í burtu. Í lúxusbúðunum er ákaflega rólegt, dagarnir langir og hver öðrum líkir. Þó er einn flokkur viðskiptavina sem oft er á ferð í ágúst og getur stundum bjargað viðskiptum dagsins enda fjólubláu evruseðlarnir sem eru látnir fjúka ekki taldir (500 evrur). Þetta eru svartklæddu konurnar frá Sádi-Arabíu, Sameinuðu arabísku furstadæmunum og Kúvæt, þar sem olíuauður er mikill. Það er einkennileg þversögn að þrátt fyrir óvild múslima á Vesturlöndum þá vilja íbúar þessara landa ekki sjá annað en frönsk og ítölsk lúxusmerki. Jafnvel þær sem eru svartklæddar frá hvirfli til ilja svo aðeins sést í augun láta ekki sjá sig nema með **Dior**, **Vuitton** eða **Fenditöskur**. Svo geta þessar konur verið í því sem þær vilja heima við með eiginmanni sínum þó þær megi ekki vera einar utan dyra án fylgdar karlmanns og auðvitað með blæju fyrir andlitinu. Þær geta því keypt flegna og klæðalitla tískukjóla til að nota innandyra. Og miðað við ástandið í Lundúnum um þessar mundir er líklegt að þessir viðskiptavinir komi enn frekar til Parísar að versla þetta sumarið. Ótryggt ástand í heimsmálum dregur reyndar töluvert úr ferðalögum olíufurstanna og eiginkvennanna. Þannig var til dæmis ástandið þegar upphaf Íraksstríðsins hafði verið auglýst og í nokkra mánuði eftir að það hófst.

Einu sinni keypti kona frá Sádi-Arabíu hátt í tíu töskur hjá mér þegar ég vann fyrir **Yves Saint Laurent** en hún sagðist eiga tuttugu og eina systur og þyrfti því helst tösku handa hverri! Það gleður eðlilega tískuhúsin þegar þessir viðskiptavinir birtast á rólegasta tíma ársins.

En maður verður alltaf að vera var um sig í þessu viðsjála heimi. Eitt sinn lenti ég í því, einmitt í ágúst að ein blæjukona birtist með fjölda manns og gerði góð kaup. Fylgdarkona af lægra stigi sá um að ganga frá „taxfree"-pappírum og vildi svo sjálf kaupa eina tösku. Hún náði að rugla mig algjörlega í ríminu svo að það var ekki fyrr en hún var farin að ég gerði mér ljóst að henni hafði tekist að stinga aftur á sig 500 evru seðlinum sem átti að fara í kassann hjá mér og að fá til baka 85 evrur. Hún flaskaði hins vegar á einu, að biðja um endurgreiðslu á virðisaukaskatti inn á gullkortið sitt. Ég skellti bara kortanúmerinu í gegnum vélina eins og um fjarsölu væri að ræða svo að á endanum borgaði hún töskuna. Því það þarf meira en ambátt olíufurstafrúar til að klekkja á norrænum víkingi!











Hljómsveitin Nylon hefur vakið mikla lukku síðasta árið og virðist frægðarsól hennar ekki ætla að hætta að skína.

# Nylon vinabönd

***Stúlknasveitin Nylon er nú í óðaönn að kynna sérstök Nylon vinabönd til styrktar krabbameinssjúkum börnum á Íslandi.***

Armböndin eru appelsínugul með áletruninni Nylon og fást aðeins í völdum verslunum Shell og Select í ágúst og september.

Hvert band kostar fimm hundruð krónur og rennur ágóðinn algjörlega óskiptur til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna.

Stelpurnar koma reglulega fram í ágúst til að kynna böndin. Þær verða í Sandgerðisbæ laugardaginn 6. ágúst klukkan 14.00, laugardaginn 13. ágúst í Select í Smáranum kl. 14.00, fimmtudaginn 18. ágúst í Select í Breiðholti og loks á Shell á Akranesi klukkan 17.00 laugardaginn 20. ágúst.




Mikið úrval af yfirhöfnum
á 50% afslætti
S: 588 5518 Opnunartími • Mörkinni 6
mán. – fös. 10 – 18 • lau. 10 – 16
Topp HÚSIÐ


Nýjar vörur eru komnar
Útsalan heldur áfram
enn meiri verðlækkun
CHA*CHA
Tískuvöruverslun
Glæsibæ
Sími 588 4848



MARGRÆTT
Með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 9.

Dúndur útsala
50% afsláttur
af öllum útsölufatnaði
Glæsileg snyrtivöru- og ilmtilboð
GULLBRÁ, Nóatún 17 s. 562-4217

FULL BÚÐ AF NÝJUM FÖTUM FYRIR ÖLL TÆKIFÆRI

Vertu þú sjálf – vertu Belladonna í nýjum fötum
Erum að taka upp nýjar vörur
enn meiri verðlækkun á útsölunni !
belladonna
Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is
Opið: mán-fös. 11-18 Lau. 11-15

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA HELGADÓTTIR



Skemmtileg klipping frá Gumma á Mojo. Þungir og síðir toppar verða áberandi í vetur jafnvel þótt hárið sé stutt.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRG VIGFÚSDÓTTIR



Úr þemalínu haustsins frá Salon Veh. Hárið er síðara en verið hefur og toppurinn er fremur þungur.



Sama hárgreiðsla séð að aftan. Á haustin verða litatónarnir dýpri og í vetur verða brúnir litatónar áberandi.

# Hártískan fer eftir lífsstíl fólks

***Fjölbreyttar klippingar, þungir toppar, djúpir litatónar og eðlilegir liðir eru meðal þess sem einkennir hártískuna í haust.***

Haustið er fram undan og því fylgja nýjar línur fyrir hárið. „Í haust verður meiri sídd í hárinu og klippingarnar eru dálítið öðruvísi,“ segir Elsa Haraldsdóttir, hárgreiðslumeistari og eigandi hárgreiðslustofunnar Salon Veh, aðspurð um helstu straumana í hausttískunni. „Við erum hætt að sjá þessa samfellu í styttum og nú er kannski frekar klippt út einhver ákveðin fylling í hárið í hliðum eða hnakka. Toppurinn er þungur og hann er síðari en verið hefur og klipptur þannig að hægt sé að leika sér með hann,“ segir Elsa og bætir því við að klippingarnar sem komi með haustinu bjóði upp á marga möguleika og gefi fólki kost á að leika sér mikið með hárið.“

Aðspurð um litina segir Elsa að haustinu fylgi iðulega dýpri litir. „Litirnir eiga ekki að vera of ólíkir heldur eiga þeir að renna vel saman og tóna hver við annan,“ segir hún og bætir því við að röndóttar strípur séu eiginlega alveg úr sögunni. Hárið sé fremur náttúrulegt. „Reyndar er eiginlega allt í tísku og hárgreiðslan snýst fremur um lífsstíl hvers og eins en um tísku,“ segir Elsa.



Gummi á Mojo segir að haustískan sé afar fjölbreytt. Í herratískunni er allt leyfilegt.

Guðmundur Hrafnkelsson hárgreiðslumeistari, betur þekktur sem Gummi á Mojo, tekur í sama streng og segir að tískan sé mjög fjölbreytt. „Ef maður skoðar það sem kemur frá tískuhúsunum úti í heimi þá gætir áhrifa frá fimmta áratugnum og það er ekki síður áberandi í hárinu. Hárið er áfram mikið og lifandi og oft svolítið náttúrulegt. Annars eru klippingarnar alls konar og hárið er bæði stutt og sítt. Miklir og þungir toppar eru áberandi og þá eru þeir annað hvort beinir eða greiddir til hliðar. Þetta fer eiginlega allt eftir því hvernig týpa þú ert og það má sjá rokkaðar og áberandi klippingar með djörfum litum innan um þetta náttúrulega.“

Aðspurður um herratískuna segir Gummi að þar sé margt að gerast. „Það er næstum allt leyfilegt hjá strákunum og útfærslurnar eru skemmtilegar. Fjölbreytnin er mikil og við sjáum sítt hár, stutt, slétt, krullað - jafnvel vatnsgreitt,“ segir Gummi. „Stíllinn núna er persónulegur og þótt það sé alltaf einhver undirliggjandi tískustraumur er margt í gangi,“ segir Gummi.

Við höfum flutt
verslun okkar og hönnunarverkstæði ofar á Laugaveginn í rúmgott og bjart húsnæði að Laugavegi 52
Gull & Silfur
Sími: 552 0620



www.bmagnusson.is
Nýr fatalisti
Vetrartískan.
Litlar og stórar stærðir á alla fjölskylduna.
Pantið skólafötin núna.
B.Magnússon hf./ Kays
Austurhraun 3, Garðabæ
Pöntunarsími: 555 2866
Opið mán-fös. 10-18.

Vissir þú að Trind naglastyrkirinn er margverðlaunuð gæðavara sem er til í lit og glært eins og naglalakk?

Nýtt!
Nail Brightener gerir litinn neglurnar fallegri og skarpari allt að því eins og French manicure.
TRIND



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Keiluskór hafa ekki þótt sérstaklega smart fyrr en nú.

# Keiluskór aldrei vinsælli

***Unglingar stela keiluskóm í keilusölum í Bandaríkjunum þar sem það virðist vera nýjasta tískan.***

Undarleg tíska hefur skapast í kringum keilusali í Bandaríkjunum. Unglingar og háskólanemar stunda grimmt að stela keiluskóm og ganga í þeim frá degi til dags, eins og hverjum öðrum tískufatnaði.

Vinsældir keilu hafa aukist mikið meðal unglinga í Bandaríkjunum á síðustu árum en samkvæmt bandaríska íþróttasambandinu hafa 35 milljónir keiluspilara undir 24 ára aldri bæst við keiluspilarahópinn á síðustu tíu árum.

Keiluskóatískan byrjaði þegar keilusalaeigendur skiptu út gömlu, slitnu skónum fyrir nýja flotta skó sem auðvitað eru mun flottari.



Fátt er hallærislegra en þegar G-strengurinn gægist undan buxum eða pilsum.



Nærbuxur með franska sniðinu eru orðnar vinsælli meðal kvenna en G-strengurinn.

# G-strengur á undanhaldi

***Breskar konur vilja frekar klæðast klæðameiri nærbuxum en að bera sig í G-streng.***

Sala á G-strengsnærbuxum hefur minnkað til muna í Bretlandi, um tæplega tuttugu prósent á einu ári. Stelpur og konur þar í landi virðast vera að fylgja fordæmi kvikmyndapersónunnar Bridget Jones og skipta út litla, óþægilega þríhyrningnum fyrir klæðameiri og þægilegri nærbuxur.

G-strengurinn kom fyrst fram á sjónarsviðið árið 1979 á ströndum Brasilíu og var hannaður af Rudi Gernreich. Síðan þá hefur strengurinn verið vinsæll kostur fyrir stúlkur sem vilja fela nærbuxnalínuna þegar þær klæðast þröngum buxum, pilsum og kjólum. En fátt er hallærislegra en lítill þríhyrningur sem gægist upp á bakið þegar stúlkur beygja sig fram og það virðist hafa breytt hugarfarinu þegar kemur að G-strengjum.



Það verður seint sagt um G-strenginn að hann sé þægilegur.

Sala á G-strengum hefur minnkað jafnt og þétt síðan árið 1998 en í lok ársins 2003 voru G-strengir aðeins 31 prósent af keyptum nærfötum. Í ár hefur þessi tala minnkað í 23 prósent.

Einn stærsti nærfataframleiðandinn, Gossard, hefur tilkynnt að sala á boxer nærbuxum fyrir stúlkur hafi aukist um 172 prósent síðustu fimm árin og vilja stúlkur frekar klæðast sexí nærbuxum með franska sniðinu og skilja eitthvað eftir fyrir ímyndunaraflið en að bera sig í G-streng.



Charlotte Church kvartar ekki fyrir lafandi brjóstum.

# Charlotte hafnar Wonderbra

SÖNGKONAN CHARLOTTE CHURCH SEGIST EKKERT ÞURFA TIL AÐ HALDA BRJÓSTUNUM Í SKEFJUM.

Táningssöngstjarnan Charlotte Church hafnaði arðbærum samningi um að hún yrði nýtt andlit og barmur nærfatarisans Wonderbra.

Hin nítján ára söngkona neitar að taka þátt í auglýsingaherferð fyrir fatnað sem gerir brjóstin þrýstnari þar sem hennar brjóst eru langt frá því að lafa. „Á hennar aldri þarf hún ekki Wonderbra. Hún er með fallegan vöxt,“ segir Maria, móðir Charlotte.








LAGERSALA

Guðrún tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077

- Hægri dyr

Erum að taka upp nýjar vörur

Laugavegi 53
s: 552 3737

IANA








**Kaffistellið**
Hver segir að kaffibollarnir þurfi allir að vera eins, og maður þurfi að eiga heildstætt stell til að bjóða gestum í mat og kaffi? Kaffiboðið getur þvert á móti orðið ansi líflegt og skemmtilegt ef diskarnir og bollarnir eru hver af sínu tagi.


Stórútsala!
GÖTUMARKAÐUR
Vandaðar heimilis- og gjafavörur
DUKA
Kringlunni - sími : 533 1322





Enn meiri afsláttur
Útsölulok um helgina
BORÐ FYRIR TVO
KRINGLAN





Glæsilegar og rómantískar brúðargjafir
Lene Bjerre®
Lene Bjerre • Bæjarlind 6, Kóp. • S: 534 7470 • Opið virka daga frá 10–18 • Lau. frá 10–16



Íslensk list er góð gjöf





galleri
ICELAND GIFTSTORE
RAMMAGERÐIN
Hafnarstræti 19
S. 551-1122



Ný sending af kristalsljósakrónum





Arinbúðin
Stórhöfða 17 v/Gullinbrú (fyrir neðan húsið) · Sími 567 2133 · www.arinn.is




Gréta, Herborg og Jófríður eru konurnar á bak við Handíðir. Eins og sjá má er ullarúrvalið mikið og litirnir eru ótrúlegir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Jófríður bregður á leik með fallegan hatt úr þæfðri ull og skemmtilegt sjal sþar sem ullin er þæfð saman við silkidúk.





Fáir kunna þá tækni að búa til prestakraga. Kragar af þessu tagi voru vinsælir meðal heldri manna fyrr á öldum en lifa nú aðeins í prestakraganum sem þekkist á Íslandi en ekki víða annars staðar.



Konurnar í Handíðum hafa staðið fyrir fjölbreyttum námskeiðum, meðal annars í útsaumi, ullarþæfingu og leðursaumi.

# Fjölbreytt handverk & námskeið á háu plani

***Í Hamraborginni í Kópavogi er lítið handavinnufyrirtæki sem kallast Handíðir. Það reka þrjár kátar konur sem allar eiga það sameiginlegt að lifa og hrærast í handverki og handavinnu.***

Herborg Sigtryggsdóttir vefnaðarkennari, Jófríður Benediktsdóttir klæðskera- og kjólameistari og Gréta Pálsdóttir kennari eru konurnar á bak við Handíðir. Þær standa fyrir alls konar námskeiðum og selja ull og ýmsan varning til handavinnu.

„Þetta byrjaði eiginlega allt saman með námskeiði í þæfingu sem við héldum. Okkur þótti fólk hafa ansi þröngt sjónarhorn á þæfinguna sem einskorðaðist við íslensku ullina. Þess vegna fórum við að flytja inn ull sjálfar. Í fyrstu aðallega fyrir nemendur á námskeiðunum en svo vatt þetta upp á sig. Við erum með gott úrval og seljum meðal annars merínóull sem er fíngerðasta ull sem til er," segir Herborg og vill ekki viðurkenna að þæfingin sé deyjandi tískubóla. „Þetta er eflaust tíska en hún lifir samt áfram og þróast," segir hún. Jófríður bætir því við að ullin bjóði upp á marga möguleika. „Við fengum til dæmis til okkar frábæra kennara í vor, sem blönduðu saman þæfingu og þrykki, útkoman var mjög skemmtileg."

Á vegum Handíða eru haldin fjölbreytt námskeið og þær stöllur leggja áherslu á að sinna fjölbreytilegu handverki. Þótt þær hafi allar reynslu af að kenna fá þær yfirleitt utanaðkomandi kennara til að leiðbeina á námskeiðunum. „Við höfum lagt metnað okkar í að fá góða og vel menntaða kennara til að halda námskeiðin. Við reynum líka að sinna sem flestu. Í fyrra fengum við til dæmis einu konuna sem kann að gera prestakraga til að halda námskeið. Það heppnaðist vel og margir vildu læra þessa kúnst, til dæmis fata- og búningahönnuðir," segir Jófríður.

Auk verslunarinnar í Hamraborg halda þær vinkonurnar úti vefsíðunni, www.handidir.is. Þar má finna góðar upplýsingar um námskeið og vöruúrval og þar er einnig hægt að kaupa vörur.

*thorgunnur@frettabladid.is*


Sófasett: 3ja sæta og 2 stólar
alklædd ekta nautsleðri eða með microfiber áklæði





Kynningarverð
í leðri:
kr. 189.500
í áklæði:
kr. 139.500
3 leðurlitir og 2 áklæðalitir.
Spring-gormar í sætum, fastir púðar. Frábær sætisgæði
innlit
HÚSGÖGN
Ármúla 5 Reykjavík
sími 544 8181





SERICA
Hlíðarsmára 11, Kópavogi s. 565 1504
ÚTSALAN ER HAFIN
10-40% afsláttur



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



Enn er gengið til góðs!





sofar.is
Betra verð
sætir sófar
Smiðjuvegur 9 • Kópavogi • S: 564 1475



FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sverrir og Loppa í legustólnum góða. Stóllinn kallast Fauteuil grand comfort og var hannaður af svissneska arkitektinum Le Corbusier árið 1929.

# Svarti legustóllinn er í uppáhaldi

***Sverrir Guðjónsson tónlistarmaður býr í fallegu, gömlu húsi í Grjótaþorpinu í Reykjavík.***

Þegar Sverrir Guðjónsson er spurður um uppáhaldshornið á heimilinu er hann fljótur að svara. „Mér líður best í Le Corbusier legustólnum mínum. Hann er uppi í risinu og þar vinn ég að mörgum mínum verkefnum. Elín Edda, konan mín, gaf mér þennan stól fyrir mörgum árum síðan. Þetta er ákaflega falleg og glæsileg hönnun. Hann er hannaður árið 1929 og er mjög þægilegur," segir Sverrir og bætir því við að allt umhverfið í kringum stólinn sé í raun í uppáhaldi hjá honum. „Svarti legustóllinn situr í risinu við svalirnar. Hinum megin við handriðið er sjónvarpið sem ég nota sem svefnmeðal. Við hliðina er hvíta kommóðan með stafla af bókum, úrklippum, spólum og geisladiskum. Hér eru hin helgu vé og einungis heimiliskettirnir, kettlingurinn Loki og læðan Loppa, hafa leyfi til þess að klífa upp á brjóst og kúra við slátt hjartans meðan ég ligg í stólnum," segir Sverrir.

Sverrir vinnur iðulega að mörgum verkefnum í einu og notar holið í risinu þá oft sem vinnuaðstöðu. „Hérna er ég með bækur og spólur og alls konar dót hvað innan um annað. Mér finnst gott að liggja í legustólnum þegar ég er að vinna og þar fæ ég góðan vinnufrið. Það er enginn sem tekur til þarna og öllu ægir saman. Það er útilokað fyrir nokkurn mann að leysa úr flækjunni nema mig," segir Sverrir.

*undirskrift*



Geggjaðir uppþvottaburstar á 890 kr.

Klósettbursti á 3.300 kr.

Glaðlegir uppþvottahanskar á 1.500 kr.



Kústur og fægiskófla á 3.500 kr. Til í nokkrum mynstrum.

# Skúra, skrúbba, bóna

***Í versluninni Sipa eru til ýmsar vörur sem hressa verulega upp á heimilisstörfin.***

Óhætt er að fullyrða að flestum finnist heimilisstörfin ekkert sérstaklega skemmtileg. Vaska upp, skúra, skrúbba og bóna er nokkuð sem mann langar ekki að gera – en þarf samt að gera.

Þetta eru óhjákvæmilegar skyldur og þess vegna ætti hver og einn að reyna að gera þær eins skemmtilegar og mögulegt er.

Í versluninni Sipa á Laugaveginum er manni svo sannarlega hjálpað við að sinna heimilisstörfunum. Þar fást litríkar heimilisvörur sem gleðja augað svo sannarlega og gera lífið og tilveruna í rykinu og sápunni mun bærilegri. Vörurnar eru eins og klipptar út úr teiknimynd, svo sætar eru þær, og jafnvel svo flottar að maður tímir varla að óhreinka þær.

Fréttablaðið leit í Sipu, fékk að handleika litadýrðina og söng auðvitað hástöfum „Ryksugan á fullu...étur alla drullu..." þó enga ryksugu væri að fá. Svona eiga skyldurnar að vera!

*lilja@frettabladid.is*










Mynd eftir Hrafnhildi Bernharðsdóttur

Brúðargjafir

Opið laugardaga,
í Kringlunni 10-18, Rauðarárstíg 11-14

Sjáumst í Galleríi Fold

LISTMUNASALA fold

Rauðarárstíg 14-16, sími 551 0400
Kringlunni, sími 568 0400 · www.myndlist.is




Drangey
Smáralind 528 8800



Innbyggðir klósettkassar og hreinlætistæki í úrvali

BAÐHEIMAR
Fosshális 1 • sími 525 0800 • www.badheimar.is

## Lyftarar







## Bátar



Tveir frábærir slöngubátar með utanborðsmótor annar gulur og hinn rauður. Sími 894 2967.

**Gúmmíbátar og Gallar**
Viðgerðarþjónusta, 10 ára reynsla. Seago björgunarbátar & vesti. 4ra manna bátar til leigu. S. 660 7570 www.gummibatar.net

**Bátaland, allt til báta.**
Utanborðsmótorar, bátahlutir, dælur, öryggisbúnaður, bátar, þurrkubúnaður og margt fleira.
**Bátaland, Óseyrarbraut 2 Hafnarfirði S. 565 2680, www.bataland.is**

Utanborðsmótor til sölu 30hp. Aldrei verið gangsettur. Uppl. í síma 692 5098.

## Bílaþjónusta




## Hjólbarðar

Til sölu 18,5X44 15" dekk, 4 stk. Uppl. í s. 697 4697.

Fjögur góð Nokia sumardekk að stærð 205/70 R15-95T fást á 10 þús. Uppl. í s. 616 2812.

## Varahlutir

Bílakjallarinn Stapahrauni 11, s. 565 5310. Sérhæfum okkur í VW, Toyota, MMC, Suzuki og fl.

Partasalan VTS, s. 421 8090. Toyota, Nissan, Opel, Audi 100-95, Suzuki, Lancer. Opið virka daga frá 8-18, laugard. 10-15.

Partasalan Skemmuvegi 30, sími 557 7740. Eigum varahluti í Volvo, Opel, Nissan, Toyota, Renault, Honda og fleira.

**Peugeot-Citroen.**
Peugeot, Citroen. Er eingöngu að rífa Peugeot og Citroen. Franskir bílapartar ehf. S. 587 8200 & 694 9117.

Bílhlutir, Drangahrauni 6, S. 555 4940. Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Bílapartasalan Ás**
Skútahraun 15B, s. 565 2600. Honda, Mazda, MMC, Nissan, VW. Notaðir varahlutir í flestar gerðir bíla, Kaupum bíla til niðurrifs.

**Hedd 557 7551**
Bílapartasala sem sérhæfir sig í MMC, Nissan, VW, Subaru, Skoda og fl. Opið mán-föst 9-18.

Vélbúnaður og bodyhlutir í VW Golf, Polo og Yaris '98 og yngri. Einnig Airbag. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**S. 555 3560**
Bílapartar og Þjónusta eigum varahluti í flestar gerðir bíla. Dalshrauni 20.

**Aðalpartasalan s. 565 9700**
Kaplahrauni 11 HF. Eigum varahluti í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrifs.

Partaland, Stórhöfða 18, s. 567 4100. Varahlutir í Pajero og Lancer '89-'00, Trooper '98-'03, Terrano II '00 ofl. teg.

**bilapartar.is**
Bílapartar, erum flutt í Grænumýri 3 Mosfellsbæ, s. 587 7659. Erum eingöngu með Toyota. Kaupum Toyotabíla. Opið virka daga frá 10-18.

Partar Kaplahrauni 11, s. 565 3323. Varahlutir í bíla þ.á m. Ford, Opel, Suzuki, Mazda, VW, Daewoo. Kaupum bíla til niðurrifs.

Á varahluti í Charade '88/'93, Civic '91, Lancer Colt '92/'93, Galant '90, Corolla '92, '97, Touring '92, Sunny '92, Micra '91, Swift '90, Subaru '90, Justy, L300 '90, Primera '93, Escort '88. Hyundai Coupe Turbo '93. Sonata '92. S. 896 8568.

## Viðgerðir




Ef pústið pípir og bremsurnar braka, hættu að aka og láttu okkur laga. Kvikkþjónustan, Sóltúni 3, s. 562 1075.

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Full búð af nýjum vörum frá Austurlöndum. Frábært úrval. Vaxtalausar léttgreiðslur. Sigurstjarnan, S. 588 4545. Fákafeni (bláu húsin) Opið 11-18 virka daga og 11-15 laugardaga.



Smart sett í mörgum litum. Verð frá 2490.-. Litla Búðin Akranesi, opið virka daga 12-18. S. 431 1753 & Secret Mosfellsbæ, opið fimmtudaga 18-21 eða eftir samkomulagi. S. 662 2597. Sendum í póstkröfu.




Krossgátubl. Frístund - Nýtt 40 síðna hefti á sölustöðum. www.fristund.net

Til sölu vegna flutnings rúm 105x2 m. v. 5 þús. og örbylgjuofn v. 5 þús. Uppl. í s. 869 0885.

Til sölu ísskápur, brúnn sófi, frystiskápur og eldhússtólar. Uppl. í s. 431 3046 & 692 3046.

Sjónvarpsskápur kr. 4.000 og kerruvagn með burðarrúmi kr. 16.000 til sölu. Uppl. í s. 557 3118 eða 694 2460.

**14 kt gull**
Kven og karl skartgripir frá 1000 kr. Uppl. í síma 824 8845.

L Ikea furueldhúsinnrétting ásamt tækjum. Einnig Old Charm skrifborð, stóll og lítill skápur, og Emmaljunga brnakerra. S. 554 6172 & 892 0565.

3ja sæta sófi + stóll, koja með geymsluými undir, hjól fyrir ca 4-5 ára og þríhjól. Uppl. í s. 696 5406.

Til sölu 3ja sæta sófi og sófaborð. Einnig playstation 2 tölva og góð fartölva. S. 561 8880 & 698 8718.

Húsgögn, barnaföt, kuldagallar, leðursófasett ofl. Símar 562 7560 & 869 5910.

Búslóð til sölu vegna flutninga. Allt mögulegt. Uppl. í síma 696 0877.

Ísskápur 168 cm tvöfaldur m/klakavél á 25 þ. 142 cm m/sér frysti á 10 þ., 133 cm og 85 cm á 8 þ. Eldavél á 5 þ. Þríhjól á 2 þ. Hjólabretti á 3 þ. Barnabílstóll á 3 þ. Línuskautar 2 þ. Einnig varahlutir í ýmsa bíla og mikið af dekkjum á felgum á 1 þ.stk. S. 896 8568.

Sem nýtt amerískt rúm til sölu, 135 á breidd, frá Svefn og Heilsu. Selst á 10 þús. Ísskápur ca 135 á hæð, selst á 7 þús. Uppl. í síma 698 3108.

**Bílasími**
Til sölu bílasími af Mitsubishi gerð. Uppl. í s. 557 4660.

## Óskast keypt

Bílakerra, útidyrahurð, innihurðir, gipsplötur, einangrunarull, pallaefni o.fl. S. 692 3048 & 663 1106.

## Hljóðfæri

Leigjum og seljum hljóðkerfi stór og smá. JBL, Crown, AKG HljóðX. Grensásvegi 12 sími 553 3050.

Harmonikur frá kr. 29 þús. Ýmsar stærðir. Uppl. EG-tónar, sími 462 7374.

Petrof Píanó til sölu, vel með farið Sími 862 2051.

Píanóharmonika 96 bassa, til sölu. Verð 60 þús. Sími 866 4332.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35, s. 552 7095.

32" Phillips breiðbandssjónvarp, rúmlega árs gamalt. Einnig sjónvarpsskápur frá Öndvegi. Verð 80 þús. saman. Uppl. í síma 896 3638.

## Tölvur




Þarftu aðstoð við tölvuna? Viðurkenndur af Microsoft. 10 ára reynsla. S. 616 9153 (Friðrik). Frá kl 8-23.

## Til bygginga






**vidur.is**
Harðviður til húsbygginga. Palla- og girðingaefni, nótuð vatnsklæðning, nótaður panill og fræst gluggaefni. Gæði á góðu verði. Nánar sjá vidur.is Magnús sími 561 1122/660 0230

**Steinull**
Til sölu úrvals steinull, margar gerðir. Gott verð. Uppl. S. 898 5500.

**Vinnuskúr**
Vinnuskúr til sölu með rafmagnstöflu. Stendur á stálgrind. Auðveldur til flutnings. Uppl. í síma 899 8195.

Linden krani gamall og góður, sjálfreisandi 26 m. Verð 350 þús. Uppl. í s. 899 6753.

## Verslun



**100% Verðvernd!!!!**
Venus erotic store. Vorum að fá nýjar 10 og 12 tíma 2ja diska DVD, verð 3.990. Allar spólur 1990. 3 á 5.000. Venus Freyjugötu 1 sími 552 2525. www.venus6.is. Sendum í póskröfu um land allt.



**Sportlegu Heilsuskórnir**
Vinsælu Heilsuskórnir komnir aftur, 8 litir, einnig í gull og silfri, stærðir 35-41, verð 3.990 kr. La Vida Laugavegi 51,Gallery Freydís Laugavegi 59. Náttúrubúðin Hveragerði,Töff Föt Húsavík, Okkar á milli Egilsstöðum.



Espadrillurnar eru komnar. 11 litir stærðir 35-41, kr. 990. Einnig með háum hæl kr. 2500. Hókus Pókus Laugavegi 69 S. 551 7955.



Útsalan er hafin. 20-50% afsláttur af öllum sumarvörum. Opið frá 10-18 virka daga. ATH lokað á laugardögum í sumar. H-Gallerí Grænatúni 1, Kóp. S. 554 5800.




Frábær sumartilboð 30% afsláttur. Snorrabraut 56 & Glerárgötu 34 Akureyri, s. 551 5200 & 461 5300




## Hreingerningar

Nostra Hreingerningarþjónusta. Tökum að okkur fyrirtækja-, heimilis-, flutnings-, stigagangaþrif og teppahreinsanir. Uppl. í s. 824 1455 eða senda fyrirspurnir á nostra@nostra.is

## Garðyrkja

**Túnþökur.**
Túnþökurúllur, túnþökur og holtagróður ávallt fyrirliggjandi
**Túnverk ehf. 892 3666**
**Gylfi Jónsson**

**Tökum garðinn í gegn!**
Sláum gras, klippum/fellum tré, hreinsum beð, eitrum tré og túnfífla, þökuleggjum, helluleggjum og margt margt fleira.
Gerum góð tilboð.
**Sláttumenn -Garðaþjónusta.**
**Þórhallur s. 846 0864 Hjörleifur s. 868 2667.**

Túnþökur til sölu. Heimkeyrsla í RVK innifalin. S. 847 5007 grassalan@simnet.is

**Túnþökusala Oddsteins**
Gerum tilboð í minni og stærri verk. tek einnig að mér lagningu. Steini. S. 663 6666 / 663 7666.

Tökum að okkur hellulagnir og ýmis önnur verk. Steinaflatir Uppl. s. 699 8826.

Alhliða garðyrkjuþjónusta. Halldór garðyrkjumaður sími 698 1215.

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

! 90,9 | 98,9 Bylgjan | FRÉTTABLAÐIÐ | Létt 96,7 | vísir

Útsala á tjöldum. 50 prósenta afsláttur.
**Tjaldaland við Glæsibæ**

Frístundarlóðir,
**www.langa.is**

Hinsegin hamborgarar.
**Hamborgarabúlla-Tómasar**

**Skoðaðu www.bestalambid.is**

Ársalir Fasteignamiðlun,
**www.arsalir.is**

Gott á allt-
**www.bestalambid.is**

Gamla góða Kaupmannahöfn.
**www.salkaforlag.is**

Smáauglýsingasími Blaðsins, 510-3737 þar sem smáauglýsingarnar kosta aðeins 555.- krónur stykkið.
**Blaðið**

Microsoft prófgráðunám.
**Rafiðnaðarskólinn.**

Tekjublað Frjálsrar verslunar er komið.

**Penninn-Eymundsson.**

**Outback grillin hjá Esso komin aftur.**

Ekki gleyma að taka Andrés Önd með í fríið.
**Edda-útgáfa.**

Búlluborgarar, Búlluborgarar.
**Hamborgarabúlla-tómasara**

Velkomin á Handverk 2005
**í Eyjafjarðarsveit 4. til 7. ágúst.**

**Ársalir Fasteignamiðlun, 533-4200.**

Hörpuskel og humar í sumar,
**Narfeyrarstofa Stykkishólmi.**

Víkingaferðin er fyrir þá sem vilja spretta úr spori. Alltaf fjör hjá Íshestum.
**Íshestar.is, sími 555-7000**

Vertu ekki andlaus í ferðalaginu. Andrés Önd á næsa blaðsölustað.
**Edda-útgáfa.**

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.





Sjónaukar 7x40 með laser fjarlægðarmæli. Mæla 20-1.500 m., +/- 1 m. nákvæmni. Sendi hvert á land sem er. Verð 79.900 m/tösku - Sigurður sími 820 9000.

Sjóstangaveiði og hvalaskoðun. Tilvalið fyrir vinahópa eða vinnufélaga. Farið frá Reykjavíkurhöfn. Duus Tours. S. 898 9511.

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Þú færð allt í veiðiferðina í Veiðideild Intersport Bíldshöfða. Mikið úrval af beitu; maðk, makríl og sandsíli. Erum einnig með fallegar laxa- og silungaflugur, hnýttar af Dr. Jónasi Jónassyni (Dr. Frances). Yfirförum og smyrjum hjól að kostnaðarlausu og spólum uppá nýjar línur á meðan beðið er. Veiðideild Intersport Bíldshöfða.

Veiðifélagsdagar í Ölfusá og Hvítá frá 10.8 - 19.8. M.a. Brúará, Snæfoksstaðir, Ölfusá og Sog Alviðra. Verslunin Veiðisport, Eyrarvegi 15, Selfossi. S. 482 1506. gsm. 695 3034

**Gæsaveiði**
spotmennislands.is Sími 892 1450.

## Ýmislegt







# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 20 fm. herbergi í bökkunum. Sturtu og salernis aðstaða. Verð 25 þús. Uppl. í s. 866 0110.

Svæði 109 Rvk. 100 fm íbúð til leigu á kr. 80 þús. á mán. Uppl. í s. 691 8082 eftir kl. 18:00.

Til leigu einstaklingsíbúð á svæði 200 aðeins reyklaus, reglusamur og skilvís einstaklingur kemur til greina. S. 554 5089.

Herbergi til leigu í Grafarvogi, aðgangur að baði og eldhúsi. 25 þ. á mán. Uppl. í síma 897 7087 & 567 7087.

## Húsnæði óskast

Ungt par með 2 börn óskar eftir 3 herbergja, snyrtilegri íbúð á svæði 101, 105 eða 107. Erum reglusöm og skilvísum greiðslum heitið. Erum að leita að í það minnsta árs leigu. Uppl. í síma 698 7059 Þórdís

Erum tvær á leið í nám og óskum eftir 2ja-3ja herb. íbúð sem næst HÍ. Reyklausar og reglusamar. Uppl. í s. 865 4789 og 865 3070.

Óska eftir stúdíó eða 2ja herb. íbúð. Reglusemi og skilvísi heitið. S. 869 1578.

5 manna fjölskylda sem er að flytja erlendis frá óskar eftir 4ra herbergja íbúð strax. Langtímaleiga. Skilvísum mánaðargreiðslum heitið. Uppl. í s. 557 2229 eða 899 0418.

Óska eftir 3ja herb. íbúð í Lækjarskólahverfinu í Hafnarfirði. S. 898 2181.

Óska eftir 2ja til 3ja herb. íbúð á stór Reykjavíkursvæðinu, reglusamir leigjendur, skilvísar greiðslur. Uppl. í síma 860 6083 & 897 1995.

Óska eftir góðu herb. með aðgangi að baðherb. og eldhúsi. (t.d. meðleigjandi) S. 846 3994.

Maður, reyklaus og drekkur ekki, óskar eftir lítilli íbúð eða stúdíóíbúð. Uppl. í s. 865 2901.

Ungt reglusamt par leitar eftir 2ja herbergja íbúð miðsvæðis. Uppl. í síma 823 8766 & 669 9392.

Kattþrifin og róleg kona óskar eftir 2ja herb. íbúð frá 15. ág. Er í s. 699 1615.

44ra ára karlmaður óskar eftir lítilli íbúð til leigu sem fyrst reglusamur og skilvís. S. 866 5052.

Íbúð óskast frá 1. sept. Uppl. í síma 897 8978, Alan.

Óska eftir einstakl. eða 2 herb. íbúð sem fyrst. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. Uppl. í s. 865 1645, Garðar H.

Tvítug stelpa óskar eftir lítilli íbúð eða herbergi í Rvík sem fyrst. Sími 866 0140.

Eldri maður óskar eftir einstaklingsíbúð í Rvk. Reyklaus. Uppl. í síma 557 4660.

42ja ára einstæður faðir óskar eftir 2ja til 3ja herb. íbúð á stór Reykjavíkursvæðinu frá mánaðarmótum júlí/ágúst. Uppl. í síma 866 7373.

## Sumarbústaðir

Til sölu nokkrar góðar sumarbústaðalóðir á góðum stað í Grímsnesi. S. 661 1121

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. Uppl. í s. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

## Bílskúr

Bílskúr til leigu að Hjarðarhaga 44-50 vesturbæ. Hiti og rafmagn. S. 696 9520.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Mikil Sala**
Vegna mikillar sölu á okkar frábæru heilsu og snyrtivörum frá Volare vantar okkur söluráðgjafa um allt land. Góð laun í boði fyrir duglegt fólk.
**Hafðu samband. Eydís Davíðsdóttir sjálfstæður söluráðgjafi og deildarstjóri Volare s. 869 5226 email eydis@tpostur.is**

**Bakaríið hjá Jóa Fel.**
Bakaríið Jóa Fel Kleppsvegi óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu í fullt starf. Tvískiptar vaktir.
Ekki sumarstarf.
**Uppl. á fást hjá Lindu í síma 863 7579 eða á staðnum. Bakaríið Hjá Jóa Fel, Kleppsvegi 152.**

**Pizza Höllin Mjódd**
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf bakara og bílsstjóra. Einnig vantar í hlutastarf í afgreiðslu, útkeyrslu og bakstur. Getur hentað vel fyrir skólafólk. Hægt er að semja um góðan vinnutíma og aldrei er unnið lengur en 22:30. Lágmarks aldur 15 ára.
**Umsóknareiðublöð liggja fyrir á staðnum. Frekari uppl. s. 824 2221 milli 9-16.**

**Pizza Höllin Dalbraut**
Óskar eftir starfsmanni í fullt starf eldri en 18 ára. Einnig vantar í hlutastarf í afgreiðslu, útkeyrslu og bakstur. Getur hentað vel fyrir skólafólk. Hægt er að semja um góðan vinnutíma og aldrei er unnið lengur en 22:30.
Lágmarks aldur 15 ára.
**Umsóknareyðublöð liggja fyrir á staðnum. Frekari uppl. s. 824 2221 milli 9-16.**

**Vantar þig vinnu?**
Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir duglegum einstaklingum til starfa í matvælavinnslu í Mosfellsbæ. Hlutastörf og full vinna í boði.
**Uppl. í s. 897 3236, Ragnar eða 566 6614, Ragnar eða Sigurður.**

**Ert þú í leit að starfi?**
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is**

**Leikskólinn Blásalir, Árbæ.**
Vantar matráð í 100 % starf.
**Upplýsingar gefur Margrét leikskólastjóri í síma 557 5720 & 557 9720.**

**Leikskólinn Blásalir, Árbæ.**
Vantar starfsfólk í 100 % vinnu, með börnum.
**Upplýsingar gefur Margrét leikskólastjóri í síma 557 5720 / 557 9720.**

**Ert þú ekki að fara í skóla?**
Okkur vantar fleira gott fólk í fullt starf í vaktavinnu. Ef þú ert 17 ára og eldri, ert með góða ástundun í vinnu, vilt vinna í skemmtilegu vinnuumhverfi og dugleg/ur þá ert þú á réttum stað hjá okkur. Borgum góð laun fyrir gott vinnuframlag í skemmtilegu vinnuumhverfi.
**Umsóknareyðiblöð á öllum stöðum Aktu Taktu og á www.aktutaktu.is. Erum einnig með störf frá 11-14 alla virka daga sem hentar fólki frá 16 til 50 ára.**

**Ítalía - veitingahús**
Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í eftirfarandi störf:
Þjónar í sal - fullt starf,
Þjónar í sal - kvöld og helgarvinna.
Um er að ræða framtíðarstörf, ekki yngri en 18 ára.
Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga.
**Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Húsasmiðir, Verkamenn**
Óska eftir að ráða góðan alhliða húsasmið verður að geta unnið sjálfstætt. Einnig óskast verkamaður eða maður vanur byggingavinnu. Uppl. í s. 893 3322. Þil ehf Byggingarfélag.

**Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni.**
Leitar eftir manneskju til að vera yfir og sjá um Osta- og Sælkeraborðið í Hagkaupum Kringlunni. Starfssvið. Innkaup og pantanir Starfsmannahald/mönnun vakta. Laga brauð ofl. sem lagað er á staðnum. Afgreiðsla úr Osta- og sælkeraborði. Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi mikinn áhuga á mat og matargerð eða séu fagmenntaðir. Vantar einnig sem fyrst umsjónarmann kjöt og fiskborðs. Umsækjandi þarf að hafa reynslu og góða framkomu. Góð laun fyrir réttan aðila.
**Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511 4466 milli kl 9 og 17. Furðufiskar ehf Fiskislóð 81a 101 Reykjavík**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Hárgreiðslumeistari/Sveinn/nemi**
Óska eftir nema á fyrsta ári og sveini/meistara til starfa. Vinsamlegast hringið í 5513130 (Olga)/ 0046 737367247 (þórhildur) eða skilið inn umsókn a Hárhönnun, Skólavörðustíg 8

Rizzo Pizzeria. Okkur vantar fólk til starfa strax. Uppl. á staðnum Hraunbæ 121.

**Í Bónus í vetur**
Bónus auglýsir eftir starfsfólki til afgreiðslu á kassa í nokkrar af verslunum fyrirtækisins, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi. Leitað er að fólki á öllum aldri í fullt starf og hlutastarf fyrir veturinn. Áhugasamir geta snúið sér til næsta verslunarstjóra, starfsmannastjóra á skrifstofu Bónus eða sótt um á bonus.is.

**Skemmtileg vinna í vetur!!!**
Vantar fólk í vinnu, bæði um að ræða fullt starf og hlutstörf. Vaktavinna, sveiganlegur vinnutími. Umsóknir á Subwaystöðunum og á netinu subway.is.

Góður starfskraftur óskast í litla matvöruverslun. Vinnutími er 9-18 aðra vikuna og 12-18 hina, auk aðra hvora helgi 10-16 (lau) og 11-14 (sun). Nánari upplýsingar í plus@simnet.is og í 552 6803.

**Bílstjórar**
Olíudreifing ehf. óskar eftir að ráða bílstjóra í framtíðarstörf á Reyðarfirði. Umsækjendur þurfa að hafa meirapróf. Störfin standa báðum kynjum jafnt til boða. Allar nánari upplýsingar veitir: Már í síma 474 1525 tölvupóstfang mar@odr.is

**Járnsmiður óskast**
Viljum ráða vanan járnsmið eða suðumann. Vélvík ehf. Höfðabakka 1. Sími 587 9960.

Langar þér að læra að fá sístreymi af tekjum, áttu lausar 8-10 klukkustundir á viku. Kíktu á e-photomax.tk

Leikskólinn Skerjagarður Bauganesi 13, óskar eftir áhugasömum starfsmanni. Um framtíðarstarf er að ræða. Uppl. gefur Elín í s. 822 1919.

**Pítan**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf afgreiðslu og grill. Einnig kvöld og helgar vinna. Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðar starf, umsóknareyðublöð á staðnum og einning á www.pitan.is

**Góð þjónustulund**
Starfsmaður óskast við uppvask o.fl. Vinnutími frá kl. 11-18.00. Frí um helgar. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma. Kaffi Mílanó, Faxafeni 11.

**Bakarí Kaffihús**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í Bakarí í Skipholti. Ekki yngri en 20 ára, hálfan daginn og aðra hvora helgi. Uppl. s. 820 7370.

**Bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa í bakarí í Breiðholti hálfan daginn og aðra hvora helgi, ekki yngri 20 ára, helst reyklaus. Uppl. í s. 820 7370.

**Bakarí**
Aðstoðarmaður óskast í bakstur í Breiðholti. Uppl. í s. 893 7370.

B.K. Kjúklingur auglýsir eftir starfsfólki í fullt starf. Vaktavinna. Upplýsingar um starfið veitir Haraldur í síma 692 2220.

**Starfsmann vantar!!**
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

Starfsfólk óskast á lítinn veitingastað í Kópavogi. Heilsdags og hlutastörf í boði. Lágmarksaldur 25 ára. Uppl. í s 894 0292.

**Bónusvideó**
Óskar eftir starfsfólki. Aldur 18 ára + í kvöld og helgarvinnu. Uppl. í síma 868 4477 & 862 5460.

Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

**Glaumbar auglýsir**
Glaumbar auglýsir eftir vönum barþjónum og aðstoð í sal. Allar nánari upplýsingar á staðnum eftir kl. 19:00 á kvöldin.

Dagmamma eða góður einstaklingur óskast til að sjá um 5 mán. dreng sem á heima í hverfi 105, næsta vetur. (Frá 20. ág.) S. 696 3943 e-mail hugin777@yahoo.com

**Mýrarhúsaskóli**
Skólaliðar óskast til starfa frá 15. ágúst. Upplýsingar gefur Hafsteinn Jónsson húsvörður í síma 822 9120.

**Valhúsaskóli**
Skólaliðar óskast til starfa frá 15. ágúst. Upplýsingar gefur Þröstur Leifsson húsvörður í síma 822 9125.

**Mýrarhúsaskóli - Skólaskjól**
Óskum eftir að ráða almenna starfsmenn og stuðningsfulltrúa til að starfa með fötluðum nemendum í Skólaskjóli í Mýrarhúsaskóla. Ráðning er frá 15. ágúst. Upplýsingar gefur Marteinn Már Jóhannsson aðstoðarskólaskjóri í síma 897 3652 og 595 9200.

**Hrói Höttur Hafnarfj.**
Óskum eftir metnaðarfullu starfsfólki í pizzugerð, 100 % störf, einnig bílstjórum á okkar bíla, full vaktarvinna og starfsfólk í sal og uppvask kvöld og helgar. Lágm.aldur 18 ár. Uppl. á staðnum Hjallahrauni 13, Hfj og í s. 565 2525, Örn.

**Breiðholtsbakarí**
Okkur vantar röskan starfskraft, ekki yngri en 20 ára í verslun. Skiptivakt og einhver helgarvinna. Uppl. í s. 895 9420 milli 12-16.

Flugterían óskar eftir starfskrafti til afgreiðslu og veitingastarfa. Vaktavinna. Nánari upplýsingar á staðnum milli kl. 10-12. Flugterían Reykjavíkurfluvelli.

Óskum eftir röskum og ábyggilegum 14-15 ára unglingi í hlutastarf við bílaþrif. Þarf helst að búa í Salahverfi eða nágr. Kóp. Uppl. í síma 892 1271.

Vantar duglega menn í vinnu á bónstöð. Uppl. í s. 553 9988.

**Ræsting**
Gæðaræsting ehf. óskar eftir starfsmönnum í ræstingar á svæði 110 og 109 eftir kl. 17. Uppl. í s. 552 2019.

**Ræstingar**
Vantar duglegt fólk í ræstingar. Bílpróf skilyrði. Sveigjanlegur vinnu tími. Uppl. s. 824 1455.

Við óskum eftir barngóðum einstakling til að passa ársgamla dömu hálfan daginn í vetur. Við erum í Vesturbænum. Vinsamlegast hafið samband í síma 551 3107 eða 822 1806.

Leita af fólki til afgreiðslustarfa í stóru skólamötuneyti. Áhugasamir hafi samband í síma 691 5976.

**Björnsbakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími frá 13:00 til 19:00 og 7.30-13.00. Möguleiki á aukavöktum um helgar. Uppl. á staðnum fyrir kl. 11.00 eða í síma 551 1531. Björnsbakarí Skúlagata. Ingunn.

Veitingahús óskar eftir starfsfólki í þjónustustörf/hlutastörf. Uppl. á staðnum, Kína Húsið, Lækjargötu 8.

Óskum eftir starsfólki í hlutastörf á veitingastað/bar sem fyrst. Upplýsingar í s. 892 0673.

Háseta vantar á 140 tonna dragnótarbát. Uppl. í s. 894 3026, 854 3026 & 894 1638.

**Prikið auglýsir.**
Óskum eftir fólki í sal og barþjónum í hlutastarf. Vinsamlegast hafið samband í dag milli 10-15 í S. 694 5553 Þórhildur.

**Borgargrill**
Óskar eftir fólki í vinnu. Mikil vinna fyrir duglega einstaklinga. Dagvinna, kvöld og helgarvinna. Upplýsingar í síma 695 6869 Borgargrill við Miklubraut. borgargrill@internet.is

Ömmu vantar í Hveragerði. Við erum 2 systkyni og eigum von á einu til viðb. okkur vantar að láta gæta okkar og hjálpa mömmu öðru hvoru við létt hússtörf. S. 663 4323.

## Atvinna óskast

**Byggingaverktakar**
Afhverju að auglýsa eftir vönum mönnum sem eru ekki til? Leyfðu okkur að aðstoða. Yfir 30 ára reynsla við að finna rétta menn fyrir fyrirtæki, alls staðar í Evrópu. Allir okkar íslensku viðskiptavinir eru meira en ánægðir með okkar menn.
**Upplýsingar í síma 897 8978, Alan.**

29 ára kvenkokkur óskar eftir starfi. Útskrifuð frá dönskum kokkaskóla í okt. '03. Hefur unnið á dönskum veitingastöðum og hótelum. Uppl. í s. 567 5910.

Get tekið að mér þrif í heimahúsum. Helst í Kópavoginum. Sími 846 8886.

21 árs karlmaður óskar eftir komast á sjó í vetur. Er vanur. Uppl. í síma 662 6268.

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Pási litli er týndur, hann slapp á sunnudagskvöld í Vallengi. Hann er ljósgrænn gári og gæfur. Vinsamlegast hafið samband í S. 567 8237 eða 864 4267.

## Einkamál

Til sölu fellih. Coleman Redwood árg. 2000, gott eintak. Sólars. 690 þ. S. 894 6539.

Continental Breakfast & Lucky Charms í Vík 2005. Vertu með. Kveðja, kokkurinn.

Karlmaður um sextugt óskar eftir kynnum við konu á líkum aldri. Svar merkt "Félagi" sendist FBL smaar@frettabladid.is






# Framtíðarstarf

**AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.**

Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.
Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is upplýsingar gefur Trausti í síma 693-5602.

AÐFÖNG

FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Kjötskurðarmenn

**Ferskar kjötvörur hf. óska eftir að ráða Kjötiðnaðarmenn eða menn vana kjötskurði til starfa við kjötskurð í kjötvinnslu fyrirtækisins hér í Reykjavík. Um afkastahvetjandi kerfi er að ræða.**

Umsóknarfrestur er til **10. ágúst** n.k.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á skrifstofu fyrirtækisins að Síðumúla 34 í Reykjavík.

Nánari upplýsingar veitir Leifur Þórsson í síma 588-7580 eða 660-6330 frá kl. 12:00 til 17:00 virka daga.

Upplýsingar um fyrirtækið er að finna á heimsíðu þess **www.ferskar.is.**

# Laus störf sem gætu hentað þér!

Við óskum eftir lífsglöðu fólki í fullt starf í afgreiðslu. Einnig leitum við að afgreiðslufólki í aukavinnu, *vinna sem gæti komið sér vel með skólanum.* Getum einnig bætt við okkur bílstjórum í dagvinnu og í aukavinnu.
***Nings er skemmtilegur vinnustaður sem leggur áherslu á góðan og hollan mat og framúrskarandi þjónustu.***

NINGS

Hægt er að sækja um á nings.is eða á Nings Suðurlandsbraut 6.
Nánari upplýsingar í síma 822 88 33

Umsækjendur verða að vera eldri en 18 ára.






# ÍTR auglýsir eftir starfsmönnum á frístundaheimili!

Frístundaheimili ÍTR bjóða upp á fjölbreytt tómstundastarf fyrir 6 – 9 ára börn þegar hefðbundnum skóladegi lýkur. Leiðarljós frístundaheimilanna er að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroska félagslega færni í samskiptum í gegnum leik og starf. Starfsmenn eru lykillinn að því að ÍTR geti veitt fyrsta flokks þjónustu við viðskiptavini sína. ÍTR leggur mikla áherslu á fræðslu og símenntun og að starfsfólk geti haft áhrif á þróun og innihald starfsins.

## Frístundaleiðbeinendur

30-50% stöður eftir hádegi virka daga
Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og ánægju af starfi með börnum og vera orðnir 20 ára.
Stúdentspróf æskilegt.

## Stuðningsfulltrúar

30-50% stöður eftir hádegi virka daga
Umsækjendur þurfa í viðbót við það sem frístundaleiðbeinendur hafa í sumum tilfellum að kunna táknmál, tákn með tali eða hafa reynslu af vinnu með einhverfum.

## Frístundaráðgjafar

30-50% stöður eftir hádegi virka daga
Umsækjendur þurfa í viðbót við það sem frístundaleiðbeinendur hafa að vera með háskólamenntun á uppeldissviði eða sambærilega menntun.

*Hægt er að sækja um ofangreind störf á heimasíðu ÍTR, www.itr.is*
*Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf í kringum 19. ágúst.*
*Laun skv. kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar við Reykjavíkurborg*

**Nánari upplýsingar veita eftirfarandi:**
**Árbær, Grafarholt, Norðlingaholt:** Elísabet Þóra Albertsdóttir deildarstjóri í Árseli, netfang: elisabet.albertsdottir@reykjavik.is og Jóhannes Guðlaugsson forstöðumaður Ársels, netfang: johannes.gudlaugsson@reykjavik.is, sími 567 1740.

**Grafarvogur:** Bjarney Magnúsdóttir deildarstjóri í Gufunesbæ, netfang bjarney.magnusdottir@reykjavik.is og Atli Steinn Árnason forstöðumaður Gufunesbæjar, netfang: atli.steinn.arnason@reykjavik.is, sími 520 2300.

**Vesturbær:** Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir deildarstjóri í Frostaskjóli, netfang: arnfridur.s.valdimarsdottir@reykjavik.is og Guðrún Kaldal forstöðumaður Frostaskjóls netfang: gudrun.kaldal@reykjavik.is, sími 562 2120.

**Austurbær:** Kolbrún Pálsdóttir deildarstjóri í Tónabæ, netfang: kolbrun.thorbjorg.palsdottir@reykjavik.is og Ásdís Ásbjörnsdóttir forstöðumaður Tónabæjar, netfang: asdis.asbjörnsdottir@reykjavik.is, sími 510 8800.

**Breiðholt:** Sóley Tómasdóttir deildarstjóri í Miðbergi, netfang: soley.tomasdottir@reykjavik.is og Helgi Eiríksson, forstöðumaður Miðbergs, netfang: helgi.eiriksson@reykjavik.is, sími 557 3550.

**Öskjuhlíðarskóli:** Helga Agnarsdóttir umsjónarmaður, s. 695-5143, netfang: helga.agnarsdottir@reykjavik.is og Kristinn Ingvarsson, deildarstjóri Sérsveitar, netfang: kristinn.ingvarsson@reykjavik.is

ÍTR

Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur, Fríkirkjuvegi 11, 101 Reykjavík, sími: 510 6600, fax: 510 6610, netfang: itr@itr.is, vefslóð: www.itr.is

# VEFFORRITARI ÓSKAST

Skilyrði
Reynsla af vefþróun
Kunnátta í html, css, xml, xslt og php, asp.

Kostir
Reynsla af forritun í Microsoft umhverfi.
Geta unnið sjálfstætt og hafa áhuga á veffjölmiðlun.

Umsóknir með ferilskrá sendist á: starfsumsokn@visir.is.

Við leitum að vefforitara sem hefur áhuga á að vinna af metnaði að nýjum og fjölbreyttum verkefnum í vefdeild okkar.

365

365 er öflugasta fjölmiðlafyrirtæki landsins sem starfar á íslenskum ljósvaka- og prentmarkaði.

ÚTSÖLULOK
UM HELGINA
opið til kl. 21 í kvöld




**Levis** gallabuxur 5.990
**Diesel** gallabuxur 5.990
**Sparkz** bolir 990
**Henson** peysur .990
**Adidas** strigaskór -50%
**Nike** strigaskór -50%

Deres
kringlunni s. 533 1717 www.ntc.is



ÚTSÖLULOK
OPIÐ TIL KL. 21 Í KVÖLD
50-80%
AFSLÁTTUR

Einnig ný sending
af dömu og herravörum

InWear
Matíníque
Part Two
Saint Tropez
COMPANYS
Kringlunni s.588 0079 www.ntc.is

## SJÓNARHORN



Fuglar á flugi á síðsumarkvöldi í Vestmannaeyjum. Ljósmynd: Vilhelm Gunnarsson

## DRAUMAHELGIN



Embla Sigríður vildi helst af öllu vera á humarhátið og knúsa þá sem henni þykir vænt um.

### Láta pabba grilla humar

Fótboltakonan Embla Sigríður Grétarsdóttir veit nákvæmlega hvað hún vill þegar hún er spurð um draumahelgina sína. Stúlkan er uppalin í hinum fagra Hornafirði og þangað leitar hugurinn. „Ég vildi vera á humarhátíð á Höfn og hitta fjölskylduna mína og alla kunningjana," segir hún brosandi og heldur áfram að láta sig dreyma. „Ég biði pabba að grilla ofan í mig humar og nautakjöt, borða síðan þessa eðalfæðu úti á palli í afslöppun og horfa á hin tignarlegu hornfirsku fjöll um leið og ég spjallaði við fólkið mitt. Svo um kvöldið færi ég á Víkina og þar yrðu vinirnir allir sem ég vildi knúsa og kjafta við."

Verið velkomin á opnun Skógarborgar að Minni Borg í Grímsnesi
Við höldum hátíð að Minni Borg í tilefni opnunar nýjustu gistihúsanna okkar.
Boðið verður upp á veitingar föstudag og laugardag 5. og 6 ágúst frá 14 til 18.



Láttu koma þér á óvart er þú stígur inn í Skógarborgina okkar.
Þar eru 7 fullbúin sumarhús fyrir 1-5 manns umvafin skjólveggjum, með heitum pottum, grillum og fl.
Skoðið einnig stóru sumarhúsin sem eru einnig leigð í dags-, helgar- og vikuleigu.

Veitingar m.a í boði Vífilfells, SS, Emmessís og Ömmubaksturs

Alltaf skynsamlegt
ÓB
ódýrt bensín
14 stöðvar!
www.ob.is



**MARKS & SPENCER** Kevin Stanford hefur eignast eins prósent hlut í Marks & Spencer með aðstoð Kaupþings.

# Stanford kaupir í Marks & Spencer

Fjárfestirinn Kevin Stanford, hluthafi í Baugi, Mosaic Fashions og FL Group, hefur keypt eitt prósent í bresku verslunarkeðjunni Marks & Spencer. Kaupþing banki keypti hlutina fyrir Stanford að sögn Times.

Þetta þýðir að verðmæti hlutarins sé fimm og hálfur milljarður króna. Gengi Marks & Spencer stendur í um 360 pensum á hlut.

Stanford seldi tískuverslunarkeðjurnar Karen Millen og Whistles til Baugs á síðasta ári og fékk um þrettán milljarða króna fyrir sinn snúð. Hann stofnaði Karen Millen-keðjuna ásamt fyrrverandi konu sinni - Karen Millen.

- eþa



**HÖFUÐSTÖÐVAR ÍSLENSKRAR ERFÐAGREININGAR** deCode, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, tapaði rúmlega 850 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi. Tapið er rakið til kostnaðar við þróun lyfja.

# deCode tapar

deCode Genetics, móðurfélag Íslenskrar erfðagreiningar, tapaði rúmlega 850 milljónum króna á öðrum ársfjórðungi. Í tilkynningu frá deCode kemur fram að tapið megi rekja til kostnaðar við þróun lyfja. Tapið er svipað og á sama tímabili í fyrra.

Tekjur félagsins námu rúmum 740 milljónum á fjórðungnum, sem er tæplega 120 milljónum meira en í fyrra.

Það sem af er ári hafa tekjur deCode numið 1,3 milljörðum króna en engu að síður hefur tap upp á 1,9 milljarða króna orðið af rekstrinum.

Uppgjörið hafði lítil áhrif á gengi félagsins á bandaríska hátæknimarkaðnum og stendur gengi þess rétt undir tíu dölum á hlut.

- jsk

SONY
Útsala í Sony Center




KV-32FQ86
32" 100hz breiðtjaldssjónvarp
• PicturePower
• 3 Scart tengi
• Mynd við mynd
99.950 krónur
Áður 159.940 krónur
Standur fyrir KV-32FQ86
11.950,-
Áður 24.950,-

Komin aftur!






DAV-SR2
Heimabíó
• 700W magnari RMS S-Master digital
• Útvarp FM/AM RDS
• Spilar SVCD/DVD-R-DVD-RW/JEPG og MP-3, Dolby Digital, DTS og PLII
59.950 krónur
Verð áður 89.950 krónur

DSC-P200 Svört eða silfur
Stafræn myndavél
• 7.2 megapixla myndavél
• 2" Skjár
• 3x aðdráttur um linsu
• Carl Zeiss linsa
39.950 krónur
Verð áður 53.940 krónur

like.no.other™

**HANS CHRISTIAN ANDERSEN (1805-1875)** lést þennan dag.



*Lífið sjálft er hið yndislegasta ævintýr.“*

*- H.C. Andersen var danskur rithöfundur og skáld sem þekktastur er fyrir ævintýri sín.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Aldarafmæli drottningarmóður

Þennan dag árið 2000 fóru fram hátíðahöld víða um Bretland í tilefni af eitt hundrað ára afmæli Elísabetar drottningarmóður. Hún var sú fyrsta í hinni konunglegu fjölskyldu sem náði þessum aldri.

Pokar fullir af gjöfum og heillaóskum voru fluttir að heimili hennar, Clarence House, í Lundúnum. Þegar hún steig út fyrir heimili sitt eins og venja er til afhenti persónulegur póstburðarmaður drottningar handskrifað skeyti frá Buckingham-höll. Síðar um daginn hélt hún ásamt uppáhaldsbarnabarni sínu, Karli prins, í hestakerru skreyttum bláum og gylltum blómum, til Buckingham-hallar.

Elísabet drottningarmóðir lést 30. mars árið 2002, þá 101 árs gömul. Þrír ættliðir konunglegu fjölskyldunnar voru í gríðarstórri líkfylgd sem bar kistu hennar gegnum Lundúna til Westminster Hall.

Þar lá hún í fjóra daga meðan tugþúsundir syrgjenda vottuðu henni virðingu sína. Hún var lögð til hvílu við hlið eiginmanns síns, Georg VI konungi, í kapellunni St. George í Windsor 9. apríl.

Allar eigur Elísabetar runnu óskiptar til dóttur hennar drottningarinnar sem þurfti ekki að greiða erfðaskatt af þessum sjötíu milljónum punda.



**4. ÁGÚST 2000**

## MERKISATBURÐIR

**1753** George Washington verður æðsti maður innan Frímúrarareglunnar í Bandaríkjunum.

**1907** Ungmennasamband Íslands er stofnað.

**1914** Bandaríkjamenn lýsa yfir hlutleysi í fyrri heimsstyrjöldinni.

**1928** Ásta Jóhannesdóttir syndir fyrst kvenna frá Viðey til Reykjavíkur á tæpum tveimur tímum.

**1944** Gestapó-lögreglan í Amsterdam handsamar Önnu Frank og fjölskyldu hennar sem höfðu verið í felum í tvö ár.

**1982** Knattspyrnuliðið Manchester United keppir við Val í vináttuleik á Laugardalsvelli. United vinnur, 5-1. George Best lék með Valsliðinu sem gestur.

## ANDLÁT

**Bergur Sigurbjörnsson**, Háalundi 6, Akureyri, lést á hjúkrunarheimilinu Eir fimmtudaginn 28. júlí.
**Jakob Nikulásson** andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 29. júlí.
**Gunnar Jóhannsson**, smiður, Blikabraut 10, Keflavík, lést á Garðvangi, Garði, sunnudaginn 30. júlí.
**Margrét J. Björnsdóttir**, Hlíðarhúsum 3, Reykjavík, lést á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 30. júlí.
**Geir Jóhann Geirsson**, vélstjóri, lést þriðjudaginn 2. ágúst.

## JARÐARFARIR

14.00 **Steinunn Pálína Þorsteinsdóttir**, dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, verður jarðsungin frá Akraneskirkju.
14.00 **Una Friðriksdóttir**, Brimnesvegi 26, Flateyri, verður jarðsungin frá Flateyrarkirkju.

## BRÚÐHJÓN

LJÓSMYND/PÉTUR PÉTURSSON



**Ólafur Aðalsteinsson og Arna Guðlaug Einarsdóttir** voru gefin saman í Fríkirkjunni í Reykjavík þann 28. maí síðastliðinn af séra Hirti Magna.

## AFMÆLI



**Klara Ásgeirsdóttir**, Kirkjuvegi 1, Keflavík, er 80 ára. Hún verður að heiman á afmælisdaginn.



**Ólafur Davíðsson** sendiherra er 63 ára.



**Ástþór Magnússon Wium** stofnandi Friðar 2000 er 52 ára.



**Gunnar Örn Örlygsson** þingmaður er 34 ára.

## FÆDDUST ÞENNAN DAG



1755 **Nicolas-Jacques Conte** sem fann upp blýantinn.



1792 **Percy Bysshe Shelley** skáld.



1859 **Knut Hamsun** rithöfundur.



1901 **Louis Armstrong** djassisti.



1929 **Yasser Arafat** fyrrverandi forseti palestínsku heimastjórnarinnar.



1955 **Billy Bob Thornton** leikari.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**GÖNGUGARPUR** Steingrímur er nýlega kominn heim úr göngu þvert yfir landið. Hann lenti í ýmsum svaðilförum á leiðinni.

### STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON, FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA, ER FIMMTUGUR

# Með náttúru í blóði og sál

Það verður sannkölluð fjölskylduhátíð á Gunnarsstöðum í Þistilfirði í dag þegar Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, heldur upp á fimmtugsafmæli sitt. Reist hafa verið samkomutjöld, boðið verður upp á útreiðar og leiki, grillveislu, hlöðuball og varðeld. „Þetta er hátíð að sveitamannasið í og við útihús. Viðarskemma og verkstæði eru notuð sem bar og hlaða og hesthús fyrir ball,“ segir Steingrímur en tilefnið er tvöfalt því Bjartur sonur hans á einnig afmæli. „Saman erum við 63 ára,“ segir Steingrímur, sem man vel eftir fjögurra ára afmæli sínu sem haldið var á Gunnarsstöðum. „Þá gaf frændi minn mér kúrekaföt,“ minnist Steingrímur, sem hélt upp á fertugsafmæli sitt með því að ganga upp á fjallið Kerlingu við Eyjafjörð.

Steingrímur er mikill göngugarpur en hann er nýlega kominn heim úr 21 dags gönguferð þvert yfir landið frá Reykjanestá út á Langanesfont. „Ég reikna með að ég hafi gengið eitthvað nálægt 600 kílómetrum,“ segir Steingrímur, sem gekk frá sautján upp í 44 kílómetra upp á hvern einasta dag og lenti í ýmsum uppákomum. „Ég lenti í því að þurfa að labba þrisvar átta kílómetra kafla í Illahrauni. Ég hafði reiknað með því að bakbokinn minn fengi far með mági mínum en þar sem vegurinn var ófær varð hann að skilja pokann eftir og ég varð að labba til baka til að sækja hann,“ segir Steingrímur, sem kippir sér þó ekki upp við þessar hrakfarir.

„Þetta tekur auðvitað talsvert í en þetta stælir mann líka og ég hef örugglega skilið eftir nokkur kíló á leiðinni. Þetta skilur eftir magnaða upplifun á landinu. Maður fær það svo rækilega í blóðið og sálina, landið og náttúruna, þegar maður hefur svona mikið saman við það að sælda svona lengi og á þennan hátt,“ segir Steingrímur hæstánægður með að hafa komið þessu í verk. Í lok ferðar hraut víst út úr honum: „Hvaða vitleysu á maður nú að láta sér detta í hug næst?“ en það verður vissulega erfitt að toppa þessa ferð. ■



†

*Elskulegur maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

## Matthías Andrésson

útskurðarkennari og fyrrverandi tollvörður,
Lækjarsmára 6, Kópavogi,

verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 5. ágúst kl. 13.00.

Kristín Eggertsdóttir
Ásrún Matthíasdóttir — Jón Friðrik Sigurðsson
Marta Matthíasdóttir
Eggert Matthíasson — Nanna Pálsdóttir
Þórhallur Matthíasson — Elsa María Davíðsdóttir
og barnabörn



## 90 ÁRA afmæli

Sameiginlegt afmæli, eiga hjónin Ómar S. Harðarson (50 ára) og Ingibjörg Kolbeins (40 ára) í ágúst. Af því tilefni efna þau til móttöku í SEM-salnum, Sléttuvegi 3, Reykjavík, fimmtudaginn 4. ágúst frá kl. 17.00-19.00.

**Allir vinir, vandamenn og núverandi eða fyrrverandi samstarfsfólk eru velkomin.**

MYND/AP



**LJÓSKERAHÁTÍÐ** Þátttakendur í ljóskerahátíð í Akita í Norður-Japan halda á bambusprikum alsettum pappírsluktum.



invent
Samvinna = árangur
Gæði, hugvit og gott verð
HP Compaq nx6125
AMD Sempron 3100+, 1,8GHz örgjörvi
15" skjár, 1024x768 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB harður diskur
DVD±RW skrifari
ATI skjákort með allt að 128MB minni
Bíómetrískur fingrafaralesari
Minniskortalesari 6-in-1
Microsoft Windows XP Pro
2ja ára neytendaábyrgð
Verð kr. 99.900
HP Compaq nc6120
Intel Pentium M 750, 1,86GHz örgjörvi
15" skjár,1400x1050 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB 5400 RPM harður diskur
LightScribe DVD±RW skrifari
Intel skjákort með allt að 128MB minni
Rafhlöðuending allt að 4,5 klst.
Microsoft Windows XP Professional
3ja ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum - „Engar áhyggjur ábyrgð"
Verð kr. 159.900
HP Compaq nx8220
Intel Pentium M750, 1,86GHz örgjörvi
15,4" skjár, 1680x1050 upplausn
512MB vinnsluminni
60GB 5400 RPM harður diskur
DVD±RW skrifari
ATI 64MB skjákort
Rafhlöðuending allt að 4,5 klst.
Þyngd: 2,77kg
Microsoft Windows XP Pro
2ja ára neytendaábyrgð
Verð kr. 179.900
Auglýsingasamkeppni – taktu þátt!
Taktu þátt í auglýsingasamkeppni.
Auglýsingin þín gæti birst í sjónvarpinu.
Sjá nánar á www.fartolvur.is
invent
20 ÁR Á ÍSLANDI
+++1985-2005+++
OPIN KERFI
www.ok.is
HP Business Partners, sölu- og þjónustuaðilar:
HP Búðin Reykjavík sími: 568 5400
Samhæfni Reykjanesbæ sími: 421 7755
Tölvuþjónustan Akranesi sími: 575 9200
TRS Selfossi sími: 480 3300
Stefna Akureyri sími: 464 2288
Sjá einnig www.ok.is
HP Retail Partners, söluaðilar:
Oddi Reykjavík sími: 515 5105
Office1 Reykjavík sími: 550 4100
Penninn Reykjavík sími: 540 2000
Netx Egilsstaðir sími: 471 2011
Reyðarfjörður sími: 474 1511
Skagfirðingabúð Sauðárkróki sími: 455 4500
Bókav. Þórarins Húsavík sími: 464 1234



## Sigur á Pólverjum

Íslenska drengjalandsliðið í körfubolta, skipað leikmönnum 16 ára og yngri, vann góðan sigur á Póllandi, 68-66, í Evrópukeppninni sem fram fer í Leon á Spáni um þessar mundir. Íslenska liðið tapaði stórt í fyrsta leiknum, gegn Lettum fyrr í vikunnim en allt annað var að sjá til liðsins gegn Pólverjum í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

SÍÐARI UNDANÚRSLITALEIKUR VISA-BIKARSINS: FER FRAM Á LAUGARDALSVELLI Í KVÖLD

# *Fylkir hefur aldrei unnið Val í bikarnum*

Það ræðst í kvöld hvort það verður Valur eða Fylkir sem leikur til úrslita í VISA-bikarkeppni karla. Kjartan Sturluson, markvörður Vals, lék með Fylki áður en hann skipti yfir í Val en hann segir það ekki hafa nein áhrif á einbeitinguna.

„Þetta er nú eiginlega komið upp í vana. Þetta verður í þriðja skiptið sem við Valsmenn mætum Fylki í sumar og þar að auki var síðasti leikur gegn Fylki, þannig að ég er alveg búinn að venjast því að leika gegn mínum gömlu félögum, þótt það sé náttúrlega alltaf spennandi að spila bikarleiki."

Þorlákur Árnason, þjálfari Fylkis, var áður þjálfari Vals og þekkir því ágætlega til leikmanna liðsins. „Valur hefur verið með nær óbreytt lið í allt sumar. Valsmenn njóta góðs af því að hafa skipulagt sitt lið vel í vetur og mjög fljótlega á undirbúningstímabilinu varð ljóst hvernig liðinu yrði stillt upp. Svo er hópurinn þeirra breiður og góður og leikmennirnir þekkja vel inn á hvorn annan. Það hefur verið svolítið um meiðsli hjá okkur Fylkismönnum í sumar og fyrir vikið hefur gengi okkar verið svolítið sveiflukennt. Við ætlum okkur í úrslitaleikinn og gerum allt sem í okkar valdi stendur til þess að ná því markmiði."



Búast má við skemmtilegum leik í kvöld, en báðir leikir þessara liða í sumar hafa verið líflegir og skemmtilegir. Valur hefur unnið báða leikina, þann fyrri í Árbænum 2-1 og þann seinni að Hlíðarenda 3-1.

Valur hefur slegið Fylki út í öll þrjú skiptin sem liðin hafa mæst í bikarkeppninni. Í undanúrslitum árið 1992 sigraði Valur 4-2, í átta liða úrslitum árið 1993 vann Valur 2-1 eftir framlengingu og svo í sextán liða úrslitum árið 1997 enduðu leikar 2-0.

## > Við finnum til með ...

... leikmönnum íslenska drengjalandsliðsins í knattspyrnu, skipuðu leikmönnum 16 ára og yngri, sem þurfti að lúta í lægra haldi fyrir Írum í gær á Norðurlandamótinu



sem fram fer hér á landi þessa dagana. Íslenska liðið var mun sterkara í leiknum en var lánlaust uppi við mark Íra. Liðið hefur nú tapað báðum leikjum sínum á mótinu.

## > Við skiljum ekki ...

.... hvernig jafn hæfileikaríkur leikmaður og Allan Borgvardt getur ennþá verið að spila í Landsbankadeildinni á Íslandi. Borgvardt undirstrikaði það gegn Fram í gærkvöldi hversu mikill yfirburðasóknarmaður hann er hér á landi og það er með ólíkindum að hann skuli ekki fá tækifæri í sterkari deild.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### *Norski boltinn:*

| | |
|---|---|
| AALESUND–HAM KAM | 1–1 |

**Haraldur Freyr Guðmundsson** lék allan leikinn í vörn Aalesund.

| | |
|---|---|
| LILLESTRÖM–VIKING | 2–0 |

**Hannes Sigurðsson** lék allan leikinn í framlínu Viking.

| | |
|---|---|
| TROMSÖ–BRANN | 1–1 |

**Ólafur Örn Bjarnason** og **Kristján Örn Sigurðsson** voru báðir í byrjunarliði Brann í leiknum. Ólafur var rekinn af velli í síðari hálfleik.

| | |
|---|---|
| START–LYN | 2–0 |

**Stefán Gíslason** var í byrjunarliði Lyn og **Jóhannes Harðarson** var í byrjunarliði Start. Sá fyrrnefndi lék allan leikinn á miðju Lyn en Jóhannes fór af velli þegar tæpur hálftími var eftir.

### *Meistaradeild Evrópu:*

| | |
|---|---|
| NEFTCHI BAKU–ANDERLECHT | 1–0 |

Anderlecht vann 5-1 samanlagt.

| | |
|---|---|
| HAKA–VÅLERENGA | 1–4 |

**Árni Gautur Arason** spilaði allan leikinn fyrir Vålerenga, sem er komið með annan fótinn í 3. umferð forkeppninnar.

# Ótrúleg dramatík í Laugardalnum

**Framarar unnu ótrúlegan sigur á FH í undanúrslitum VISA-bikarsins í gær. Úrslitin réðust ekki fyrr en eftir vítaspyrnukeppni þar sem Gunnar Sigurðsson reyndist hetjan með því að verja spyrnu Ásgeirs Ásgeirssonar.**

| FRAM–FH | 2–2 |
|---|---|
| 0–1 Allan Borgvardt | 28. |
| **0–2 Allan Borgvardt** | **44.** |
| 1–2 Daði Lárusson, sjálfsmark | 81. |
| **2–2 Bo Henriksen** | **88.** |
| *Fram sigraði í vítaspyrnukeppni, 9–8.* | |

**FÓTBOLTI** Leikurinn fór fjörlega afstað í Laugardalnum og var ljóst að leikmenn beggja liða voru tilbúnir í slaginn. Bæði lið fengu ágætis marktækifæri og sérstaklega var það Fram sem byrjaði leikinn vel. En á 28. mínútu kom Allan Borgvardt FH yfir eftir ágæta sókn. Það var rangstöðulykt af þessu marki, en vel gert hjá Dananum knáa. Á síðustu mínútu fyrri hálfleiks bætti Borgvardt síðan við öðru marki með glæsilegri klippu eftir fyrirgjöf frá hægri.

Seinni hálfleikurinn byrjaði fjörlega líkt og sá fyrri, en FH var þó með ágætis tak á leiknum. Leikmenn Fram börðust vel og sýndu oft á tíðum ágæta spilamennsku úti á vellinum, án þess að skapa nægilega góð marktækifæri. En Framarar neituðu að gefast upp og á síðustu tíu mínútum leiksins tókst þeim að jafna leikinn með mörkum frá Bo Henriksen og Andra Fannari Ottóssyni. Fyrra markið kom eftir mikinn barning í teignum og það síðara eftir klaufaleg mistök Daða Lárussonar markvarðar. Þetta var verðskuldað, þar sem leikmenn FH sýndu sjaldgæft kæruleysi á síðustu mínútum leiksins, og baráttuglatt lið Fram gekk á lagið. Staðan því 2-2 að loknum venjulegum leiktíma.

Í framlengingunni héldu leikmenn Fram áfram að þjarma að FH-ingum, sem virkuðu þreyttir en reyndu þó að halda einbeitingu. FH var síðan miklu sterkara liðið í seinni hluta framlengingarinnar og gerði hvað eftir annað harða hríð að marki Fram. Allt kom fyrir ekki og því varð að grípa til vítaspyrnukeppni. Þar voru það Framarar sem höfðu betur og tryggðu sér þannig sæti í úrslitaleik VISA-bikarsins.

**Maður leiksins: Gunnar Sigurðsson, Fram.**

magnush@frettabladid.is

| VÍTASPYRNUKEPPNIN | |
|---|---|
| Þórhallur Dan, Fram | skoraði |
| **Baldur Bett, FH** | **Gunnar varði** |
| Bo Henriksen, Fram | Daði varði |
| **Allan Borgvardt, FH** | **skoraði** |
| Andri Fannar Ottósson, Fram | skoraði |
| **Jónas Grani Garðarsson, FH** | **skoraði** |
| Viðar Guðjónsson, Fram | skoraði |
| **Guðmundur Sævarsson, FH** | **skoraði** |
| Ingvar Ólason, Fram | skoraði |
| **Tryggvi Guðmundsson, FH** | **skoraði** |
| Víðir Leifsson, Fram | skoraði |
| **Ólafur Páll Snorrason, FH** | **skoraði** |
| Gunnar Þ. Gunnarsson, Fram | skoraði |
| **Auðun Helgason, FH** | **skoraði** |
| Eggert Stefánsson, Fram | skoraði |
| **Ásgeir Ásgeirsson, FH** | **Gunnar varði** |



**FYRSTA MARKIÐ Í UPPSIGLINGU** Allan Borgvardt sést hér skora fyrsta mark leiksins í gær með hnitmiðuðu skoti af stuttu færi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**VISA BIKARINN**

**Undanúrslit karla**

**Miðvikudaginn 3. ágúst kl. 19:40**
Fram - FH
Laugardalsvöllur

**Fimmtudaginn 4. ágúst kl. 19:40**
Valur - Fylkir
Laugardalsvöllur

**Miðaverð:**
**Aðgangseyrir 1.000 kr. ef greitt er með VISA-kreditkorti.**
Fullt verð fyrir 17 ára og eldri 1.200 kr.
Fyrir 11 - 16 ára 300 kr.
Frítt fyrir 10 ára og yngri.

**Ítarleg umfjöllun um bikarleiki sumarsins á www.visa.is/bikarinn**

VISA styður íslenska boltann

VISA BIKARINN

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

1 2 3 **4** 5 6 7

**Fimmtudagur**

### LEIKIR

- 19.40 **Valur** og **Fylkir** mætast á Laugardalsvelli í VISA-bikarkeppni karla.
- 18.00 **Breiðablik** og **ÍBV** mætast í Landsbankadeild kvenna á Kópavogsvelli.
- 19.00 **KR** og **FH** mætast í Landsbankadeild kvenna á Akranesi.
- 19.00 **ÍA** og **Stjarnan** mætast í Landsbankadeild kvenna á Skagavellinum.

### SJÓNVARP

- 16.55 **HM íslenska hestsins** á RÚV.
- 17.20 **Meistaradeild Evrópu** á Sýn.
- 19.00 **Bandaríska mótaröðin** á Sýn.
- 19.30 **Kraftasport** á Sýn.
- 19.40 **Bikarkeppnin í fótbolta** á RÚV. Bein útsending frá leik Vals og Fylkis.
- 20.00 **Íslandsmótið í golfi 2005** á Sýn.
- 21.00 **Ensku mörkin** á Sýn.
- 22.00 **Sterkasti maður heims** á Sýn.
- 22.55 **Strandblak** á Sýn.
- 23.10 **HM íslenska hestsins** á RÚV.
- 23.25 **Mótorkross** á RÚV.

**Landsbankadeildin**

**VALUR - FYLKIR**

**Fimmtudag klukkan 19:40**

**Fylgstu með á boltavakt Vísis**




# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Mikið af því góða er best

## Komdu í Brimborg - veldu Citroën á sumartilboði



C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Bílasamningur 16.840 kr.



Berlingo Multispace 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.559.000 kr.
Rekstrarleiga 28.900 kr.
Bílasamningur 18.502 kr.



C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 28.600 kr.
Bílasamningur 18.606 kr.



C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 31.300 kr.
Bílasamningur 21.244 kr.



C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.



C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bílasamningur 28.602 kr.



Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bílasamningur 22.069 kr.



C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bílasamningur 35.892 kr.

**Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.
Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.




## STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Íkornar elska hneturnar sínar

**SÓLEY KALDAL** ER VIÐ DAUÐANS DYR Í ÚTILEGU.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég hef einu sinni upplifað svokallaða nærdauða-reynslu, en þá var ég stödd í útilegu með góðum hópi fólks í sumarbústaðalandi í eigu gamals vinar. Pabbi hans á gamlan upptrekktan Willys-jeppa og þegar líða tók á kvöldið fannst fólki fátt skemmtilegra en að trekkja upp gripinn og spæna á honum eftir söndum sem voru í námunda við bústaðinn.

Þegar ró var að færast yfir liðið og ég og kærastinn komin inni í tjald, heyrðum við allt í einu að bíllinn var trekktur upp, enn á ný. Einhver hafði greinilega ákveðið að fara eina lokaferð. Skyndilega heyrðum við jeppann nálgast tjaldið óhuggulega hratt og við það fékk ég nett móðursýkiskast. Kærastinn sannfærði mig um ekkert væri að óttast en þegar við heyrðum einhvern hrópar „ÞAU ERU INNI Í TJALDINU!,“ trylltist ég ætlaði að rjúka út til að bjarga lífi og limum. Rétt áður en mér tókst það ætlunarverk greip kærastinn í mig og á sömu stundu þeystist jeppinn fram hjá beint fyrir utan útganginn. Þannig tókst mínum kæra manni að bjarga lífi mínu því hefði ég farið út þyrfti ekki að spyrja að leikslokum.

Nú um helgina rifjaðist þessi stund upp þegar ég var aftur stödd í frábærum félagsskap í sumarbústaðalandi annarra vina. Ég vaknaði lafhrædd við það að ég heyrði bíl startað óþægilega nálægt tjaldinu og vissi klárlega að ökumaðurinn var ekki ökuhæfur. Hann hafði þá ákveðið að færa bílinn sinn örlítið nær tjaldbúðunum til að geta heyrt í útvarpinu þar sem gettóblaster ferðarinnar dó þegar hann varð heitum kaffibolla að bráð. Ég heyrði einhverja hrópa á ökumanninn að hunskast út úr bílnum en hann hélt ótrauður áfram að bakka.

Þetta ævintýri var mun hættuminna en hið fyrra því eftir nokkuð stapp tókst einhverjum að koma vitinu fyrir kauða. Það tók þó sinn tíma og í miðjum hamaganginum gall við í einum ferðafélaganum einhver fyndnasta samlíking sem ég hef heyrt: „Það þýðir ekkert að stoppa [ónefndan] þegar hann er byrjaður að bakka. Það er bara eins og að reyna að stoppa íkorna þegar hann er byrjaður á hnetu.“ ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli



## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott



Office1Superstore

# Ódýrari skólavélar

## Traust vörumerki og fyrsta flokks þjónusta

2.940,-

3.730,-




Fyrsta greiðsla 1. september

### Fartölva
**HP Compaq nx6125 S3100+ 15.0**
PY420EA
Örgjörvi: AMD Sempron 3100+ (1.8Ghz)
Þyngd: 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvavörn á lyklaborði

- Skjár: 15" XGA 1024x768 Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128mb)
- 512 MB — Minni: 512MB DDR RAM Mest 2 GB
- DVD — Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)
- Fingrafaralesari Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta
- 60 GB — Diskur: 60GB 4200rpm
- 802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)
- Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

**2.940,-** Tölvukaupalán 48 mán.*
**8.325,-** Vaxtalaust í 12 mán.**
**99.900,-** Staðgreitt

### Fartölva
**HP Compaq nx6125 ML-34 15.0**
PY416EA
Örgjörvi: AMD Turion ML-34 (1.8Ghz)
64 bita tækni. 1mb cache minni
Þyngd 2,7 kg
Höggvörn á hörðum disk
Vökvavörn á lyklaborði

- Skjár: 15" SXGA 1400x1050 Öflugt skjákort, ATI X300 (allt að 128mb)
- 512 MB — Minni: 512MB DDR RAM Mest 2 GB (stakur kubbur)
- DVD — Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari)
- Lithiumrafhlaða allt að 3,45 klst (8,45 klst með ferðarafhlöðunni)
- Fingrafaralesari Kortalesari fyrir 6 gerðir minniskorta
- 80 GB — Diskur: 80GB 5400rpm og Bluetooth
- 802.11b/g WLAN (þráðlaust netkort)
- Stýrikerfi: Win XP-Pro með servicepack 2

**3.730,-** Tölvukaupalán 48 mán.*
**10.825,-** Vaxtalaust í 12 mán.**
**129.900,-** Staðgreitt

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni V.Í.S. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

**Miðað við 12 jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

FYLGIR!

Verbatim
### All In One
1) vefmyndavél,
2) minnislykill 128 mb,
3) ljósmyndavél,
4) videovél - 12 min,
5) diktafónn 60 mín

Að verðmæti 11.900,-

### Hugbúnaður
**MS Office student version**
Bættu við aðeins **1.416,-** á mánuði og fáðu Word, Excel, Outlook og Power Point. Vaxtalaust í 12 mánuði Staðgreitt 16.990,-

### 3 ÁR — Alþjóðleg ábyrgð
Bættu við **833,-** á mánuði og fá þú þér þriggja ára alþjóðlega ábyrgð. Gildir í Evrópu og Norður-Ameríku. Vaxtalaust í 12 mán. Staðgreitt 10.000,-

### McAfee — Vírusvörn og eldveggur
Bættu við **499,-** á mánuði og vertu öruggur. Vaxtalaust í 12 mán Staðgreitt 5.995,-

### 4t+5t — Aukarafhlaða
Bættu við **1.570,-** á mánuði og vertu lengur á ferðinni.Vaxtalaust í 12 mán. Staðgreitt 18.900,-

Tilboðin gilda út ágúst 2005 eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um myndbrengl og prentvillur.

**Afgreiðslutímar verslana!**
Office 1 Smáralind
Virka daga 11-19
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Skeifunni 17
Virka daga 09-18
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18
Office 1 Akureyri
Office 1 Egilsstöðum
Virka daga 10-18
Laugardaga 11-17
Sunnudaga 13-17

# Office1Superstore

Það er bara einn sem er alltaf ódýrastur!

# LANDSINS M

# ACER



## ACER ASPIRE 3023WLMi
## Á ÓTRÚLEGU SKÓLATILBOÐI

**HYPER TRANSPORT**
AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrautir

**15,4" CRYSTALBRITE**
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

**DVD +/- SKRIFARI**
Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

**RADEON X700**
Eitt nýjasta skjákortið frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

**TENGINGAR**
Acer Aspire tölvan kemur með öllum helstu tengjum 4xUSB 2.0, VGA, firewire, PCMCIA, TV-út o.fl.

**MOBILE TÆKNI**
Acer Aspire fartölvan er 3,1Kg og með AMD mobile tækninni endist rafhlaðan í allt að 3 tíma

| | |
|---|---|
| Örgjörvi | 1.8GHz Sempron Mobile 3000+ AMD Power Now og HyperTransport |
| Vinnsluminni | 512MB DDR, 333MHz Einfalt að stækka minnið |
| Harðdiskur | 80 GB Ultra ATA100 4200RPM hraður og hljóðlátur |
| Skrifari | DVD±RW Dual Layer skrifari Skrifar DVD diska og CD-RW |
| Skjár | 15,4" WXGA WideScreen skjár Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite |
| Skjákort | 128MB ATI Radeon X700 Sjálfst.minni, PCI-Express 16x, TV-út |
| Hátalarar | Hljóðkerfi með 2 hátölurum Hljóðkort og stereo hátalarar |
| Þráðlaust | 54Mbps þráðlaust netkort Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá |
| Netkort | Gigabit 10/100/1000 Einnig innbyggt 56k mótald |
| Stýrikerfi | Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku |
| Annað | 6 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort |

VL12
*Samtals kr. 124.114
9.992

**VERÐ 119.900**

## ACER 4102WLMi

acer

VL15
* Samtals kr. 139.642
8.993

1.73 GHz Intel Pentium M Dothan740 örgjörvi með 2MB cache 512MB DDR2 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15,4" WXGA skjár 1280x800 • 64MB ATI Radeon X700 PCI-Express skjákort m/ TV-Out • Innbyggt þráðlaust netkort 54Mbps 802.11g • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 134.900**

## ACER 9104WLMi

acer

VL18
*Samtals kr. 186.223
9.994

2.0 GHz Intel Pentium M Dothan760 örgjörvi með 2MB flýtiminni 512MB DDR333 minni • 80GB harðdiskur • DVD±RW skrifari 15.4" WideScreen WXGA CrystalBrite skjár • 128MB ATI Radeon X600 PCI-Express skjákort • Gigabit netkort • Sjónvarpskort Kortalesari • Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 179.900**

VISA OG EURO RAÐGREIÐSLUR TIL ALLT AÐ 36 MÁNAÐA • ÖLL VERÐ OG UPPLÝSINGAR BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BREYTINGAR OG PRENTVILLUR

## GATEWAY M460X

1.73Ghz Pentium M Dothan örgjörvi 1GB DDR2 minni • 60GB harðdiskur 8X DVD+/-RW DL • 15.4" WXGA skjár 128MB ATI Radeon X600 skjákort Windows XP Pro á íslensku eða ensku

**VERÐ 154.900**

## HP NX6110 - C

FÁÐU hp Á BETRA VERÐI

1.4Ghz Intel Celeron M Centrino 256MB minni • 40GB ATA100 hljóðlátur harðdiskur • Combodrif • 15" XGA skjár • Intel GMA900 skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 79.900**

## IBM THINKPAD R52

1.73Ghz Pentium M Dothan örgjörvi 512MB DDR2 minni • 40GB harðdiskur Combodrif • 15" XGA TFT LCD skjár 128MB Intel GMA900 skjákort Windows XP PRO á íslensku eða ensku

**VERÐ 129.900**

## SONY VAIO F115B

1.6 GHz Intel Pentium M Dothan örgjörvi 512MB DDR minni • 60GB harðdiskur DVD±RW skrifari • 15.4" WSXGA skjár 64MB Intel Extreme II • þráðlaust netkort Windows XP Home á íslensku eða ensku

**VERÐ 159.900**

VL frá 166
Á tilboði með tölvu - Internet Security 2005
**VERÐ 2.990**

4GB download 8MB tenging
HiveLite
kr. 3.990* á mánuði
*M.v 12 mánaða samning á kreditkort eða með greiðsluseðli

Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól
**VERÐ 4.990**

Canon iP4000 litaprentari Prentar beint á geisladiska
**VERÐ 17.900**

256MB,USB 2,0 minnislykill frá Sandisk Cruzer Micro
**VERÐ 2.990**

Kworld sjónvarpskort með FM útvarpi
**VERÐ 7.990**

256MB MP3 spilari frá MSI með heyrnatólum
**VERÐ 8.990**

17" ACER 1715S LCD skjár 500:1 í skerpu og 12ms
**VERÐ 24.900**

# TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐU


ESTA ÚRVAL
ACE SE
Örgjörvi 4000+ Athlon64 -90nm 939
1MB flýtiminni, 1600MHz FSB+HT
Móðurborð MSI K8N NEO4 Platinum
PCI-Express 16x, 10xUSB2, FireWire
Minni 1 GB Dual DDR 400MHz Corsair
Corsair minni með lífstíðarábyrgð
Harðdiskur 250GB WD SE 16MB - SATA II
SATA2 300, 7200RPM og 16MB buffer
Skjákort 128MB GeForce6 NX6600GT
MSI PCI-Express 16x, 1000MHz DDR3
Skjár 17" LCD Acer CrystalBrite skjár
700:1 í skerpu og 8ms viðbragðstími
Skrifari 16x DVD± DL skrifari
Skrifar og les DVD og CD diska
Hljóðkort 7.1 Dolby Digital DTS - EAX2
Frábært hljóðkort í leiki og myndir
Hátalarar S200 Logitech - hljóðkerfi
2 öflugir hátalarar og bassabox
Netkort Dual Gigabit 10/100/1000
2.stk Gigabit netkort
Stýrikerfi Windows XP Home - SP2
Á íslensku eða ensku
64 BITA 4000+
Leiðandi inn í framtíðina með framúrskarandi 64-bita tækni, Hyper Transport og 1600FSB
GEFORCE 6600GT
MSI GeForce NX6600GT er ofur öflugt skjákort m/1000MHz DDR3 minni, DVI og TV út tengi
SATA II – 16MB
Western Digital SATA2 harðdiskar eru hljóðlátari áreiðanlegri og allt að 100% hraðvirkari
CRYSTALBRITE
CrystalBrite tæknin skilar ótrúlega mikilli dýpt, bleksvörtum grunni og sterkum litum
ACE
VL12
* Samtals kr. 186.223
14.992
VERÐ 179.900
K8 - TILBOÐ 3
ACE
VL15
* Samtals kr. 155.169
9.993
3500+ Athlon64 örgjörvi 640K • 1GB DUAL DDR400 minni 250GB WD SE SATA II 16MB buffer harðdiskur • 17" LCD skjár 256MB GeForce NX6600 PCI-Express • 16xDVD±/DL skrifari Dolby Digital 7.1 hljóðkort • 2.1 hátalarakerfi • Gigabit Netkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 149.900
MSI HEIMILISTÖLVA 2
MSI
VL12
* Samtals kr. 103.411
8.325
3.0 GHz Intel P4 Prescott örgjörvi með 1MB flýtiminni 512 MB DDR400 minni • 160GB WD SE harðdiskur 8MB buffer 16xDVD±/DL skrifari • 17" LCD Acer skjár • 64MB Intel Extreme II skjákort • Þráðlaust lyklaborð og mús • 5.1 Dolby Digital hljóðkort • Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 99.900
K7 - TILBOÐ 1
ACE
1.8 GHz AMD Duron örgjörvi • 128MB DDR minni • 40GB harðdiskur 52x hraða geisladrif • 17" CRT skjár 64MB S3 Unichrome skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 49.900
K7 - TILBOÐ 2
ACE
VL18
* Samtals kr. 69.252
3.717
2200+ AMD Sempron örgjörvi 256MB DDR minni • 80GB harðdiskur 16xDVD drif og skrifari • 17" CRT skjár 64MB S3 Unichrome skjákort • sjónvarpskort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 66.900
K7 - TILBOÐ 3
ACE
VL12
* Samtals kr. 82.708
6.658
2600+AMD Sempron örgjörvi 512MB DDR minni • 200GB harðdiskur 16xDVD skrifari • 17" CRT skjár 128MB GeForce skjákort • sjónvarpskort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 79.900
K8 - TILBOÐ 1
ACE
VL18
* Samtals kr. 111.693
5.994
3000+ AMD Athlon64 örgjörvi 512MB DDR minni • 200GB WD harðdiskur 16xDVD±/DL skrifari • 17" LCD skjár 128MB ATI X300 PCI Express skjákort Windows XP Home á íslensku eða ensku
VERÐ 107.900
Logitech MX518 Gaming Grade Optical Mús
VERÐ 5.990
Logitech Webcam Messenger vefmyndavél
VERÐ 4.990
16x DVD MSI skrifari með Nero hugbúnaði
VERÐ 6.990
Hágæða minniskort frá Sandisk fyrir allar Digital myndavélar á frábæru verði
512MB DDR400 MHz minni, lífstíðarábyrgð
VERÐ 4.990
200GB Western Digital Special Edition harðdiskur
VERÐ 8.990
Glæsileg utanáliggjandi harðdiska hýsing
VERÐ 4.990
Ótrúlega smá 40GB hýsing frá Western Digital
VERÐ 9.990
Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 til 18 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3,5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann.
TÖLVULISTINN
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR
REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730
AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400
KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

# menning

menning@frettabladid.is












**KABARETT** Magnús Jónsson í hlutverki sínu sem kabarettstjórinn Emmsé í söngleiknum Kabarett sem verður frumsýndur í Íslensku óperunni klukkan 20 í kvöld.

# Stuðkabarett í kvöld

**Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri söngleiksins Kabarett, segir að kafað hafi verið djúpt ofan í sögusvið söngleiksins fyrir uppsetninguna. Hún segir mikið stuð einkenna sýninguna þó að örvæntingin sé ekki langt undan.**

Leikhópurinn Á senunni frumsýnir söngleikinn Kabarett í Íslensku óperunni í kvöld. Söngleikurinn er byggður á Berlínarsögum breska rithöfundarins Christopher Isherwood og fjallar um Berlín og Berlínarbúa eins og þeir komu honum fyrir sjónir árið 1932.

„Við höfum lagst í mikla rannsóknarvinnu fyrir þetta verk þar sem við höfum skoðað hvernig ástandið í Þýskalandi var á millistríðsárunum. Eitt af þeim atriðum sem koma skýrt í ljós í sýningunni er sú mikla röskun sem var á kynjahlutverkum í kjölfar stríðsins. Sökum þess hversu Þýskaland fór illa út úr stríðinu og missti marga menn þurftu konur að ganga í störf sem áður höfðu verið karlmannastörf og raskaði það þekktum kynjahlutverkum. Slæmt efnahagsástand jók svo á örvæntingu fólks og gerði það að verkum að samfélag Berlínar varð mjög opið þar sem samkynhneigð og vændi þreifst sem aldrei fyrr og fólk kom hvaðanæva að til að upplifa þetta opna samfélag,“ segir Kolbrún Halldórsdóttir, leikstjóri Kabaretts, um sögusvið söngleiksins.

Kolbrún segir að í sýningunni sé kafað dýpra ofan í sögusviðið en gert var í hinni frægu samnefndu kvikmynd sem skartaði Lizu Minelli í aðalhlutverki en aðstandendur sýningarinnar hafa stuðst við nýlegt handrit eftir leikstjórann Sam Mendes.

„Sýningin er fyrst og fremst söguspegill því við vitum hvað átti sér stað í Þýskalandi eftir að Hitler komst til valda og það er áhugavert að skoða þessar Berlínarsögur í því samhengi. Það er auðvitað rífandi stuð í sýningunni frá upphafi til enda en undir stuðinu er oft ekki langt í örvæntinguna því úrkynjunin var gríðarleg í Berlín á þessum árum.“

Felix Bergsson leikur Cliff Bradshaw, rithöfund sem kemur til Berlínar og gegnir hlutverki sögumanns sem talinn er byggður á persónu Isherwoods. Hann segir að vinnuferlið á bak við sýninguna hafi verið erfitt en gríðarlega skemmtilegt. „Það er heilmikil sorg undirliggjandi í verkinu því allir vita hvað gerðist í Þýskalandi árið 1933 nokkrum mánuðum eftir að þessi saga gerist. Við getum svo sannarlega lært eitthvað af þessari sögu því hún er svo sannarlega hrikaleg.“

Með önnur aðalhlutverk í Kabarett fara Þórunn Lárusdóttir, sem leikur kabarettstúlkuna Sally Bowles, Magnús Jónsson sem leikur kabarettstjórann Emmsé, Edda Þórarinsdóttir sem leikur Fraulein Schneider og Borgar Garðarsson sem leikur Herr Schultz. ■






# IFAW í gegnum linsuna

Alþjóðlegu dýraverndunarsamtökin IFAW opnuðu í gær ljósmyndasýningu á skrifstofu samtakanna á Skólavörðustíg 22a. Sýningin ber heitið *IFAW í gegnum linsuna*. Á sýningunni eru myndir sem sýna margvísleg verkefni IFAW víða um heim. Myndirnar á sýningunni sýna meðal annars björgun fugla sem lenda í olíumengun, umönnun gæludýra meðal fólks í þriðja heiminum og verndun fíla sem ógnað er af veiðiþjófum svo eitthvað sé nefnt.

Rannsóknarskúta IFAW, The Song of the Whale, var við hvalarannsóknir úti fyrir Íslandsströndum í fyrrasumar og á sýningunni eru myndir sem teknar voru af meðlimum áhafnarinnar meðan á rannsóknarleiðangrinum stóð. Skútan kemur aftur til Íslands næsta sumar til frekari rannsókna.

„Ástæðan fyrir því að við höldum þessa sýningu á Íslandi er að við erum að vinna með Íslendingum til að fá þá til að hætta hvalveiðum og einnig viljum við kynna þeim aðra starfsemi IFAW víða um heiminn,“ segir Gill Sanders talsmaður IFAW.

Sýningin er opin frá 10 á morgnana til 18 á kvöldin og stendur yfir til 17 ágúst.

Ókeypis er inn og eru allir velkomnir. ■

# Breytist í kveldúlf og gólar í Fríkirkjunni

„Maður er ótrúlega venjulegur svona dags daglega en fer svo af og til upp á svið og skiptir um ham,“ segir sópransöngkonan Sigríður Ósk Kristjánsdóttir, sem blæs til tónlistarveislu í Fríkirkjunni í kvöld áður en hún heldur til London þar sem hennar bíður hlutverk í óperunni Dido og Eneas eftir Purcell.

„Þótt ég sé óperusöngkona verða þetta ekki hefðbundnir klassískir tónleikar. Ég hef fengið til liðs við mig vini mína og samstarfsmenn í London og þetta verður allt á mjög persónulegum nótum. Píanóleikarinn Siu Chi Li er algjörlega á heimsmælikvarða og hún kemur til með að flytja píanóverk eftir Debussy,“ en auk syngja þau Bentína S. Tryggvadóttir messósópran og Bjartmar Sigurðsson tenór með Sigríði á tónleikunum. „Vinkona mín sem er í leiklistarnámi ætlar að lesa upp ljóð og Emilía Rós Sigfúsdóttir þverflautuleikari og Jón Bjarnason orgelleikari taka einnig þátt í tónleikunum.“

Sigríður Ósk hefur nýverið útskrifast úr söngnámi frá Royal College of Music í London en stefnir á meistaranám í söngnum í haust. „Það er algjört draumalíf að fá að vera námsmaður í London og gera það sem maður hefur mest gaman af. Ég hef alltaf reynt að syngja hér heima á sumrin til að leyfa þeim sem hafa gaman af að koma og hlusta. Í fyrra brá ég á það ráð að halda aftansöng í Fríkirkjunni og það heppnaðist svo vel að í ár skipulagði ég kvöldstundina Kveldúlf,“ en Sigríður segir kveldúlfinn nokkuð sambærilegan henni sjálfri. „Það er svo gaman að koma til Íslands á sumrin og sækja sér innblástur í náttúruna og íslenska karlmenn,“ segir Sigríður Ósk grafalvarleg. „En að öllu gamni slepptu þá finn ég fyrir því að á kvöldin hér heima hellist yfir mig þessi þörf til að góla.“

Tónleikarnir, sem eru haldnir til styrktar meistaranámi Sigríðar, hefjast klukkan 20.00 og á fjölbreyttri dagskrá verður boðið upp á innlenda og erlenda klassíska tónlist og dægurlög. ■



**SIGRÍÐUR ÓSK KRISTJÁNSDÓTTIR**
Syngur í óperunni Dido og Eneas í Bretlandi í haust en heldur tónleika hér á landi í kvöld.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**ÁGÚST**

2 3 **4** 5 6

**Fimmtudagur**

### TÓNLEIKAR

☐ 12.00 **Steingrímur Þórhallsson** leikur á orgeltónleikum í **Hallgrímskirkju**. Tónleikarnir eru á vegum Sumarkvölds við orgelið. Á efnisskrá Steingríms eru fyrst þrír íslenskir sálmforleikir. Þetta eru Guði sé lof, því gæskan ei dvín eftir Atla Heimi Sveinsson, Jesús, mín morgunstjarna eftir Gunnar Reyni Sveinsson og Lofið Guð eftir Þorkel Sigurbjörnsson. Síðari hluti efnisskrárinnar er tileinkaður stóru frönsku orgelsinfóníutónskáldunum Widor og Vierne. 6. orgelsinfónía Widors er af mörgum talin ein fallegasta sinfónía hansog úr henni leikur Steingrímur Intermezzo og Finale en eftir Vierne leikur hann Finale úr 1. orgelsinfóníunni op. 14.

☐ 20.00 **Sigríður Ósk Kristjánsdóttir** heldur tónleika í **Fríkirkjunni í Reykjavík**. Tónleikarnir eru til styrktar meistarnáms í söng við Royal College of Music í London. Ásamt Sigríði Ósk koma fram á tónleikunum Siu Chi Li píanóleikari, Bentína Tryggvadóttir mezzosópran, Bjartmar Sigurðsson tenór, Emilía Rós Sigfússdóttir þverflautuleikari og Jón Bjarnason orgelleikari. Tónleikadagskráin er fjölbreytt með íslenskum og erlendum söngvum, trúarlegum söngvum, píanóleik og þverflautuleik.

☐ 21.00 **Tríó Agnars Más Magnússonar**, með tónleika á **Pravda Bar**. Í hljómsvetitinni eru Agnar Már Magnússon á píanó, Scott McLemore á trommur og Róbert Þórhallsson á bassa. Aðgangseyrir er 500 krónur.

☐ 21.00 Upptaktur að Hafnardögum í Þorlákshöfn sem hefjast á morgun, föstudag. Jazztónleikar með **Jazzbandi Suðurlands** í **Versölum**, Ráðhúsi Ölfuss. Aðgangur 1.000 kr.

☐ 21.30 Á Tuborgdjassi nr. 7 á Heitum fimmtudegi, leikur Djassbandið **Kvartett Margot Kiis** í **Ketilhúsinu** á Akureyri. Kvartettinn skipa Margot Kiis(söngur), Kjartan Valdimarsson (píanó), Gunnar Hrafnsson (kontrabassi)og Halli Gulli á trommur.

☐ 22.00 Hljómsveitirnar **Skátar** og **Kimono** blása til upphitunartónleika fyrir tónlistar- og listahátíðina Krútt á **Classic Rock** við Ármúla 5 Aðgangseyrir er kr. 700. Efni tónleikanna verða ný lög með báðum sveitum.

### KVÖLDGÖNGUR

☐ 20.00 **Kvöldganga úr Kvosinni** frá **Ingólfsnausti** (gamla Geysishúsinu), Vesturgötumegin fimmtudagskvöldið. Farið er um slóðir þekktra karlkyns skálda í miðborginni, frá árdögum Reykjavíkur til okkar daga. Meðal þeirra sem við sögu koma eru höfuðskáld hverrar kynslóðar frá Jónasi Hallgrímssyni til helstu höfunda samtímans. Leiðsögumenn eru Einar Ólafsson skáld og bókavörður og Sigurður Ólafsson bókavörður og stjórnmálafræðingur. Einnig munu rithöfundarnir Bragi Ólafsson og Sölvi Björn Sigurðarson lesa upp úr eigin verkum á sínum skáldaslóðum. Þátttaka er ókeypis og eru allir velkomnir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.


sena

Í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er notast við tækjabúnað frá Hljóðfærahúsi Reykjavíikur

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA



SÖNGVARANÁMSKEIÐ

Innskráning á haustönn í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er hafin. Námskeiðin sem haldin eru í skólanum eru um margt frábrugðin hefðbundnu tónlistarnámi, þar sem námsskráin miðar út frá því að miðla þekkingu um tónlistarbransann. Mikil áhersla er lögð á sviðsframkomu, hljóðversvinnu og miðlun gagnlegra upplýsinga sem nýtist þeim sem vilja starfa við tónlist í framtíðinni. Leiðbeinendur við skólann eru allt valinkunnir fagmenn úr íslensku tónlistarflórunni.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐIN FER FRAM Á
WWW.REYKJAVIKMP.COM



Söngur & framkoma

Námskeið sem sló í gegn á vorönninni. Námskeiðið er tvískipt; annarsvegar eru grunnþættir söngs og sviðsframkomu kenndir og hinsvegar vinna í hljóðveri. Námskeiðið miðar að því að gera upprennandi söngvara tilbúna til að takast á við harðar kröfur tónlistarbransans. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions þar sem þáttakendur fá að syngja lag að eigin vali.

**Lengd námskeiðs**: 10 vikur (1 tími í viku, 8 hóptímar og 2 einkatímar)
**Kennarar:** Selma Björnsdóttir, Regína Ósk, Heiða og Þorvaldur Bjarni.
**Aldur:** 14 ára og eldri.
**Verð:** 56.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Söngur & Framkoma: Framhaldsnámskeið

Stórt námskeið fyrir þá sem er alvara með það að leggja söng fyrir sig. Námskeiðið telur tvær annir; á fyrri önninni er unnið með undirleikara og sett verða fyrir ákveðin lög sem nemendur eiga að ná tökum á. Á síðari önninni verður farið í nótnalestur, sviðsframkomu og ýmis mismunandi stílbrigði söngs. Undir lokin verður æft með hljómsveit og haldnir tónleikar sem einnig verða hljóðritaðir.

**Lengd námskeiðs:** 32 vikur (1 tími í viku. 6 einkatímar og 24 hóptímar.)
**Kennarar:** Regína Ósk, Andrea Gylfadóttir, Heiða (úr Idol) og Kjartan Valdemarsson
**Verð**: 160.000 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Söngur & framkoma

Jónsi, úr Í Svörtum Fötum, fer yfir helstu atriði rokk og poppsöngs á skemmtilegu tíu vikna námskeiði sem stílað er inn á upprennandi popp- og rokksöngvara þjóðarinnar. Á þessu námskeiði miðlar Jónsi víðtækri reynslu sinni og fer yfir öll þau helstu atriði sem þarf að hafa á hreinu til að ná langt sem söngvari s.s. söngtækni, sviðsframkomu, míkrófóntækni, söng á sviði og söng í hljóðveri. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

**Lengd námskeiðs:** 10 vikur (1 tími í viku, 8 hóptímar og 2 einkatímar)
**Kennarar:** Jónsi og Vignir Snær
**Aldur:** 14 ára og eldri.
**Verð:** 56.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Barna & unglinganámskeið

Birgitta Haukdal og Heiða (úr Idol) sjá um 10 vikna söngnámskeið fyrir börn og unglinga. Á þessu námskeiði geta upprennandi söngvarar lært af þessum þaulvönu söngkonum hvernig hefja skuli söngferilinn. Um er að ræða gríðarlega skemmtilegt námskeið fyrir krakka á aldrinum 9 til 14 ára þar sem öll grunnatriði söngs eru kennd. Námskeiðinu lýkur með upptökum í hljóðveri Reykjavik Music Productions.

**Lengd námskeiðs**: 10 vikur
**Kennarar:** Birgitta Haukdal og Heiða
**Aldur**: 9 – 14 ára
**Verð:** Kr 33.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)



Blues og jazzsöngur

Loksins, loksins! Andrea Gylfadóttir, bluesdrottning Íslands, hefur bæst í hóp þeirra valinkunnu fagmanna sem kenna við TÞB. Námskeiðið snýst um blues- og jazzsöng þar sem Andrea miðlar reynslu sinni og hæfni til þátttakenda. Unnið verður með undirleikara í fyrirfram ákveðnum lögum sem Andrea leiðbeinir nemendum í að túlka og ná tökum á. Andreu til aðstoðar á námskeiðinu eru Regína Ósk og píanósnillingurinn Kjartan Valdemarsson. Námskeiðið er fyrir lengra komna söngvara.

**Lengd námskeiðs:** 10 vikur.1 tími í viku. 8 einkatímar og 2 hóptímar.
**Kennarar:** Andrea Gylfadóttir, Regína Ósk og Kjartan Valdemarsson.
**Verð:** 59.800 kr. (15% staðgreiðsluafsláttur)

Reykjavík Music Productions • Kringlan 7 • 103 Reykjavík • Iceland • Tel.: +354 534-9090 • Fax +354 534-9091 • info@reykjavikMP.com • www.reykjavikMP.com

## FAXE RED: Jarðarber og kirsuber gefa léttan tón




Nýlega kom í Vínbúðir hér á landi nýr bjór frá Faxe í Danmörku sem nefnist Faxe Red. Bjórinn er venjulegur lagerbjór, bruggaður úr vatni, malti og humlum. Í hann er bætt lit úr kirsuberjum og jarðarberjum til að tóna fram þann rauða lit sem einkennir bjórinn jafnframt því að gefa honum skemmtilegan og léttan keim.

Framleiðsluaðferðin gerir það að verkum að bjórinn verður eilítið ávaxtakenndur og mjög auðdrukkinn.

Engin e-efni eða aukaefni eru í bjórnum frekar en öðrum bjórum frá Faxe enda er stefna fyrirtækisins mjög hrein og skýr í þeim málum. Bjórinn höfðar jafnt til karla og kvenna og er tilvalin tilbreyting í garðveislur og á sólpallinn í sumar.

**Verð í Vínbúðum 189 kr. í 500 ml dós.**

## FRAPIN NAPÓLEON: Koníak í plastpela



Það er gaman að eiga fallega koníaksflösku uppi í hillu en það er ekki alltaf jafn þægilegt að hafa slíkt stofustáss með sér á ferðalögum. Nú fæst hið kunna koníak Frapin í þægilegum 500 ml plastpelum í Vínbúðum en stór hluti koníakssölu er í pelum enda ómissandi þáttur í hestaog veiðiferðum. Þetta er alvöru einnar ekru Grande Champagne koníak enda Frapin þekkt fyrir að framleiða einungis koníak úr sinni eigin uppskeru fremur en að blanda saman koníaki héðan og þaðan eins og algengt er. Frapin er ein elsta koníaksfjölskylda Frakklands og hefur framleitt koníak í 20 ættliði allar götur frá árinu 1270. Frægasti sonur ættarinnar er eflaust rithöfundurinn Francois Rabelais, höfundur Gargantúa og Pantagrúls. Frapin VS Grande Champagne Premier Cru du Cognac vann gullverðlaun í sínum flokki í The World Spirit Competition sem haldin var í San Francisco árið 2001.

**Verð í Vínbúðum 2.690 kr.**



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Katrín Júlíusdóttir er afar hrifin af grænmetisréttum þessa dagana.

# Linsubaunaréttur úr tilraunaeldhúsinu

Katrín Júlíusdóttir alþingiskona er listræn þegar kemur að matseld. Hún gefur sköpunarkraftinum lausan tauminn og segist nánast aldrei notast við uppskriftir. Hún prófar sig áfram og segist hafa mest gaman af því að búa til mat sem fer beint í frystinn. Það er pottþétt ráð við tímaskorti en líka gott sparnaðarráð. Katrín frystir réttina í litlum einingum svo hún eigi alltaf vandaða og góða fæðu í frystinum sem tekur lítinn tíma að hita upp. „Mér finnst alltaf voðalega gaman í eldhúsinu og vildi gjarnan hafa meiri tíma til að eyða þar. Það spilar stórt hlutverk að við erum bara tvö í heimili, ég og sex ára sonur minn, sem gerir það að verkum að ég er ekki eins dugleg að standa yfir pottunum," segir Katrín. Hún segist vera orðin mjög góð í því að búa til salöt sem eru tilvalin fyrir einn. Hún segist alltaf eiga ferskt spínat og tómata í ísskápnum. Spínatið notar hún í salöt eða velgir það á pönnu og þá er það mjög bragðgott með fiski eða kjúklingi.

Þegar Katrín er spurð um uppáhaldsmatinn hennar nefnir hún linsubaunarétt sem hún fann upp sjálf í eldhúsinu heima.

„Ég borða ekki rautt kjöt og því eru skemmtilegir grænmetisréttir í mestu uppáhaldi hjá mér núna. Ég er mikið að prófa mig áfram í þeim þessa dagana. Ég hætti að borða rautt kjöt fyrir nokkrum árum og mig hefur ekki langað í það síðan. Ég reyni að borða próteinríka fæðu til að byggja mig upp. Ég legg því mikið upp úr því að fá lax og kjúkling og drekk próteinhristinga á morgnana til að fá nóg af próteini," segir Katrín. Þegar hún fer út að borða fær hún sér hins vegar nánast alltaf sushi og segir það best á veitingastaðnum Maru. „Sá staður er svo rólegur og þægilegur."

**LINSUBAUNARÉTTUR KÖTU**

**Slatti af grænum linsubaunum**
**4 gulrætur**
**1 lítill blómkálshaus**
**1 lítið brokkólíknippi**
**3 tómatar**
**hvítlaukur eftir smekk**
**1 chilli**
**1 gul paprika**
**1 krukka kirsuberjatómatar með chili frá Salca**
**1 dós lífrænt tómatmauk**
**1 dós lífrænir niðurskornir tómatar með basil**

Baunirnar eru settar í vatn og soðnar í um það bil 20 mínútu í ríflegu magni af vatni. Síðan er allt grænmeti skorið niður í pena bita og bætt út í og það látið malla í 20 mínútur til viðbótar. Tómatkrukkunum bætt út í og látið malla í tæpan klukkutíma. Katrín segist búa til stóran skammt af þessum rétti og setja inn í frysti. Hún segir að þetta sé grunnur og því megi hæglega leika sér með uppskriftina. Þegar hún tekur þennan baunarétt út úr frysti notar hún hann á tvo vegu, annað hvort sem pottrétti og borðar með salati eða bætir við svolitlu af vatni svo úr verði súpa.

martamaria@frettabladid.is




Blómkálsgratín með gráðaostssósu

um 800 g blómkál
salt
250 ml matreiðslurjómi eða rjómi
100 g gráðaostur
75 g rjómaostur
1/4 tsk. timjan, þurrkað
nýmalaður pipar
2 egg
nokkrir valhnetukjarnar
smjör til að smyrja formið

Ofninn hitaður í 200°C. Blómkálið snyrt, skipt í kvisti og soðið í saltvatni í 3-4 mínútur. Hellt í sigti og látið renna vel af því. Rjóminn hitaður í potti, muldur gráðaosti og rjómaosti hrært saman við og hrært þar til osturinn er bráðinn. Kryddað með timjani, pipar og salti. Eggin þeytt létt í skál, heitri gráðaostssósunni hrært saman við í mjórri bunu og hrært rösklega á meðan. Blómkálinu dreift í vel smurt form, valhneturnar muldar yfir og síðan er sósunni hellt jafnt yfir allt saman. Sett í ofninn og bakað í 15-20 mínútur, eða þar til fyllingin hefur stífnað og tekið góðan lit.

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SÍA.IS GRA 28595 08/2005

Fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur á www.islenskt.is

MATGÆÐINGURINN ÁLFRÚN ÖRNÓLFSDÓTTIR LEIKKONA

## Lifði á þremur matartegundum sem barn

**Hvaða matar gætir þú síst verið án?** Ég gæti ekki lifað án fjölkorna brauðs.

**Fyrsta minningin um mat?** Ég lifði á þremur matartegundum þangað til ég var fjórtán ára. Það var hunangscheerios, ristað brauð með hunangi og hnetusmjöri og spaghettí með ostasósu. Ég man ekki eftir að hafa borðað mikið annað fyrstu árin og kláraði eiginlega kvótann því ég hef varla getað smakkað þetta síðan.

**Besta máltíð sem þú hefur fengið?** Hana fékk ég í Marokkó þar sem mér var boðið til veislu hjá heimamönnum í teppabúð. Þar voru risavaxnir fylltir kjúklingar með alls konar góðgæti í austrænum stíl. Eftir matinn voru ferskustu ávextir sem ég hef smakkað en þeir voru bornir fram á silfurbökkum. Ég var þarna með föður mínum, bróður og vinkonu. Pabbi þekkti eiganda teppabúðarinnar, sem átti ógrynni af sonum. Við fengum ekki að fara heim fyrr en við vorum búin að smakka á öllum réttunum og gátum varla gengið upprétt að máltíð lokinni. Það fyndna var að þeir snæddu ekki með okkur heldur horfðu á okkur borða.

**Er einhver matur sem þér finnst vondur?** Mér finnst kíví ógeðslega vont og ég borða ekki ansjósur, reyktan fisk eða grásleppu. Mér finnst ég samt ekkert sérstaklega matvönd.

**Leyndarmál úr eldhússkápunum?** Ég er óspör á hvítlaukinn og fæ aldrei nóg af honum og er alls ekki viðkvæm fyrir hvítlaukslykt.



**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?** Súkkulaði.

**Hvað áttu alltaf í ísskápnum?** Smjör og ost.

**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvaða rétt tækir þú með þér?** Ég myndi taka með mér banana því þeir eru góðir, fylla magann og láta manni líða vel.

**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?** Steikt svínseyru sem ég fékk í Frakklandi. Þá var ég búin að borða froskalappir og snigla svo ég var orðin svolítið sjóuð. Mér fannst eyrun dálítið spes þó að þau væru bragðgóð.

# DROSTDY-HOF: Vinsælasta vínið á sumardögum

Engin vín frá Suður-Afríku hafa náð viðlíka vinsældum og vínin frá Drostdy-Hof. Rauðvínið Cape Red í 3 lítra kössum hefur slegið í gegn og hefur undanfarin tvö ár verið mest selda vínið í Vínbúðum. Fyrstu vín Drostdy-Hof komu á markað fyrir þrjátíu árum og var lagt upp með það að leiðarljósi að bjóða vínunnendum upp á vönduð blönduð vín sem mætti treysta á að héldust stöðug frá ári til árs og þyrftu ekki langa geymslu fyrir neyslu. Allt hefur þetta gengið eftir og þykja Drostdy-Hof vín Suður-Afríku til sóma á alþjóðamarkaði, sérstaklega ef borin eru saman verð og gæði.




**Drostdy-Hof Cape Red**

Kennt við Góðrarvonarhöfða, blanda úr Pinotage og fleiri afrískum þrúgutegundum. Alhliða ávaxtaríkt vín þar sem uppruninn leynir sér ekki. Djúprautt vín með góða meðalfyllingu, mjúkt og ávaxtaríkt, með krydduðum jarðarkeim. Passar með flestu kjötmeti.

Kynningarverð á sumardögum 3.290 kr.

**Drostdy Steen Chenin Blanc**

Chenin blanc þrúgan nefnist steen á afrikaans, máli S-Afríkumanna. Rætt er um þessa þrúgu sem næstu tískuþrúgu í heiminum. Frísklegt hvítvín með góðan ferskan ávöxt og tónað af blómkenndum kryddum. Gott með fersku fiskfangi.

Kynningarverð á sumardögum 3.090 kr.




## VEITINGASTAÐURINN

**NARFEYRARSTOFA** AÐALGÖTU 3, 340 STYKKISHÓLMUR



## Fjölbreyttur matseðill í fallegu húsi

**Hvernig er stemningin?** Narfeyrarstofa er heimilislegur veitingastaður og er andrúmsloftið þar afslappað og þægilegt. Boðið er upp á fjölbreyttan matseðil, allt frá miklum hamborgaramatseðli upp í fínustu rétti. Verði er stillt í hóf og skammtar eru ríkulegir og því ætti enginn að fara þaðan út blankur og svangur.

**Matseðillinn** Sérstaða Narfeyrarstofu lýtur að hráefninu sem fengið er úr Breiðafirðinum, en allur sá fiskur sem boðið er upp á á staðnum kemur þaðan að undanskildum humrinum. Fiskifælnir þurfa hins vegar ekki að óttast því þar er einnig hægt að fá steikur, hamborgara, samlokur og auðvitað franskar líka. Eftir mat er svo hægt að velja á milli þriggja tegunda af heimalöguðum tertum og nóg af góðu kaffi með til að maður sofni nú ekki eftir allt átið.

**Vinsælast** Á Narfeyrarstofu er mikið er selt af alls kyns réttum þar sem hörpuskel er í aðalhlutverki á matseðlinum. Meðal annars er þar girnilegur réttur sem gaman væri að spæna í sig, pönnusteikt breiðfirsk hörpuskel með gorgonzola-osti.

**Réttur dagsins** Réttur dagsins er breytilegur á Narfeyrarstofu eftir tíð og tíma en um þessar mundir er boðið upp á lunda sem rétt dagsins.

» FASTUR
birta
» PUNKTUR

Staðreynd

Master
Mercedes Benz
ML 350 2006
Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasín, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði
6.550.000,-

Askja
Mercedes Benz
ML 350 2006
Sjálfskiptur 7 þrepa Geartronic,
Tvíþætt leðurinnrétting, Þjófa- & dráttarvörn,
Command APS DVD leiðsögukerfi,
Harman / Kardon Digital Surround
hljómkerfi með 11 hátölurum, Thermatronic
loftkæling, Geisladiskamagasín, Teppamottur,
Rafdrifin glersóllúga, Hiti í sætum,
Dökkar rúður, Regnskynjari, Viðarmælaborð,
Aðfellanlegir speglar, Viðarklæðning í mælaborði
7.761.700,-*
* samantekin verð úr verðlista Öskju þann 26. Júlí 2005

MASTER
Master ehf, Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200
www.masterbill.is
Þjónustuaðili Mercedes Benz á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF



*„You know when you close your eyes and wish for something really hard? God is the guy that ignores you.“*

- Það vefst ekki fyrir Steve Buscemi í hlutverki tæknimannsins McCord að útskýra eðli Guðs fyrir klóninum Lincoln Six-Echo sem Ewan McGregor leikur í The Island.

# bíó

bio@frettabladid.is

## *Ræfilslegi senuþjófurinn*

**Steve Buscemi** er einn skemmtilegasti leikarinn sem gengur laus í Hollywood þessi árin en hann er jafnvígur í glæpa- og gamanmyndum þar sem hann stelur undantekningalaust senunni. Buscemi býr yfir miklum sjarma þótt hann geti seint talist hjartaknúsari og honum tekst iðulega að lyfta öllu sem hann kemur nálægt á hærra plan. Hann fer á kostum í *The Island* og það er síður en svo í fyrsta skipti sem hann gleður augað í hasarmynd. Hann átti góða innkomu í *Desperado*, *Escape From L.A.*, *Con Air* og síðast en ekk síst *Armageddon*, sem er líkt og *The Island* leikstýrt af **Michael Bay**. Buscemi á ekki síður glæsilegan feril í glæpamyndum en hann fór á kostum í *Miller's Crossing* þeirra **Coen**-bræðra, *Reservoir Dogs* Tarantinos og svo stal hann *Fargo*, sem Coen-bræður gerðu einnig, með húð og hári. Coen-bræður treysta oft á krafta Buscemis, sem lék einnig undir þeirra stjórn í *The Hudsucker Proxy*, *Barton Fink* og *The Big Lebowski*. Þá lék hann *Buddy Holly*-eftirhermu í *Pulp Fiction* eftir Tarantino. **Jim Jarmusch** er einn þeirra sem nota Buscemi ítrekað og nægir í því sambandi að nefna *Mystery Train* og *Coffee and Cigarettes*. *Desperado*-leikstjóranum **Robert Rodriguez** leiðist Buscemi ekki heldur og hefur notað hann í *Spy Kids 2* og *3*. Þegar það kemur að hreinræktuðu gríni slæst Buscemi oftar en ekki í för með **Adam Sandler** en hann hefur dúkkað upp í *The Wedding Singer*, *Big Daddy* og *Mr. Deeds*. Buscemi er einnig efnilegur leikstjóri og hefur helst vakið athygli á því sviði fyrir *Trees Lounge* og *Animal Factory* en hann lék einnig í þeim báðum. Þá hefur hann leikið í og leikstýrt *Sopranos*-þáttum og sýnt fína takta í *Big Fish* eftir **Tim Burton** og myndasögumyndinni *Ghost World*.



## EKKI MISSA AF...

**... Sin City-myndasögum Franks Miller. Bækurnar eru sjö talsins og þær sögur sem rísa hæst í bókaflokknum eru með bestu reyfurum sem völ er á. Sin City-mynd Roberts Rodriguez byggir á þremur bókanna en þær standa allar fyllilega fyrir sínu einar og sér og allir sem hafa ánægju af alvöru krimmum fá mikið fyrir sinn snúð hjá Miller og þá breytir engu hvort fólk hefur séð bíómyndina, ætlar að sjá hana eður ei. Harðsoðnar teikningar Millers og meitlaður textinn svíkur engan.**








**WILSON OG VAUGHN** Þessum góðkunningjum er fátt eðlilegra en að grínast og þeir fara því létt með að bera The Wedding Crashers á herðum sínum.

# Kvennabósar og klónaveiðar

Rómantíkin svífur yfir vötnum í brúðkaupsveislum og þar sem margan gestinn dreymir um að vera í sporum brúðhjónanna getur verið gott að nota brúðkaup til að komast á séns. Þetta vita vinirnir og æringjarnir John Beckwith (Owen Wilson) og Jeremy Klein (Vince Vaughn) upp á sína tíu fingur og nýta sér óspart. Þeir eru nánast atvinnuboðflennur sem skammast sín ekki fyrir að drekka frítt áfengi í brúðkaupsveislum og draga brúðarmeyjar á tálar. Það hriktir svo óvænt í stoðum tilveru þeirra þegar annar þeirra verður ástfanginn.

Þetta er söguþráður gamanmyndarinnar The Wedding Crashers, sem stefnir í að verða óvæntasti sumarsmellur ársins og hefur verið að gera það gott úti í hinum stóra heimi. Það er svo sem ekki við öðru að búast en að glatt sé á hjalla þar sem leikararnir Owen Wilson og Vince Vaughn bera myndina á herðum sínum. Wilson er með fyndnari mönnum og Vaughn hefur fyrir löngu sannað það að hann er frábær leikari sem getur brugðið sér í allra kvikinda líki en hann tók til dæmis síðast frábæra grínspretti í Be Cool og Mrs. and Mrs. Smith.

Þessir öndvegismenn njóta svo dyggilegs stuðnings frábærra aukaleikara með þá Will Ferrell og Christopher Walken fremsta í flokki ásamt þeim Jane Seymour, Dwight Yoakam og Rebeccu De Mornay.

### Út í óvissuna

Hasarmyndin The Island, með Ewan McGregor og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum, fjallar um Lincoln Six-Echo (McGregor) og Jordan Two-Delta (Johansson) sem eru á meðal nokkurra hundraða manna sem þurfa að hafast við á vernduðu svæði eftir miklar náttúruhamfarir sem lögðu nánast alla jarðarbúa í gröfina.

Myndin gerist um miðja 21. öldina. Strangt eftirlit er haft með öllum íbúum verndarsvæðisins til að þeir fari sér ekki að voða og eina leiðin til að komast þaðan er að verða valinn til að heimsækja „Eyjuna“, sem er eini ómengaði staðurinn á jörðinni sem eftir er.

Þegar Lincoln kemst að því að allt sem honum hefur verið sagt er tóm lygi ákveður hann ásamt Jordan að flýja verndarsvæðið og halda út í óvissuna, hundeltur af yfirvöldum.

Auk Ewans McGregor, sem síðast lék í þriðju Stjörnustríðsmyndinni, og Scarlett Johansson, sem sló í gegn í Lost in Translation, fara gæðaleikararnir Djimon Hounsou, Sean Bean, Steve Buscemi og Michael Clarke Duncan með helstu aukahlutverk. ■



**HÁKARLADRENGUR OG HRAUNSTÚLKA** Max kynnist þeim Sharkboy og Lavagirl sem búa á plánetunni Drool.

# Þrívíður ævintýraheimur

Þrívíddarævintýramyndin SharkBoy & LavaGirl var frumsýnd hérlendis í gær. Myndin fjallar um hinn tíu ára Max sem gleymir sér í sínum eigin ævintýraheimi þar sem hann þarf ekki að hugsa um að hlýða foreldrum sínum eða glíma við hrekkjalómana í skólanum. Þegar hann kemst að því að þessi heimur er miklu raunverulegri en hann hélt í fyrstu breytist líf hans svo um munar.

Max ferðast til plánetunnar Drool og kynnist SharkBoy og LavaGirl sem þar búa við miklar vellystingar. Hinir illu hr. Electric og aðstoðarmaður hans Minus eiga þó eftir að setja babb í bátinn með áformum sínum um að útrýma draumum.

Leikstjóri myndarinnar, Robert Rodriguez, er sá sami og gerði Spy Kids-þríleikinn sem naut mikilla vinsælda auk þess sem hann leikstýrði Sin City ásamt Frank Miller. Þriðja og síðasta Spy Kids-myndin var einmitt í þrívídd líkt og SharkBoy & LavaGirl.

Rodriguez byggði söguþráð myndarinnar á sögum um ferðir á milli sólkerfa og ofurhetjur sem sonur hans Racer Max bjó til. Með aðalhlutverkin í myndinni fara David Arquette, Cayden Boyd, Jacob Davich, Kristin Davis, Taylor Dooley, Taylor Lautner, Sasha Pieterse og George Lopez. ■

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA

(DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



The Wedding Crashers
Internet Movie Database 7,5 af 10
Rottentomatoes.com 75% = Fersk
Metacritic.com 64/100



The Island
Internet Movie Database 6,9/10
Rottentomatoes.com 39% = Rotin
Metacritic.com 50/100



SharkBoy & LavaGirl
Internet Movie Database 3,3 af 10
Rottentomatoes.com 21% = Rotin


„Það var ekki eins og ég hefði verið að drekka mikið. Mér fannst ég vera alveg skýr í kollinum. Nennti ekki að standa í einhverju veseni með að skilja bílinn eftir.“
Þessi frásögn er byggð á raunverulegum atburðum.
ÁHÆTTAN ER ALDREI ÞESS VIRÐI!
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA - 3161
UMFERÐARSTOFA



Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22

# Íslenskir sjómannaslagarar í Frakklandi

Grundfirska hljómsveitin Rauðir fiskar hélt út í víking í gær þar sem hún tekur þátt í sjómannalagahátíð í Frakklandi. „Hljómsveitin var stofnuð í febrúar og markmiðið var að komast á þessa hátíð. Við ákváðum bara að freista inngöngu, sendum út disk og komumst að,“ segir Níels Rúnar Gíslason, meðlimur hljómsveitarinnar. Grundarfjörður er vinabær Paimpol í Frakklandi en þar er hátíðin Sea Shanty Festival haldin.

„Einar Melax, sem meðal annars var í Kuklinu, er forsprakki sveitarinnar en hann er tónlistarkennari á Grundarfirði. Þar kynntist hann nokkrum strákum og þá myndaðist hópur manna sem vildu gera tónlist saman. Ég er svo undantekningin því ég er ekki frá Grundarfirði og var bara fluttur inn,“ segir Níels.

Átta manns skipa hljómsveitina og eru allir meðlimirnir tiltölulega óreyndir tónlistarmenn fyrir utan Einar. „Við erum ekki mikið lærðir á hljóðfæri en reynum að spila eins vel og við getum. Stundum erum við pínulítið falskir en það kemur bara vel út,“ segir Níels Rúnar og hlær. „Stíllinn okkar er tvískiptur. Annars vegar spilum við á fiðlur og syngjum gömul þjóðlög og sálma en semjum nýja texta sem allir fjalla um sjóferðir. Hins vegar spilum við sjórokk þar sem við setjum þekkt sjómannalög í nýjan búning. Við tökum til dæmis Kátir voru karlar í moll og rokkum upp Stolt siglir fleygið mitt eftir Gylfa Ægis.“

Níels segir það ekki standa til að snara textunum yfir á frönsku og móðurmálið verði því að duga. „Allir textarnir okkar eru á íslensku en við ætlum að búa til hljómsveitarkynningu á frönsku eða ensku fyrir hátíðina. Það væri auðveldara að gera það á ensku en við vitum ekki hvort Frakkarnir móðgist ef við flytjum kynninguna þannig.“

Hátíðin verður dagana 5. til 7. ágúst og þetta er í sjöunda sinn sem hún er haldin. ■


FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**RAUÐIR FISKAR** Einhver ruglingur hefur verið með nafn hljómsveitarinnar. „Það er einhver svolítill misskilningur í gangi því við höfum verið kallaðir Rauðar fjaðrir, Rauðir fánar og ýmislegt annað,“ segir Níels. „Rétt nafn hljómsveitarinnar er Rauðir fiskar.“

# Damon vill útrýma Doherty

Damon Albarn fer ekki í felur með andúð sína á Babyshambles-söngvaranum Pete Doherty sem spilar fyrir okkur Íslendinga á komandi Airwaves-hátíð. Íslandsvinurinn Albarn segist hata Doherty svo mikið að hann sé að hugsa um að hefja herferð undir yfirskriftinni „Útrýmum Doherty“ sem útleggst svo skemmtilega á ensku: „Make Doherty History“ og er skemmtilegur útúrsnúningur á slagorðinu „Make Poverty History“.

Damon sagðist hafa verið hneykslaður þegar hann fylgdist með dúett Dohertys og Sir Elton John. „Þessir tónleikar snerust um að efla meðvitund fólk um ástandið í Afríku en Pete virtist ekki einu sinni vera með meðvitund þegar hann var að syngja, hann var svo fullur,“ sagði Albarn. „Við erum að tala um álfu sem berst við hræðilega fátækt og þessi gaur getur ekki einu sinni hrist af sér slenið til þess að syngja lag. Hann virkaði ekki vel þennan dag.“

Damon er augljóslega hvorki hrifinn af Pete né hljómsveitinni hans, Babyshambles. „Babyshambles hefur bara gefið út eitt lag. Eitt lag! Fólk talar um hversu hæfileikaríkur hann er en hann er gjörsamlega ofmetinn,“ sagði Damon pirraður.


**DAMON ALBARN** Hann virðist ekki hafa mikið álit á söngvaranum Pete Doherty og vill leggja sitt af mörkum til að „útrýma Doherty“.

## Jennifer tjáir sig um skilnaðinn

Hluti af viðtali við Jennifer Aniston í Vanity Fair hefur verið birtur og þar gefur hún í fyrsta skipti skýringu á skilnaði sínum við Brad Pitt. Jennifer neitar algjörlega að ráðast gegn Brad eða segja um hann styggðaryrði og hljómar langt frá því að vera bitur fyrrverandi eiginkona. Hins vegar viðurkennir hún að þegar myndir af honum og Angelinu birtust í blöðunum hafi hún ekki vitað meira en hver annar lesandi. „Heimurinn fékk áfall og ég líka. Ég væri vélmenni ef ég segði að það kæmi ekki fyrir að ég væri reið, sár og niðurlægð,“ sagði leikkonan fagra.

Ástæða skilnaðarins er að hennar sögn ekki eins krassandi og blöðin hafa ætlað og segir hún Angelinu Jolie hvergi hafa komið þar nærri. „Við einfaldlega breyttumst bæði og þroskuðumst sitt í hvora áttina.“ Hún þvertekur fyrir að tregða hennar til barneigna hafi spilað hlutverk og segist þrá fjölskyldu. „Sú saga fór virkilega í taugarnar á mér. Mig langar í börn og ég ætla að eignast börn. Ég myndi aldrei fórna barneignum fyrir ferilinn,“ sagði leikkonan. ■


**JENNIFER ANISTON** Vanity Fair ætlaði að birta viðtalið við Jennifer í október en hefur nú flýtt því fram í september af ótta við að það leki út í aðra fjölmiðla.


**JACK BAUER** Kiefer Sutherland fer með hlutverk leyniþjónustumannsins Jacks Bauer í 24.

## Bauer fær góða dóma

Tölvuleikur byggður á sjónvarpsþættinum 24, sem hefur verið sýndur við miklar vinsældir undanfarin ár, fær góða dóma á heimasíðunni IGN.com.

„Svipbrigði og hegðun persónanna úr þættinum nást mjög vel fram í leiknum. Þegar maður getur heyrt alvöru raddir persónanna úr þættinum og klukku sem telur niður lítur leikurinn virkilega út eins og 24-þáttur,“ segir m.a. í dómnum.

Tölvuleikurinn með Jack Bauer í fararbroddi er væntanlegur á Playstation 2 í haust. ■

» FASTUR birta » PUNKTUR

# LOKADAGAR ÚTSÖLU

4. - 7. ÁGÚST

AÐEINS (5) VERÐ Á ÚTSÖLUVÖRUM

500 • 1000 • 1500 • 2000 • 3000

ATH. NÝJAR VÖRUR KOMNAR Í VERSLUN

NEXT

KRINGLUNNI




## Sakaði lögreglu um spillingu

Rokkarinn Sir Mick Jagger úr The Rolling Stones sagði að spillt lögregla hafi komið fyrir fíkniefnum heima hjá sér þegar hann var handtekinn árið 1969. Þetta kemur fram í leynilegum skjölum sem hafa loksins verið gerð opinber.

Í skjölunum vísa starfsmenn Scotland Yard ásökunum Jagg ers á bug og segja hann flæktan í heim fíkniefnaneyslu ásamt fjölda annarra. Á heimili Jagger í Chelsea fundust kannabisefni og var söngvarinn í kjölfarið dæmdur til að greiða sekt. ■


**MICK JAGGER** Rollingurinn Mick Jagger sakaði lögregluna um spillingu árið 1969.

## The Zutons á Iceland Airwaves

Hljómsveitin The Zutons frá Liverpool, sem kemur fram á Iceland Airwaves-hátíðinni 19.-23. oktbóber, hitar upp fyrir U2 á tónleikum hennar í Frakklandi annað kvöld en sveitin hitaði einnig upp fyrir U2 í Þýskalandi í gær.

The Zutons hefur fengið mikið lof fyrir tónleika sína í sumar og meðal annars hefur sveitin hitað upp fyrir REM í Bretlandi. Einnig tróð sveitin upp á Glastonbury-hátíðinni og á tónleikum með Oasis í Milton Keynes Bowl. ■


**THE ZUTONS** Hljómsveitin spilar á Iceland Airwaves sem verður haldin 19. til 23. október í Reykjavík.

Söngvari Sálarinnar sakaður um svindl í golfmóti

## Gert að skila verðlaunum!

Stefán Hilmarsson Brimnes, söngvari Sálarinnar, beitti brögðum við að tryggja sér annað sætið á golfmóti nú á dögunum. „Þetta er mikið reiðarslag fyrir okkur“ sagði Geir Ólafsson dómari mótsins, en hann og Ivan Rebroff aðstoðardómari urðu varir við svindlið á myndbandsupptökum af keppninni. Stefán virðist hafa notað bolta úr uppgufanlegu efni þannig að það leit út fyrir að hann hefði ávallt slegið holu í höggi. „Þetta er algjörlega fáránlegt“ segir Stefán, en viðurkennir þó að hafa notað segulplástra á geirvörturnar. „Stefán var minn besti söngnemi“ sagði aðstoðardómarinn og stórsöngvarinn Ivan Rebroff, en hann á heiðurinn af því að lække tónhæð Stefáns um 7 áttundir fyrir nokkrum árum. Þess má geta að verðlaunin voru viðhafnarútgáfa af lagi Ivans, Bjórkjallaranum. ■


**STEFÁN HILMARSSON:** Golfferillinn í hættu









HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI

STÆRSTA KVIKMYNDAHÚS LANDSINS • HAGATORGI • S. 530 1919 • www.haskolabio.is




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 3-4-6-7-8-10-10.45 | B.I. 16 |
| THE ISLAND VIP | KL. 4.30-8-10.45 | |
| KICKING AND SCREAMING | KL. 2-4-6-8-10 | |
| DARK WATER | KL. 8.40-10.45 | B.I. 16 |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| KICKING & SCREAMING | KL. 8 | |
| THE PERFECT MAN | KL. 10 | |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| THE ISLAND | KL. 8-10 |
| KICKING & SCREAMING | KL. 6-8 |
| DARK WATER | KL. 10 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 3-5.30-8.30-11.15 | B.I. 16 |
| THE PERFECT MAN | KL. 4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4.30-6.30 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 8.30-11.15 | B.I. 16 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

ÁLFABAKKI 587 8900 KRINGLAN 588 0800 AKUREYRI 461 4666 KEFLAVÍK 421 1170

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 5.45-8.30-10-11.20 | B.I. 16 ára |
| DARK WATER | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6-8-11.20 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |

Háskólabíó

## FRÉTTIR AF FÓLKI



**Nicole Kidman** er búin að næla sér í nýjan kærasta. Sá heitir **Keith Urban** og er Ástrali eins og hún en hann er mjög þekktur sveitasöngvari þar syðra. Turtildúfurnar hafa sést hönd í hönd í New York undanfarna daga og hafa meðal annars brugðið sér á heilsuveitingahús og í verslunarleiðangur.



Fyrrverandi villingurinn **Drew Barrymore**, sem var orðin alkóhólisti á barnsaldri, hefur nú sent **Lindsay Lohan** tóninn. „Ég vildi að ég gæti sagt henni að það væri allt í lagi að haga sér bara eins og maður vill en heimurinn virkar ekki þannig," sagði Drew um Lindsay, sem hefur verið mikið gagnrýnd fyrir að stunda skemmtanalífið stíft. „Ég vil bara segja við hana og aðrar ungar stelpur í Hollywood: Ekki sogast inn í vitleysuna því það er mikilvægt að gera sér grein fyrir því hvað er raunverulegt og hvað ekki. Það verða allir að hugsa um afleiðingar gjörða sinna."



Kvikmyndagoðsögnin **Lauren Bacall** , sem orðin er áttræð, er ekki par hrifin af **Tom Cruise** og þeim skrípaleik sem hann hefur tekið þátt í undanfarna mánuði. „Hegðun hans er út í hött. Það er óviðeigandi, ósæmilegt og fullkomlega óásættanlegt að nota einkalíf sitt á þennan hátt til að auglýsa vörur. Ég held að þetta sé einhvers konar sjúkdómur," sagði Lauren, sem er þekkt fyrir ýmislegt annað en að sitja á skoðunum sínum.



**Jennifer Lopez** er að öllum líkindum ófrísk ef marka má erlenda fjölmiðla. Hún hefur tekið því rólega undanfarnar vikur og þykir nú bera merki þess að vera með barni. „Þetta er algjört leyndarmál núna en hún er sennilega komin sex til sjö vikur á leið," sagði heimildarmaður. Söngkonan hæfileikaríka og eiginmaður hennar **Marc Anthony** hafa ekki farið leynt með að þau langi að eignast barn saman en hingað til hefur þeim ekki tekist það.



## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Fifty percent, Lord! I'm talking gross!“**

**Svar:**
Marlon Borunki úr kvikmyndinni The End árið 1978.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** Borghildur Gunnarsdóttir **fagnar komu nýs gamanþáttar í íslenskt sjónvarp**

## *Loksins Arrested Development*

Jæja, loksins fer að koma að því. Einn besti gamanþáttur síðari ára verður tekinn til sýninga á Íslandi, búinn að fá fullt af verðlaunum hið ytra og frábært áhorf. Þeir hjá Stöð 2 hafa tilkynnt að í vetur muni þeir sýna þáttinn Arrested Development. Húrra húrra. Ég hef fengið smá „sneak preview“ af þættinum hjá glæpavini sem sækir hann á netinu. Hefði þó kosið að sjá þáttinn í Ríkissjónvarpinu svo að allir landsmenn gætu fengið að berja þessa snilld augum. En allt í lagi. Á meðan ég bý svo vel að hafa aðgang að Stöð 2 get ég lítið kvartað.

Þættirnir fjalla um Bluth-fjölskylduna og er sjónunum beint að syninum Michael Bluth sem neyðist til þess að reka fjölskyldufyrirtækið eftir að faðir hans, George, er sendur í fangelsi. Líf Michael snýst svo um að reka fyrirtækið og reyna að kenna fjölskyldunni að lifa lífinu án þess að eyða endalaust miklum peningum. Þættirnir fjalla um líf þessarar stóru fjölskyldu sem skipuð er níu karakterum sem eru hver öðrum skemmtilegri. Töframaðurinn Gob, mömmustrákurinn Buster, tengdasonurinn Tobias sem er sjálfskipaður „never nude“ - sem þýðir semsagt að hann fer aldrei úr öllum fötunum, og fleiri góðir. Mamman, Lucille Bluth, er í sérstöku uppáhaldi hjá mér sem hin kaldlynda, ráðríka og sérhlífna móðir.

Loksins fáum við á dagskrána nýjan grínþátt sem er ekki jafn aulalegur og Joey, jafn glataður og According to Jim eða jafn mikið úr sér genginn og Friends. Ég hlakka til.



**ARRESTED DEVELOPMENT** Karakterarnir í þessum stórkostlega gamanþætti eru hver öðrum kostulegri. Stöð 2 mun hefja sýningar á þættinum innan skamms.



▶ 21.35 *Gaman*

SCRUBS



▶ 20.45 *Framhald*

REVERSIBLE ERRORS



▶ 21.00 *Drama*

TRU CALLING



▶ 22.00 *Útlit*

THE SWAN



▶ 21.00 *Íþróttir*

ENSKU MÖRKIN

### SJÓNVARPIÐ

**16.55** HM íslenska hestsins (1:4) **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar

**18.30** **Spæjarar (23:26)** (Totally Spies I)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.40** **Bikarkeppnin í fótbolta** Bein útsending frá seinni undanúrslitaleiknum sem fram fer á Laugardalsvelli.
**21.35** **Nýgræðingar (70:93)** (Scrubs)
**22.00** **Tíufréttir**
▶ **22.25** **Aðþrengdar eiginkonur (22:23)** (Desperate Housewives) Húsmóðir í úthverfi fyrirfer sér og segir síðan sögur af vinkonum sínum fjórum sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicolette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.

**23.10** HM íslenska hestsins (2:4) **23.25** Mótókross **23.50** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Wife Swap **14.15** Auglýsingahlé Simma og Jóa **14.45** The Sketch Show **15.10** Fear Factor **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Ísland í dag**
**19.35** **Simpsons**
**20.00** **Apprentice 3, The (10:18)**
▶ **20.45** **Reversible Errors (1:2)** Framhaldsmynd með úrvalsleikurum. Blökkumaður bíður aftöku fyrir þrjú hrottaleg morð. Fáeinum vikum áður en á að taka hann af lífi koma fram ný sönnunargögn, m.a. játning annars manns.
**22.15** **Third Watch (17:22)** Framhaldsþáttur sem fjallar um hugdjarfan hóp fólks sem eyðir nóttinni í að bjarga öðrum úr vandræðum á götum New York borgar. Bönnuð börnum.

**23.00** Sins of the Father **0.35** American Outlaws (Stranglega bönnuð börnum) **2.05** Ísland í bítið **3.45** Fréttir og Ísland í dag **5.05** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Road to Stardom With Missy Elliot (6:10)**
**19.50** **Supersport (4:50)** Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport í umsjón Bjarna Bærings.
**20.00** **Seinfeld 2 (12:13)**
**20.00** **Seinfeld 3**
**20.30** **Friends 2 (5:24)**
▶ **20.55** **Tru Calling (6:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.
**21.55** **Sjáðu** Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvikmyndaheiminum.
**22.00** **Kvöldþátturinn**
**22.45** **David Letterman**

**23.30** American Dad (6:13) **0.00** The Newlyweds (7:30) **0.25** Kvöldþátturinn **1.10** Seinfeld 2 (12:13) **1.30** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**4.08** 2005 Fimmtudagur **17.55** Cheers **18.20** Providence (e)

**19.15** **Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30** **MTV Cribs (e)**
**20.00** **Less than Perfect**
**20.30** **Still Standing**
**20.50** **Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00** **According to Jim**
**21.30** **Everybody Loves Raymond**
▶ **22.00** **The Swan** Hér er sagt frá nokkrum ósköp venjulegum konum sem breytt er í sannkallaðar fegurðardísir. Eins og fyrri þáttaröðinni hafði fjöldi kvenna áhuga á að vera með en sérstök nefnd valdi úr þær sem líklegastar þóttu til að standast álagið.
**22.45** **Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** Law & Order (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** Hack **2.05** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**17.20** UEFA Champions League

**19.00** **Inside the US PGA Tour 2005** (Bandaríska mótaröðin í golfi)
**19.30** **Kraftasport** (Hafnartröllið)
**20.00** **Íslandsmótið í golfi 2005**
▶ **21.00** **Ensku mörkin** Mörkin og marktækifærin úr enska boltanum, næst efstu deild. Við eigum hér marga fulltrúa en okkar menn er að finna í liðum Leicester City, Leeds United, Reading, Plymouth Argyle, Watford og Stoke City sem jafntframt er að meirihluta í eigu íslenskra fjárfesta.
**21.30** **Fifth Gear**
**22.00** **World's Strongest Man**
**22.55** **2005 AVP Pro Beach Volleyball**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Monty Python's The Meaning Of Life **8.00** The Apostle **10.10** Changing Lanes **12.00** The Testimony of Taliesin Jones **14.00** Monty Python's The Meaning Of Life **16.00** The Apostle **18.10** Changing Lanes **20.00** Sweeney Todd (Stranglega bönnuð börnum) **22.00** Dog Soldiers (Stranglega bönnuð börnum) **0.00** Razor Blade Smile (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Sleepwalker (Stranglega bönnuð börnum) **4.00** Dog Soldiers (Stranglega bönnuð bönum)

### OMEGA

**8.00** Flying House - barnaefni **8.30** Superbook - barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** R.G. Hardy **12.00** Ísrael í dag **13.00** Travellers for Christ **13.30** Believers Christian Fellowship **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Flying House - barnaefni **17.00** Superbook - barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** Times of Refreshing **19.00** CBN fréttastofan - 700 Club **20.00** Kvöldljós **21.00** Robert Schuller **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** The Awakening Hour **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan - 700 Club

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Fashion Police **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** The Soup **15.00** Dr. 90210 **16.00** 101 Juiciest Hollywood Hookups **17.00** High Price of Fame **18.00** E! News **18.30** Fashion Police **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Gastineau Girls **22.00** Wild On 23.00 E! News **23.30** The Soup **0.00** Wild On **1.00** Dr. 90210

### AKSJÓN

**7.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – A Walk On The Moon **23.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

## Desperate Housewives — Sjónvarpið kl. 22.20

# Vandræði Bree í einkalífinu

**Þetta er næstsíðasti þáttur**



Í kvöld ákveða Susan og Mike að fara að búa saman. Edie er ekki skemmt og hún reynir að grafa undan sambandi þeirra. Lynette gerir ráðstafanir til að tryggja að Annabel komist ekki upp á milli þeirra Toms en það hefur afdrifaríkar afleiðingar. Fyrirmyndarhúsmóðirin Bree á í vandræðum í einkalífinu og þegar Gabrielle kemst að hinu sanna um getnaðarvarnirnar og ákveður að skilja við Carlos verða viðbrögð hans aðeins til þess að lengja fangelsisdóm hans. Í dagbók frú Huber er ljóstrað upp leyndarmálum og tvö ný andlit birtast í götunni.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið. **13.01** Hrafnaþing. **14.03** Glópagull og gisnir skógar **15.03** Allt og sumt – Hallgrímur Thorsteinsson, Helga Vala og Helgi Seljan.

**17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson. **19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e.

**22.00** Á kassanum e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sumarsnakk **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Lifandi blús **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamálaleikrit, Mærin í snjónum **14.03** Útvarpssagan: Stjórnlaus lukka **14.30** Sögur og sagnalist **15.03** Úr alfaraleið **16.13** Hlaupanótan **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **20.00** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime **23.00** Hlaupanótan

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn 19.35 Fótboltarásin ásamt Ragnari Páli Ólafssyni **22.10** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Cycling: UCI Protour Eneco Tour **15.00** Athletics: IAAF Super Grand Prix London **17.00** FIA World Touring Car Championship By Lg: FIA Wtcc Mag **17.30** Rally: World Championship Finland **18.00** Freestyle Motocross: X-fighters Madrid Arena Spain **19.30** Boxing **21.30** News: Eurosportnews Report **21.45** Fight Sport: Shooto **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** El Nombre **14.25** Bill and Ben **14.35** Rule the School **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Holiday Swaps **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** One Foot in the Grave **18.30** 2 point 4 Children **19.00** Cutting It **20.00** Sun Myung Moon **21.00** Mastermind **22.00** Mersey Beat **23.00** Blue Planet – A Natural History of the Oceans **0.00** Michael Palin's Hemingway Adventure **1.00** The Mark Steel Lectures

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Walking With Lions **13.00** Paranormal?: Animal Oracles **14.00** Cliffhangers: Saving Bart **15.00** Great Bear Rainforest **16.00** Battlefront: Fall of Poland **16.30** Battlefront: the Last Strong Hold **17.00** Animal Nightmares: Frogs **17.30** Monkey Business **18.00** Walking With Lions *living Wild* **19.00** Paranormal?: Animal Oracles **20.00** Beyond Fear *premiere* **21.00** White Shark Outside the Cage **22.00** Paranormal?: Ghosts **23.00** Beyond Fear **0.00** White Shark Outside the Cage

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Wild Indonesia **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Killing for a Living **19.00** The Big Squeeze **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** The Big Squeeze **1.00** Killing for a Living

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Junkyard Mega-Wars **16.00** Extreme Machines **17.00** Wheeler Dealers **18.00** Mythbusters **19.00** Forensic Detectives **20.00** FBI Files **21.00** Air Jaws 2 **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Tanks

**MTV**
**12.00** Boiling Points **12.30** Just See Mtv **14.00** Spongebob Squarepants **14.30** Wishlist **15.00** Trl **16.00** Dismissed **16.30** Just See Mtv **17.30** Mtv:new **18.00** The Base Chart **19.00** Pimp My Ride **19.30** Punk'd **20.00** Wonder Showzen **20.30** The Osbournes **21.00** Top 10 at Ten **22.00** Switched on **23.00** Superock **0.00** Just See Mtv

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** Smells Like the 90's **18.00** VH1 Classic **18.30** Then & Now **19.00** Disco Divas One Hit Wonders **19.30** Disco Fever Music Mix **20.00** When Disco Ruled the World **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Latino Top 5 **22.30** Ultimate Albums **23.30** Storytellers **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Hollywood Star Treatment **14.25** Cheaters **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Other People's Houses **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex and the Settee **22.00** What Men Want **22.30** More Sex Tips for Girls **23.00** Backyard Pleasures **23.30** Anything I Can Do **23.55** Awesome Interiors **0.25** Retail Therapy **0.50** The Stylists **1.15** Staying in Style

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.25** Wonderful Country, the **14.05** Vampires on Bikini Beach **15.30** Whales of August, the **17.00** Getting It Right **18.40** Convict Cowboy **20.20** Women of San Quentin **21.55** So Evil, so Young **23.15** Summer Heat **0.35** After Midnight **2.10** 70's, the (two Hour Version)

**TCM**
**19.00** Ryan's Daughter **22.10** Home From the Hill **0.35** Waterloo Bridge **2.20** The Scarlet Coat

**HALLMARK**
**12.45** And Never Let Her Go **14.15** Out Of The Woods **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** Mermaid **18.15** My Louisiana Sky **20.00** Law & Order Viii **20.45** The Mapmaker **22.15** The Devil's Arithmetic **0.00** Law & Order Viii **0.45** My Louisiana Sky **2.30** The Mapmaker

**BBC FOOD**
**12.00** Rick Stein's Food Heroes **12.30** Food and Drink **13.00** Big Kevin Little Kevin **13.30** Grigson **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** The Cookworks **15.00** Nigella Bites **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Chalet Slaves **16.30** The Hi Lo Club **17.00** Beauty and the Feast **17.30** Tyler's Ultimate **18.30** Nigel Slater's Real Food **19.00** Big Kevin Little Kevin **19.30** Paradise Kitchen **20.00** Conrad's Kitchen: Access All Areas **20.30** Kitchen Takeover **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.25** Profilen **12.50** Hvad er det værd? **13.20** Jagerpiloterne **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Shin Chan **14.10** Ozzy & Drix **14.30** SommerSummarum **15.30** Scooby Doo **16.00** Mathias skal i skole **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** Bobler i blodet **18.00** Herlufsholm **18.30** De små englebc̸rn **19.00** TV Avisen **19.25** Post Danmark Rundt **19.50** Beck – Annoncemanden **21.20** Central Station

**SV1**
**13.30** Arlanda **14.00** Rapport **14.05** Djurgalen **14.35** Familjen Anderson **15.00** Business as usual **15.30** Handikapp – inget hinder **16.00** Lugna kocken **16.25** Blomsterspråk **16.30** Karlsson på taket **16.55** Puss och kram **17.00** Guppy **17.15** Kent Agent och de hemliga ställena **17.30** Rapport **18.00** Solens mat **18.30** Dc̸lahästar på grönbete **19.00** Graven **20.00** Sommardebatt **21.00** Rapport **21.10** Drömmarnas tid **21.55** Karl för sin kilt **22.50** Sändning från SVT24






## HRÓSIÐ

*... fá aðstandendur Dragkeppni Íslands fyrir að leyfa konum að taka þátt í keppninni í ár.*

## AÐ MÍNU SKAPI

KJARTAN FRIÐRIK ÓLAFSSON, TÓNLISTARMAÐUR Í AMPOP

# *Brian Eno, 12 Tónar og Reykjavík*

**TÓNLISTIN** Undanfarið hef ég aðallega verið að fara yfir gamlar plötur sem ég fékk gefins fyrir stuttu, þar á meðal plötur með *Electric Light Orchestra* og *Ultravox*. Þetta eru hvort tveggja örlítið vemmilegar popp-grúppur sem flytja rosalega flotta popptónlist en þær eru hins vegar afar vanmetnar - sér í lagi út af þessum vemmileikastimpli sem hefur loðað við þær.

Ég er líka búinn að vera að hlusta á gamla poppplötu með *Brian Eno, Here Come the Warm Jets*. Hann er frægur fyrir að gera ambient-tónlist en á þessari plötu spilar hann ofvirknispopp.

**BÓKIN** Ég er áfram í poppfræðunum þegar kemur að bókmenntunum. Ég er til dæmis nýbúinn að klára bók um *Brian Eno* þar sem var farið yfir hvað hann hefur gert og hver séu áhrif hans á þróun tónlistar. Þetta var fín bók en hún kom út fyrir einhverju síðan og Eno er búinn að gera helling af hlutum síðan.

**BÍÓMYNDIN** Það er allur gangur á því hvaða bíómyndir ég horfi á og fer bara eftir fílingnum. *Easy Rider* er eftirminnileg því mér þótti hún svakalega töff einu sinni en síðast sá ég *Sin City* og hún var líka flott. Ég fer reyndar ekki oft í bíó því mér finnst kvikmyndahúsin vera ömurleg. Það eru svo einsleitar bíómyndir í boði að maður nenn-ir sjaldan - nema á kvikmyndahátíðum og þá þarf maður að drífa sig milljón sinnum á einni viku.

**BORGIN** *Reykjavík* er í algjöru uppáhaldi. Það er aðallega vegna þess hversu duglega stjórnvöld hér í borg hafa verið að styðja tónlistarmenn til útrásar og við í *Ampop* höfum notið góðs af því. *Loftbrúin* er virkilega góð hugmynd og hún hefur verið okkur mikil hjálp í tónleikaferðalögum. Aðra kosti Reykjavíkur þarf ég ekkert að fara nánar út í því ég er sennilega ekki að upplýsa fólk um nokkurn skapaðan hlut með því.

**BÚÐIN** *12 Tónar* er uppáhaldsbúðin mín. Þar fær maður ávallt höfðinglegar móttökur með úrvals kaffi og úrvals músík. Þar er líka boðið upp á góða og persónulega þjónustu. Ég á enga uppáhaldsfatabúð en það er viss nautn að gera góð kaup í *Kolaportinu* í stað þess að verja morð fjár í merkjavöru þó það komi líka fyrir að maður geri það. Hvað matvöru snertir þá finnst mér svolítið gaman að gera mér dagamun og fara í *Nóatún* til að kaupa gott á grillið. Svo fæ ég hann Grill-Guðjón bróður minn til að sjá um eldamennskuna.



**VERKEFNIÐ** Við vorum að klára plötu, sem hefur gengið undir vinnuheitinu Weather Report, og erum að fara að vinna í útgáfumálum. Annars er ég að fara að flytja til Englands eftir tvær vikur. Ég veit nú ekki alveg hvað ég mun taka mér fyrir hendur þar því ég er bara að elta konuna mína, hana Andreu. Hún er að fara í starfsnám hjá fatahönnuðinum Alexander McQueen en ætli ég vinni ekki í tónlistinni. Það má því segja að hún sé í meira „meiki" en við í hljómsveitinni.



**Lárétt: 2** látið af hendi, **6** ármynni, **8** málmur, **9** fæðu, **11** lít, **12** álögu, **14** peningar, **16** varðandi, **17** fínt regn, **18** andi, **20** gangþófi, **21** lengdarmálseining.
**Lóðrétt: 1** fugls, **3** enn fremur, **4** skráði, **5** viður, **7** lögreglumál, **10** lín, **13** trygg, **15** útstáelsi, **16** stórveldi, **19** fimmtíu og einn.

**LAUSN**

**Lárétt: 2** selt, **6** ós, **8** eir, **9** mat, **11** sé, **12** skatt, **14** aurar, **16** um, **17** úða, **18** sál, **20** il, **21** alin, **Lóðrétt: 1** lóms, **3** og, **4** listaði, **5** tré, **7** sakamál, **10** tau, **13** trú, **15** rall, **16** usa, **19** il.






VERSLUNARMANNAFÉLAGS SUÐURNESJA: LAUN STATISTA HJÁ EASTWOOD ERU FÁRÁNLEG

# 117% undir lágmarkstaxtanum

Mikil umræða hefur verið um réttindi þeirra fjölmörgu aukaleikara sem taka þátt í kvikmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, sem verður tekin upp hér á landi á næstunni.

Samningurinn sem þeir skrifuðu undir til að fá að leika í myndinni er í tólf liðum og hefur nú verið gerður opinber. Þar kemur meðal annars fram að skili þeir ekki þeim leikmunum sem þeir fá í hendurnar þegar tökur hefjast þurfi þeir að greiða sekt upp á tvær milljónir króna. Á meðal leikmunanna eru ýmiss konar vopn og aðrir fylgihlutir.

Einnig þurfa leikararnir, samkvæmt samningi Eskimo Models, sjálfir að sjá um að tryggja sig fyrir óhöppum sem kynnu að henda þá á meðan á tökum stendur.

Vitað er að leikararnir hafa fengið þjálfun í því hvernig þeir skuli haga sér í sjó með þungan poka á bakinu auk þess sem margir þeirra hafa fengið þjálfun í því að skjóta úr byssum með púðurskotum, en slík skot geta valdið meiðslum á fólki. Sprengingar verða einnig á tökustað sem gætu valdið skaða. Jafnframt fá leikararnir einungis borgaðar 5.000 krónur fyrir hvern dag sem þeir vinna við myndina.

„Miðað við þessi laun sem þau eiga að njóta eru þau 117% undir lágmarkstaxtanum hjá mér," segir Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja. „Þau eru ráðin sem verktakar og þurfa að skila gjöldum vegna þess. Eftir að þau hafa verið borguð er tímakaupið 348 krónur en samkvæmt okkar reglum þarf lágmarkskaup að vera upp á 623 krónur. Síðan ættu þau líka að vinna fjóra tíma með álagi því allt sem þú vinnur umfram átta tíma á að vera með álagi og þau vinna þarna 12 tíma vaktir," segir Guðbrandur.

„Fyrir utan þetta eiga að vera tryggingar inni í öllum kjarasamningum en þau eru látin bera þær sjálf og síðan eru þau skaðabótaskyld. Hvað gerist ef sá sem vinnur við hliðina á þér stelur frá þér? Þá ertu í slæmum málum. Þetta er fáránlegt og það væri betra fyrir krakkana að gera þetta launalaust," segir hann og bætir við: „Þá myndast engar kvaðir og þau þurfa ekki að borga tryggingagjald og í lífeyrissjóð því annars kemur álagning á næsta ári með fullum vöxtum. Það er bara grín að íslenskt fyrirtæki skuli hafa sig út í að bjóða þessa vitleysu. Þetta eru auðvitað leikarar en þeir eru ekki í neinu stéttarfélagi og njóta því engrar verndrar."

Guðbrandur hvetur þau ungmenni sem vilja rifta samningnum að hafa samband við félagið og það muni reyna að aðstoða þau eftir bestu getu.

Randver Þorláksson, leikari og formaður Félags íslenskra leikara, segir að ráðning fólks í myndina sé öndverð við það sem félagið telji að eigi að gera. Hann segir leikhús bera ábyrgðina ef leikari eyðileggi muni eða týni þeim nema menn séu viljandi að reyna að eyðileggja þá. „Mér finnst sorglegast að þeir eru ekki slysatryggðir. Þetta er óveruleg fjárhæð sem þeir fá og ég skil ekkert í þeim að fara í þetta.

Hver ætlar að greiða ef eitthvað kemur upp á?"

freyr@frettabladid.is



**CLINT EASTWOOD** Guðbrandur Einarsson, formaður Verslunarmannafélags Suðurnesja, hvetur íslenska aukaleikara í næstu mynd hans til að rifta samningum og endursemja með hjálp stéttarfélagsins.



**FLAGS OF OUR FATHERS** Kvikmyndin er byggð á atburðum sem áttu sér stað í síðari heimsstyrjöldinni þannig að mikið mun ganga á við tökur og því eins gott að vera með slysatrygginguna í lagi.











## REISUBÓKARBROT

FREYR GÍGJA BLAÐAMAÐUR ER Á LEIÐ Á RÁÐSTEFNU UM RÉTTINDABARÁTTU UNGS SAMKYNHNEIGÐS FÓLKS Í EVRÓPU.

# *Rómantík í Ölpunum*

Það var dumbungur yfir Liechtenstein í gærmorgun þegar ég vaknaði. Var reyndar svolítið seinn. Reyndi að kynnast íbúum Schaan en það er staðurinn sem ráðstefnan er haldin á. Fannst best að gera það á þorpskránni.

Ég byrjaði reyndar gleðina með ráðstefnugestum á gistiheimilinu þar sem sjálf ráðstefnan er haldin. Varð fyrir hughrifum. Ástin blómstraði í Ölpunum, það var nokkuð ljóst. Það var rómantík í loftinu. Fannst þetta fyrst mjög óvenjulegt en gerði mér síðan grein fyrir því að það var ég sem var „óvenjulegur" á þessum stað. Harry, hinn rúmenski, sagði mér að svona hefði honum liðið í mörg ár. Ég ákvað að fara niður í bæ. Kannski yrði ég líka heppinn í ástum enda gistiheimilið kannski ekki alveg rétti vettvangurinn.



Ég og velska stelpan, Sara, fengum far niður í miðbæ og komum okkur fyrir á Long John Bar í miðbæ Schaan. Þar sátu nokkrar hræður. Enginn frá Liechtenstein, bara nokkrir Austurríkismenn. Pantaði mér bjór og settist við hliðina á blondínu og eldri bróður hennar. Hún var að fara að byrja að vinna á þessum bar. Ég var í rómantískum hugleiðingum, hafði orðið fyrir áhrifum frá ráðstefnugestum. „Má ég bjóða þér í göngutúr um bæinn?" spurði ég eins og hann væri heimabærinn minn. Hélt kannski að Alparnir soguðu að sér rómantíkina og ástina. „Nei, ég er bara að fara að sofa en má ég fá númerið þitt?" svaraði hún eins og ég mætti eiga von á símtali frá henni í nánustu framtíð. Eitthvert kurteisislegasta nei sem ég hef fengið lengi. Gerði mér þá grein fyrir því að rómantíkin væri að blómstra í Ölpunum þessa stundina... bara ekki hjá mér. ■



**FREYR GÍGJA** reyndi að finna rómantíkina í Ölpunum.

# VERÐSTRÍÐ

## á málningavörumarkaðinum

**Þú getur sparað tugi þúsunda með því að kaupa málninguna á húsið hjá okkur!**




**DekaCryl 7**
Innimálning, 10 lítrar
**2.680,-**

**AlfaCryl**
Útimálning, 10 lítrar, allir ljósir litir
**2.890,-**

**Scala**
Þakmálning, 10 lítrar, allir litir
**5.260,-**

**Scala**
Þekjandi viðarvörn
5 lítrar
**3.495,-**



**Málningarbakki og -rúlla**
**529,-**



**Mako**
Pensill 3"
**99,-**




**DalaPro**
Spartl, medium, 3 l
**790,-**



**Málningarfata**
**199,-**







**Gerðu samanburð á verði og gæðum!**

# MÚRBÚÐIN

*Byggingavöruverslunin í Árbænum*

Klettháls 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000




Talstöðin
FM 90,9



BAKÞANKAR
JÓNS GNARR

## ÁTVR

Frá því að ég var tvítugur hef ég keypt áfengi í ÁTVR, bæði fyrir mig sjálfan og fyrir aðra. Fyrstu árin mátti ekki koma við flöskurnar og þær voru afgreiddar yfir borð. Svo var því breytt og þá mátti maður fara að labba um Ríkið og í staðinn fyrir fúllyndu gömlu karlana kom aðlaðandi afgreiðslufólk sem gat meira að segja mælt með ýmsum vínum.

**ÞAÐ** hefur oft farið í taugarnar á mér að ekki sé hægt að kaupa kalt vín í öllum verslunum ÁTVR. Sumt vín á að drekka kalt. Ég hef oft verið á leiðinni eitthvert og ætlað að kippa með mér kampavínsflösku, bjór eða hvítvíni, en alltaf er það sama sagan, það er hlandvolgt í Ríkinu. Bara um síðustu helgi var mér boðið í grillveislu, með stuttum fyrirvara. Ég fór í Ríkið og keypti kassa af volgum bjór sem enginn vildi svo. Einu sinni bað konan mín mig um að kaupa fjórar kampavínsflöskur til að taka með í brúðkaup. Til að kæla kampavínið setti ég það í frystikistuna því kampavín verður að vera kalt. Ég gleymdi kampavíninu og það fraus og flöskurnar sprungu.

**ÉG** get alveg sætt mig við að ÁTVR hafi einkaleyfi til vínsölu. En af hverju mega ekki vera kælar í verslunum ÁTVR til að koma til móts við neytendur? Ef maður kaupir vín í verslunum í útlöndum þá er bjórinn seldur kaldur. Ég efast um að ef Hagkaup fengi að selja bjór þá mundi það selja hann volgan. Ekki selja matvöruverslanir gos og pilsner volgt.

**ÞEGAR** byrjað var að framleiða brennivín á Íslandi var það kallað Svarti dauði. Það var út af svarta merkimiðanum á flöskunni en stefnan var að hafa umbúðirnar eins óaðlaðandi og hægt væri. Er þessi stefna kannski enn þá við lýði? Halda yfirmenn ÁTVR að ef þeir selji kalt vín muni fólk bara drekka meira af því?

**ÞEIR** sem skaða sig mest á áfengi eru alkóhólistar. Og þeim er alveg sama hvernig umbúðirnar líta út. Þeir hafa mestan áhuga á innihaldinu. Alkóhólistar drekka bjór þótt hann sé volgur.

**ÞESSI** skringilega stefna bitnar því mest á þeim sem síst skyldi, það er hinum almenna viðskiptavini sem langar til að drekka hvítvínið sitt kalt. Íslenskt góðviðri gerir oft ekki boð á undan sér og rjómablíða getur skollið á skyndilega. Þá er gaman að geta boðið til garðveislu. En þegar bjórinn er loksins orðinn kaldur er góða veðrið kannski farið.

jongnarr@frettabladid.is

GSM HEIMASÍMI INTERNET

Ég hringi heim, ég hringi í Gunna í London, ég hringi í konuna og sendi henni SMS.

**Allt þetta á 0 kr.**

**0 kr.**
**Vinur í útlöndum**

**120 mínútur** á mánuði úr **GSM** í heimasíma í einu af þeim 30 löndum sem Íslendingar eiga mest samskipti við.

Mánaðargjald **GSM** er 600 kr.

**0 kr.**
**GSM vinur**

Þú heldur áfram að tala við **GSM vin** fyrir 0 kr. á mínútuna í 60 mín. á dag og senda honum **30 SMS fyrir 0 kr.** á dag.

**0 kr.**
**Þegar þú hringir heim**

Þú hringir heim úr **GSM** símanum þínum án þess að greiða mínútugjöld í allt að **60 mínútur** á dag.

**Og1** lækkar verulega kostnað heimila sem eru með **GSM** áskrift, **Heimasíma** og **Internet** hjá **Og Vodafone.**
**Kynntu þér einnig ávinninginn fyrir Heimasíma og Internet.**

Og1

Komdu í verslun **Og Vodafone**, hringdu í **1414** eða smelltu þér á **www.ogvodafone.is** fyrir nánari upplýsingar og skráningu í **Og1**.

og vodafone
Heyrumst!

SPARI DAGAR
...í fjórum verslunum og hjá umboðsmönnum
2005 3.-20. ágúst

Pioneer
PIONEER DCS-222
HEIMABÍÓ



Tilboðsverð:
Kr. 39.900

SHARP
SHARP LC-20SH1E
LCD VEGGSJÓNVARP



Tilboðsverð:
Kr. 74.900

Tilboðsverð:
Kr. 89.000

AEG
AEG VEGGOFN
AEG HELLUR
OG HÁFUR



AIRFORCE F3
VEGGHÁFUR
ÚR STÁLI

AEG B3051-4M
VEGGOFN
ÚR STÁLI

AEG 6000K-MN
HELLUBORÐ MEÐ
TÖKKUM, STÁL

ORMSSON

LÁGMÚLA 8
Sími 530-2800
Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

SMÁRALIND
Sími 530-290
Opið virka daga frá 11-19
Laugardaga frá 11-18
Sunnudaga frá 13-18

SÍÐUMÚLA 9
Sími 530-280
Opið virka daga frá 9-18
Laugardaga frá 11-15

RADIONAUST
FURUVÖLLUM 5 • AKUREYRI • SÍMI 461 5000

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu